FRÉTTABLAÐIÐ

33. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 8. FEBRÚAR 2018

# Icelandair telur Hvassahraun mögulegt 2027

**Sé hratt gengið til verka gæti fyrsti áfangi nýs flugvallar í Hvassahrauni verið tilbúinn innan tíu ára. Þetta er mat Icelandair. Starfshópur um Reykjavíkurflugvöll vill hrinda tillögum Rögnunefndar af stað.**

**SAMGÖNGUR** „Reykjavíkurborg studdi niðurstöðu Rögnunefndarinnar. Ég geri ráð fyrir að hitta samgönguráðherra vegna málsins á næstu dögum og ræða málið í borgarráði. Ég á von á því að næstu skref skýrist í kjölfarið,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Starfshópur um framtíð Reykjavíkurflugvallar skilaði skýrslu sinni til samgönguráðherra nýverið. Í skýrslunni er lagt til að flugvallarskilyrði í Hvassahrauni verði fullkönnuð svo fljótt sem verða má og að tillögum Rögnunefndarinnar svokölluðu verði hrundið í framkvæmd.

> Ég geri ráð fyrir að hitta samgönguráðherra vegna málsins á næstu dögum og ræða málið í borgarráði
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



Í skýrslunni nú er lagt til að stofnað verði þróunarfélag um verkefnið með aðild ríkisins, Reykjavíkurborgar og annarra hagsmunaaðila. Verði því falið að gera ítarlega fjárhags- og viðskiptaáætlun fyrir nýjan flugvöll í Hvassahrauni þar sem andvirði landsins í Vatnsmýri yrði lagt til uppbyggingar hins nýja flugvallar.

„Undir öllum kringumstæðum verður að tryggja rekstraröryggi flugvallarins í Vatnsmýri og að ekki verði farið í frekari styttingar eða lokanir á brautum þar fyrr en nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar,“ segir í niðurlagi skýrslunnar.

Í skýrslunni er athugasemda Icelandair einnig getið. Félagið hefur undanfarið unnið að mati á kostum þess að byggja upp nýjan flugvöll í Hvassahrauni sem mögulega gæti þjónað sem aðalflugvöllur landsins. Er það mat félagsins að veðurskilyrði í Hvassahrauni séu betri en í Keflavík. Þá telur félagið að uppbyggingartími nýs flugvallar gæti verið um fimm ár. Fyrsti áfangi flugvallarins gæti verið tilbúinn til notkunar á árunum 2025-2027 ef gengið yrði hratt til verks. Félagið áætlar að kostnaður verið um 140 milljarðar hið minnsta en þó mögulegt að hann verði nær 200 milljörðum.

Starfshópurinn nú var skipaður af Jóni Gunnarssyni í september síðasta árs. Lögmaðurinn Hreinn Loftsson var formaður hennar en aðrir nefndarmenn voru áðurnefndur Dagur B. Eggertsson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir ráðgjafi, Linda Gunnarsdóttir flugstjóri, Róbert Guðfinnsson athafnamaður og Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu.

„Það er heilmikil vinna eftir áður en menn geta farið að ræða af alvöru að setja flugvöll í Hvassahraun. Til að sú umræða geti farið fram á málefnalegum nótum þarf að leggjast í þá vinnu,“ segir Jón Gunnarsson, fyrrverandi samgönguráðherra og fyrsti varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar þingsins.

Ekki náðist í Sigurð Inga Jóhannsson samgönguráðherra vegna málsins þar sem hann var önnum kafinn á fundum í Svíþjóð. – **jóe**




**Þessi ungmenni voru saman komin á blaðamannafundi í Kvennaskólanum í gær til þess að hrinda af stað átaki Stígamóta sem ber yfirskriftina Sjúk ást. Ætlunin er að varpa ljósi á óheilbrigð samskipti í samböndum meðal ungmenna og koma í veg fyrir ofbeldi. Skorað er á menntamálaráðherra að bæta kynfræðslu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sprenging í innflutningi á jarðarberjum

**VIÐSKIPTI** Innflutningur á ferskum jarðarberjum frá Bandaríkjunum fór úr rúmum 26 tonnum árið 2016 í rúm 465 tonn á síðasta ári. Sprenging varð einnig á innflutningi annarra berja milli ára sem rekja má beint til opnunar Costco í Kauptúni í maí síðastliðnum.

Berin hafa verið ein vinsælasta söluvara Costco frá opnun en innflutt magn af jarðarberjum á síðasta ári jafngildir því að hvert mannsbarn á landinu hafi látið 1,4 kíló af jarðarberjum ofan í sig. – **smj** / **sjá síðu 14-15**



## Mulletið er komið aftur

**LÍFIÐ** Aðdáendur mullet-klippingarinnar geta tekið gleði sína á ný því mulletið er víst komið aftur í tísku. Sú klipping var afar vinsæl á áttunda og níunda áratugnum. „Mér finnst mulletið klárlega komið til að vera og vonast til þess að sjá fleiri slíkar klippingar úti á götu,“ segir hárgreiðslukonan Jónína Ósk Jóhannsdóttir sem er hrifin af mulletinu og segir nýja útgáfu klippingarinnar vera að koma fram á sjónarsviðið. Hún segir góða útgeislun fara vel með mullet-klippingu. – **gha** / **sjá síðu 46**



**Herbert Guðmundsson**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason spyr hvort Alþingi sé okkar Trump. **17**

**SPORT** Njarðvík þarf að greiða rúma milljón í uppeldisbætur fyrir Kristin Pálsson. **28**

**MENNING** Orri Jónsson opnar í dag sýningu á ljósmyndaverkum í Gallery i8. **34**

**LÍFIÐ** Frönsku hjónin Emilie og Stéphane fluttu til Íslands síðasta sumar og hafa opnað kaffihús á horni Barónsstígs og Hverfisgötu. **44**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Suðvestan strekkingur með éljum, en léttskýjað á NA- og A-landi. Vægt frost. SJÁ SÍÐU 32

## Fjórar vikur í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir Sigurði Kristinssyni, sem grunaður er um fíkniefnainnflutning, um fjórar vikur á grundvelli almannahagsmuna. Áður hafði hann verið úrskurðaður í fimm daga gæslu.

Hann er grunaður um aðild að innflutningi fíkniefna frá Spáni sem falin voru í sendingu merktri Skáksambandi Íslands. Hann var handtekinn við komu til landsins í lok janúar. Alls sæta fjórir menn rannsókn vegna málsins.

Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að Sigurður sætti einnig rannsókn vegna gruns um þjófnað úr félagi sínu SS Húsum, sem tekið var til gjaldþrotaskipta 10. janúar. **– sks**

## Vel dúðaðir ferðamenn létu veðrið ekki á sig fá



Það var nokkuð dimmt og drungalegt um að litast í höfuðborginni í gærkvöldi. Það var hvasst í veðri, gekk á með éljum og hiti var nálægt frostmarki. Á ferðum sínum um bæinn rakst ljósmyndari Fréttablaðsins á þessa vel dúðuðu ferðamenn sem gengu niður Laugaveginn og reyndu allt sem þeir gátu til að láta veðrið ekki stöðva sig í því að taka inn allt það besta sem miðborg Reykjavíkur hefur upp á að bjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vilja skrá Marel erlendis

**VIÐSKIPTI** Tekjur Marels námu 295 milljónum evra á fjórða ársfjórðungi í fyrra, sem er nýtt met, og jukust um 48 milljónir evra á milli ára. Heildartekjur félagsins á árinu 2017 voru 1.038 milljónir evra og hækkuðu um 55 milljónir evra. Þá nam rekstrarhagnaður (EBIT) Marels á fjórðungnum 56 milljónum evra sem er um 20 prósentum meira en greinendur höfðu spáð. Í afkomutilkynningu sem Marel sendi frá sér í gærkvöldi kemur einnig fram að félagið hyggist kanna möguleika á skráningu í kauphöll erlendis. Leitað verði liðsinnis óháðra alþjóðlegra ráðgjafa við þá vinnu og greiningu á helstu skráningarkostum. Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, segir að fjórði ársfjórðungur hafi verið „góður endir á sterku rekstrarári.“ Pantanir hækkuðu um 13 prósent á milli ára og námu 1.144 milljónum evra yfir árið.“ Pantanabók Marels stóð í 472 milljónum evra í árslok 2017 samanborið við 350 milljónir evra árið áður. **– hae**



Árni Oddur Þórðarson


## MIKLAR HÆKKANIR

Fasteignamarkaðurinn hefur verið í mikilli uppsveiflu síðustu misserin, þar sem minni eignir seljast á mjög háu verði. Einnig eru stærri eignir farnar að seljast vel og verð á sérbýlum hefur hækkað talsvert á síðustu 15 mánuðum.

**Hvers virði er þín eign? Hafið samband og fáið frítt söluverðmat.**



LIND FASTEIGNASALA

Kristján Þórir Hauksson, löggiltur fasteignasali
kristjan@fastlind.is · Sími 696 1122


# Hátt í hundrað börn fá hjálp úr atvinnulífinu

**Grunnskólabörn sem dragast aftur úr í námi fá að taka hluta af námi sínu á vinnumarkaði. Ásókn í atvinnutengt nám hefur aukist. Verkefnið hvetur börn til frekara iðnnáms. Börnin geta unnið allt að fjórar klukkustundir á viku.**

**MENNTUN** „Ég byrjaði í ágúst og kann mjög vel við mig,“ segir Björgvin G. Ingibergsson. Hann er nemandi í 10. bekk Hvassaleitisskóla. Hluta úr skólatímanum starfar hann í versluninni Tölvutek. Þar hefur hann bæði fengið að vinna á verkstæðinu og í ráðgjöf við kúnna eftir hádegi á miðvikudögum. Hann segir hvort tveggja henta sér, en þó sé skemmtilegra í versluninni. „Mér líkar best við mig hér að hjálpa fólki. Ég spila rosalega mikið tölvuleiki og á auðvelt með að leiðbeina fólki að því sem það er að leita að hérna,“ segir hann.

Björgvin er þátttakandi í verkefninu Atvinnutengt nám sem Reykjavíkurborg býður upp á í samstarfi við atvinnulífið. Þar er nemendum gefið tækifæri á að kynnast atvinnulífinu. Markmiðið er að mæta þeim nemendum sem líður illa í skóla og eiga undir högg að sækja félagslega. Þá er markmiðið að bæta líðan nemenda, að styrkja sjálfsmynd þeirra og vinna með umhverfislæsi þeirra.

Börnin geta unnið allt að fjórar klukkustundir á viku, en ein klukkustund jafngildir 1,5 kennslustundum. Á hverjum vinnustað njóta þau leiðsagnar verkstjóra eða annarra starfsmanna.

Arna Hrönn Aradóttir, hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, er verkefnastjóri Atvinnutengds náms. „Það sem við erum að vinna í núna er að fá meira samstarf við atvinnulífið af því að núna er ég með 25 krakka á biðlista og ég fæ ekki pláss fyrir þau. Mig vantar fleiri fyrirtæki.“ Núna eru 85 grunnskólabörn í Atvinnutengdu námi og hefur eftirspurn aukist verulega eftir áramót.

„Þetta er oftast mætingarvandi og það er skólaleiði hjá 9. og 10. bekk. Börnin einangrast félagslega og þetta er kvíði,“ segir Arna um ástæður þess að nemendur sækja í þetta úrræði. Börnin þurfi að fá tækifæri til að efla sig á öðrum vettvangi en í skólanum. Reykjavíkurborg greiðir nemendunum fyrir vinnuna og fær nemandi í 9. bekk 600 krónur en nemandi í 10. bekk fær 800 krónur.

Fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu með því að bjóða börnum vinnu eru fjölbreytt. Arna segir athuganir benda til þess að nemendur sem þiggja þetta úrræði hafi valið að fara í iðnnám að lokum grunnskóla frekar en að hætta í skóla. „Kokkanám, bifvélavirkjun, málmsmíði og þar fram eftir götunum,“ segir hún.

**jonhakon@frettabladid.is**




Björgvin Ingibergsson starfar hjá Tölvuteki eftir hádegi á miðvikudögum og kann því vel. Fyrirtækin sem taka þátt eru fjölbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Dæmi um þátttakendur í verkefninu

- Þjóðleikhúsið
- Bauhaus
- Byko
- Bónus
- Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
- Leikskólar Reykjavíkur
- Byggingaverktakar
- Tölvufyrirtæki
- Borgarleikhúsið

DISCOVERY SPORT SE+

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

landrover.is

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND




ENNEMM / SÍA / NM86038

## LAND ROVER DISCOVERY SPORT SE+
## VERÐ: 6.890.000 kr.

Búnaður SE+ útgáfu: 18" álfelgur, 9 þrepa sjálfskipting, stillanlegt Terrain Response drifkerfi, leður-/tausæti, leiðsögukerfi, upphitað stýrishjól, sæti og framrúða, rafdrifin framsæti, þokuljós, bakkmyndavél, armpúðar á milli framsæta og dráttarkrókur.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Grunaður um ítrekað ofbeldi gegn fyrrverandi sambýliskonu

**DÓMSMÁL** Landsréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir manni sem var handtekinn í janúar grunaður um ofbeldi gegn fyrrverandi sambýliskonu sinni og að hafa haft í hótunum við hana.

Segir í úrskurðinum að maðurinn hafi ráðist á konuna í verslun í Reykjavík, ýtt henni upp að vegg og rifið í hár hennar svo lokkur rifnaði. Konan var í uppnámi þegar lögreglu bar að garði og sagðist óttast manninn. Var hún í kjölfarið flutt á slysadeild vegna verks í hægra eyra og höfuðleðri. Maðurinn var á bak og burt þegar lögregla kom í verslunina en var stuttu síðar handtekinn í Garðabæ. Þá játaði maðurinn að hafa ráðist á konuna.

Maðurinn var með nálgunarbann á sér gagnvart konunni sem framlengt var í desember. Hafði konan dvalið í Kvennaathvarfinu og óttaðist að maðurinn myndi ofsækja hana yrði bannið ekki framlengt.

Þá er maðurinn grunaður um fyrri brot gegn konunni, meðal annars þegar hún var ófrísk að barni þeirra. Eftir fæðingu þess hafi komið upp atvik þar sem maðurinn hélt konunni og sló hana ítrekað í andlitið.

Í úrskurðinum kemur fram að maðurinn hafi hlotið fjögurra mánaða fangelsisdóm árið 2016 með skilorði til tveggja ára fyrir fíkniefnalagabrot. Er það mat lögreglu að maðurinn hafi rofið skilorð sitt með því að standa ekki við skilyrði sem sett voru í héraðsdómi. – **dfb**



**Maðurinn braut nálgunarbann gegn konunni.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Annar tveggja vígslubiskupa er í Skálholti.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þrír í kjöri til vígslubiskups

**TRÚFÉLÖG** Þrír prestar sem hlutu flestar tilnefningar í rafrænni könnun meðal 136 presta og djákna sem atkvæðisrétt hafa verða í kjöri til vígslubiskups í Skálholti.

Séra Eiríkur Jóhannsson í Háteigskirkju hlaut 51 tilnefningu, séra Kristján Björnsson á Eyrarbakka, sem er formaður Prestafélags Íslands, hlaut 44 tilnefningar og séra Axel Árnason í Njarðvík fékk 42. Póstkosning hefst 9. mars og lýkur 21. mars. „Framkvæmd og fyrirkomulag kosningarinnar verður auglýst nánar síðar,“ segir á vef þjóðkirkjunnar.

Alls nýttu 93 rétt sinn til tilnefningar og nefndu þeir samtals 42 einstaklinga. – **gar**

## Veitur í gáma vegna myglu

**AKRANES** Skipulags- og umhverfisráð Akraness samþykkti á fundi sínum í vikunni að veita Veitum ohf. tímabundið byggingarleyfi til að koma fyrir sjö 20 feta gámum á lóð núverandi húsnæðis fyrirtækisins.

Um er að ræða skrifstofugáma sem hýsa skrifstofu, kaffi- og snyrtiaðstöðu starfsmanna vegna myglu sem fannst í húsnæði Veitna.

Grunsemdir um myglu vöknuðu síðastliðið haust og var húsnæðið rýmt. Veitur ohf. er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur en mygla og rakaskemmdir hafa leikið höfuðstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík grátt. – **smj**

# Fyrrverandi samkennarar segja aðför gerða að skólastjóra

**Þrjár konur sem áður störfuðu í Breiðholtsskóla segja aðför að núverandi skólastjóra hafa áhrif á skólabraginn. Flestir bogni undan því þegar vegið sé að þeim á grimmilegan og órökstuddan hátt. Til að bjarga sinni eigin heilsu hverfi margir til annarra starfa. Nú sé tímabært að gefa kennurum og stjórnendum vinnufrið.**

**SKÓLAMÁL** „Okkur fyrrverandi starfsmönnum Breiðholtsskóla er misboðið að lesa í blöðum grimmar árásir á gott skólastarf á fyrrverandi vinnustað okkar,“ segja þrjár konur sem allar eru fyrrverandi starfsmenn við Breiðholtsskóla.

Í Fréttablaðinu 29. janúar gagnrýndi Silja Andradóttir, móðir stúlku sem hætti í 9. bekk í Breiðholtsskóla í haust, óstöðugleika í skólastarfinu. Þótt kennararnir séu frábærir þá stoppi þeir stutt við í starfi. „Þá hlýtur eitthvað að vera að hjá stjórnendum skólans,“ sagði Silja. Skólastjórinn hefur fengið á sig harða gagnrýni.

Þær Gyða Kristmannsdóttir, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Ingibjörg María Aadnegard segjast vilja koma Breiðholtsskóla og Jónínu Ágústsdóttur skólastjóra til varnar. Gyða var deildarstjóri og aðstoðarskólastjóri í afleysingum, Siggerður kenndi á miðstigi og Ingibjörg var sérkennari í Breiðholtsskóla.

„Við hörmum aðför að skólastjóra, sú aðför hefur áhrif á skólabraginn. Jákvæður skólabragur skiptir öllu máli,“ segja Gyða, Siggerður og Ingibjörg í sameiginlegri yfirlýsingu til Fréttablaðsins.

„Þegar stjórnendur og kennarar upplifa slíkt varnarleysi og að þeim er vegið á grimman hátt í dagblöðum landsmanna, stundum með rökleysu, jafnvel röngum ályktunum, bogna flestir. Til að bjarga eigin heilsu og annarra þá er því miður staðreynd að margir hverfa til annarra starfa. Það er meðal annars ástæða fyrir brottför okkar úr Breiðholtsskóla,“ segja konurnar þrjár.

Þær undirstrika að það sem byggi gott skólasamfélag sé nemendur, kennarar, foreldrar og annað starfsfólk með samvinnu, traust og gagnkvæma virðingu að leiðarljósi. Nærsamfélagið sé einnig hluti af samstarfinu. Byggðin í neðra Breiðholtinu sé eins og lítill kjarni sem umvefji skólasamfélagið.

> **Er ekki tímabært að það fólk sem rakkað hefur niður og skaðað þannig skólastarfið líti í eigin barm?**
>
> Gyða Kristmannsdóttir, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Ingibjörg María Aadnegard

„Í þessu skólasamfélagi mætti þó ríkja meiri samstarfsvilji og eining, meðan svo er ekki verða hlutirnir snúnir. Er ekki tímabært að það fólk sem rakkað hefur niður og skaðað þannig skólastarfið líti í eigin barm? Hætti nú og geri sér grein fyrir að það er ekki skólastjóri einn sem byggir skólastarfið. Í tíð núverandi skólastjóra hefur verið lyft grettistaki í að bæta aðbúnað nemenda og kennara,“ segja Gyða, Siggerður og Ingibjörg.

„Er ekki tímabært að stoppa og veita kennurum og stjórnendum vinnufrið, þetta eru góðir fagmenn og hafa verið að gera góða hluti,“ segja þær. Þeirra upplifun sé sú að í Breiðholtsskóla sé unnið að faglegum metnaði barnanna, þar séu góðir námsmenn og glæsileg ungmenni sem njóti fjölbreytts skólastarfs.

„Talið saman af virðingu og metnaði fyrir hönd skólans og um skólann því það á skólinn sannarlega skilið, nemendur og allt það starfsfólk sem þar starfar. Kveikjum því á kerti fremur en að kvarta yfir myrkrinu.“

gar@frettabladid.is



**Siggerði Ólöfu Sigurðardóttur, Gyðu Kristmanndóttur og Ingibjörgu Maríu Aadnegard misbýður niðurrifstal um Breiðholtsskóla.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




PROFESSIONAL

SÉRTILBOÐ Á FIAT DOBLO

Flutningsrými 3.4m³
Burðargeta 750kg
Verð með aukahlutum
3.225.000 kr. m/vsk.

Tilboðsverð með aukahlutum
1.999.000 kr án vsk.
2.478.760 m/vsk.

5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ

**STAÐALBÚNAÐUR:** 1,3l, 95 hö. dísel, stigalúga, loftkæling, Bluetooth, snertiskjár, hiti í sætum og hliðarspeglum, aðgerðarstýri o.fl.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.fiatprofessional.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



# FERMINGAR tilboð

**GJÖF FYLGIR FERMINGARRÚMUM**



Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum





## VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstun.
Verð með botni og fótum.

90x200 cm
**Verð aðeins kr. 69.900.-**
100x200 cm
**Verð aðeins kr. 72.900.-**
120x200 cm
**Verð aðeins kr. 79.900.-**
140x200 cm
**Verð aðeins kr. 89.900.-**
153x203 cm
**Verð aðeins kr. 99.900.-**

## Memory Deluxe

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna
sem veitir fullkominn stuðning.

**Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann**

Cool Memory efnablandan aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Öll verð eru með og fótum

120x200 cm
**Verð aðeins kr. 109.900.-**
140x200 cm
**Verð aðeins kr. 129.900.-**
160x200 cm
**Verð aðeins kr. 139.900.-**

## SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum
Verð með botni og fótum

120x200 cm
**Verð aðeins kr. 109.900.-**
140x200 cm
**Verð aðeins kr. 129.900.-**
153x203 cm
**Verð aðeins kr. 134.900.-**

**Sængur og koddar** - Mikið úrval

20% afsl. | Flott fermingar-gjöf



**Heilsukoddar** - Mikið úrval

Flott fermingar-gjöf



**Náttsloppar og sængurföt**
Mikið úrval - Flottar fermingargjafir



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa ★★★★★

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




## Snævi þakinn Spánn



Spænsk kona sést hér klofa snjó í Leon í heimalandinu. Gífurleg ofankoma hefur verið í flestum héruðum landsins undanfarna daga. Hefur færð spillst og skólahald víða legið niðri vegna þessa. Veðurfræðingar gera ráð fyrir því að síðasta fönnin hafi fallið í gær og að snjór og ís muni hopa á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Níddist á börnum en starfar sem ökukennari

**Ökukennari, sem dæmdur var í Hæstarétti um miðjan tíunda áratuginn fyrir barnaníð gegn stjúpdætrum sínum sem stóðu yfir í á fimmta ár, hefur starfað sem ökukennari í tugi ára. Ekki gerð krafa til ökukennara um hreint sakavottorð.**

**SAMFÉLAG** Maður, sem dæmdur var fyrir að níðast á stjúpdætrum sínum um miðjan tíunda áratuginn, hefur alla tíð haft réttindi til að starfa sem ökukennari þar sem kennari situr einn í bifreið með nemanda sínum.

Maðurinn var kærður og dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdætrum sínum sem stóðu yfir í langan tíma. Voru brot hans talin stórfelld og alvarlegs eðlis.

Brotin áttu sér stað frá síðari hluta ársins 1982 allt fram í ársbyrjun 1987. Var hann dæmdur fyrir að hafa farið höndum um kynfæri stúlknanna beggja margsinnis og ítrekað, sett fingur sinn í þau, sleikt kynfæri þeirra og nuddað lim sínum milli fóta þeirra svo honum varð sáðfall.

Allt frá þessum tíma hefur maðurinn starfað sem ökukennari og er félagi í Ökukennarafélagi Íslands. Sýslumaður löggildir ökukennara að uppfylltum skilyrðum og að fenginni umsögn Samgöngustofu. Veita má löggildingu þeim sem er orðinn 21 árs, hefur ekið bíl í þrjú ár og hefur staðist próf fyrir ökukennara. Ekki er krafist hreins sakavottorðs eða vammleysis.



Ökukennarar þurfa ekki að sýna fram á hreint sakavottorð þrátt fyrir að þeir vinni náið með börnum í einrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hins vegar er heimilt að synja einstaklingum um löggildingu réttinda ef afbrot er þess eðlis að einstaklingur gæti framið aftur brot vegna stöðu sinnar. Þegar brot er stórfellt má einnig svipta mann þessum réttindum. Það hefur ekki verið gert í þessu tilviki og starfar hann enn sem ökukennari.

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, segir börn eiga að njóta vafans. „Við viljum sjá að eftirlit sé með bakgrunni þeirra sem vinna náið með börnum hér á landi. Og það á við um allar þær stéttir sem vinna með börnum,“ segir hún.

Björgvin Þór Guðnason, formaður Félags ökukennara á Íslandi, segir það keppikefli félagsins að stuðla að því að allir hlutir séu í lagi. Nú í þeirri byltingu sem ríður yfir sé verið að skoða allar starfsstéttir og sögur að koma upp á yfirborðið.

Honum var ekki kunnugt um að svona væri í pottinn búið þegar blaðamaður náði tali af honum. „Við viljum hafa allt okkar á hreinu. Sýslumenn veita heimildina eftir ákveðnum reglum og Samgöngustofa hefur ákveðið eftirlit. Við erum fagfélag og það er ekki skylda að allir ökukennarar séu í okkar félagi. Ökukennarar vinna í einrúmi með einstaklingum og því skiptir miklu máli að reglurnar og eftirlitið sé skýrt,“

Hæstiréttur dæmdi árið 2009 annan ökukennara fyrir barnaníð gegn drengjum sem stóð yfir í nokkur ár. Maðurinn flutti fljótlega úr landi og hefur ekki starfað hér á landi síðan samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. **sveinn@frettabladid.is**




24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Þegar ráðherrarnir láta sér ekki segjast

**Dómsmálaráðherrum hefur gengið misvel að skipa dómara með löglegum hætti undanfarna áratugi. Gildandi lög gera ráð fyrir að allir þrír valdþættir ríkisvaldsins komi að skipun dómara en það virðist ekki duga til. Óvissa ríkir um hið nýja dómsstig Landsrétt.**

**DÓMSMÁL** Margir spyrja sig að því um þessar mundir hvað valdi því að jafn illa gangi að skipa dómara með farsælum hætti eins og raun ber vitni enda gengið á ýmsu í þeim efnum undanfarna áratugi. „Til að fá einhvern skilning á þessu held ég það þurfi að fara alla leið aftur á tíunda áratug síðustu aldar eða allavega aftur til aldamóta,“ segir Skúli Magnússon, héraðsdómari og fyrrverandi formaður Dómarafélags Íslands, og segir breytinguna sem gerð var um skipun dómara árið 2010 ekki hafa verið gerða að ástæðulausu.

Við setningu dómstólalaganna frá 1998 hafði ráðherra töluvert svigrúm við skipun dómara að fenginni umsögn Hæstaréttar, sem mat hæfi og hæfni dómaraefna við réttinn, og sérstakrar dómnefndar sem mat hæfni umsækjenda um stöðu héraðsdómara. Umdeildar skipanir, til að mynda skipun Ólafs Barkar Þorvaldssonar í Hæstarétt árið 2003 og skipun Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara árið 2008, rötuðu bæði til umboðsmanns Alþingis og Hæstaréttar. Í báðum tilvikum var farið gegn hinum lögbundnu umsagnaraðilum og var ráðherra ekki talinn hafa uppfyllt rannsóknarskyldu sína.

Það var ekki fyrr en 2010, í tíð Rögnu Árnadóttur að ráðist var í breytingar á lagaákvæðum um skipun dómara. Í skýrslu nefndar sem fengin var til að undirbúa breytingarnar var þó talið óþarft að ráðherra yrði beinlínis gert skylt að fara að tilmælum dómnefndar og vísað til framkvæmdarinnar á Norðurlöndunum: „Sú leið hefur heldur ekki verið farin í Danmörku og Noregi en þar er álitið nær óhugsandi að ráðherra fari gegn áliti nefndarinnar þótt ekki sé það bindandi.“

Í tíð þarsíðustu ríkisstjórnar var aftur hafin vinna af fullum krafti við að koma á millidómstigi. Í frumvarpi sem undirbúið var í dómsmálaráðuneytinu má sjá að ráðherra hugðist bakka með þær breytingar sem gerðar voru árið 2010 og auka svigrúm ráðherra að nýju og færa reglurnar aftur í gamla farið. Frumvarpið var hins vegar aldrei lagt fram á Alþingi í þeirri mynd, enda þessum fyrirætlunum mótmælt harðlega af helstu umsagnaraðilum þess.

Með nýjum lögum um dómstóla sem samþykkt voru 2016 var fyrirkomulagið sem komið var á 2010 fest í sessi í meginatriðum. Og enn og aftur fer ráðherra gegn tillögu dómnefndar án þess að uppfylla rannsóknarskyldu sína. Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að skipun dómara við Landsrétt hafi ekki verið í samræmi við hin nýju lög og óvissa ríkir um gildi þeirra úrskurða og dóma sem Landsréttur hefur nú hafist handa við að kveða upp.

Aðspurður um hvernig þeirri réttaróvissu sem af þessu leiðir verði eytt segir Skúli Hæstarétt muni skera um það. „Henni verður væntanlega eytt með úrlausn Hæstaréttar sem sker þá úr um það hvort annmarkar við skipun þessara tilteknu dómara leiði til þess að dómurinn sé ekki löglega skipaður með þessa dómara innanborðs, segir Skúli og vísar til sömu stöðu sem var uppi í máli Evrópudómstólsins sem vitnað er til í umræðunni. Hin leiðin væri þá sú að krefjast ómerkingar áfrýjaðs dóms,“ segir Skúli.

Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að dómurinn sé ekki löglega skipaður með þessa dómara innanborðs segir Skúli að væntanlega þurfi þá að hefja nýtt skipunarferli.

Um ferlið eins og það er í dag segir Skúli það gera ráð fyrir því að allir handhafar ríkisvaldsins geti komið að skipunarferlinu en enginn þeirra fari með algert vald.

„Umsagnarnefndin er ekki valdameiri en svo að ráðherra getur vikið frá tillögum hennar. Ráðherra er ekki valdameiri en svo að hann verður að bera tillögurnar undir Alþingi. Alþingi er svo aftur ekki valdameira en svo að það verður að vinna út frá tillögum ráðherra sem taka þá mið af vinnu hinnar faglegu stjórnsýslu. Svo skulum við ekki útiloka fjórða aðilann sem er forseti Íslands sem við getum sagt að sé hinn endanlegi öryggisventill á allt ferlið.“

**adalheidur@frettabladid.is**



**Formaður Dómarafélagsins segir að í Danmörku og Noregi sé nær óhugsandi að ráðherra fari gegn áliti nefnda við skipan dómara.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

## Allir handhafar ríkisvalds koma að skipun dómara

**Dómsvald:** Fagleg umsagnarnefnd, meðal annars fulltrúar dómsvalds meta hæfi og hæfni umsækjenda og gera tillögu.

**Framkvæmdarvald:** Ráðherra er hinn raunverulegi handhafi skipunarvalds

**Löggjafarvald:** Alþingi staðfestir tillögu ráðherra ef hann bregður frá tillögum nefndarinnar.

**Öryggisventill:** Forseti Íslands fer með formlegt skipunarvald en getur mögulega skorist í leikinn.


RENAULT
Passion for life

TVÆR NÝJUNGAR
RENAULT KANGOO

Renault atvinnubílar hafa slegið í gegn með hagstæðu verði og ríkulegum búnaði.
Nú bjóðum við tvær spennandi nýjungar á þessum vinsæla sendibíl.
Kangoo með dísilvél og **sjálfskiptingu** og Kangoo EV með stærri rafhlöðu.

www.renault.is




100% RAFMAGN
RENAULT KANGOO RAFBÍLL
NÝ STÆRRI RAFHLAÐA - 33 KWH
UPPGEFIN DRÆGNI 270 KM**
Verð: 3.750.000 kr.

RENAULT KANGOO
DÍSIL, 1,5 L, 90 HESTÖFL.
NÚ Í FYRSTA SINN **SJÁLFSKIPTUR**
Verð: **2.379.000** kr. án vsk.
2.950.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

ENNEMM / SÍA / NM85918

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



ÍSLENSK FJÖLSKYLDUMYND
KOMIN Í BÍÓ
„Teiknimyndin um Lóa
er ákaflega falleg ...“
Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
LÓI
ÞÚ FLÝGUR ALDREI EINN
© GunHil / Cyborn 2018 - All rights reserved
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
BORGARBÍÓ

# Bankar líti ekki á fjártækni sem ógn

**Ráðgjafi hjá Deloitte í Lundúnum segir að landslagið á fjármálamörkuðum eigi eftir að breytast verulega með nýrri reglugerð um greiðsluþjónustu. Bankar verði að nýta tækifærið og leita eftir samstarfi við tæknifyrirtækin sem séu í betra sambandi við neytendur.**

Fríða Jónsdóttir, ráðgjafi hjá Deloitte í Lundúnum, segir að bankar eigi ekki að horfa á þær breytingar sem ný reglugerð Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu, sem jafnan er kennd við PSD2, mun hafa í för með sér sem ógn. Þeir verði þess í stað að nýta tækifærið og reyna að vinna með stóru tæknirisunum.

„Bankar munu alltaf bjóða upp á fjármálavörur sem tæknifyrirtækin geta ekki og vilja ekki bjóða upp á, því það er ekki hagkvæmt fyrir þau.“ Ráð sé fyrir banka að leita eftir samstarfi við tæknifyrirtækin, sem séu í betra sambandi við viðskiptavininn, og nýta sér það til þess að koma sínum vörum á framfæri.

Fríða mun halda erindi á fundi Fjármálaeftirlitsins um þróun og framtíð fjártækni (e. fintech) á föstudag.

Innleiðing umræddrar reglugerðar í íslenskan rétt samhliða örri þróun stafrænnar tækni er talin munu gerbreyta umhverfi íslensks fjármálamarkaðar og leiða til byltingar í fjármálaþjónustu áður en langt um líður.

Fríða segir að á síðustu árum hafi fjölmörg nýsköpunarfyrirtæki á sviði fjártækni sprottið upp sem geta boðið upp á að mörgu leyti skilvirkari og hagkvæmari fjármálaþjónustu en bankar hafa hingað til gert. „Þessi fyrirtæki eru að breyta viðhorfi almennings til fjármálamarkaða en þau hafa samt ekki tekið til sín stóra markaðshlutdeild. Það er erfitt fyrir lítið fyrirtæki að ætla að hrifsa til sín stóran hluta markaðarins, sérstaklega þegar kemur að fjármálakerfinu, enda er fólk að jafnaði mjög tregt til þess að skipta um banka.

> **Tæknifyrirtækin þekkja okkur mjög vel, eru risastór, mjög fjársterk og hafa sum hver fengið bankaleyfi.**
>
> Fríða Jónsdóttir, ráðgjafi hjá Deloitte í Lundúnum





**Með tilkomu nýrra fjártæknilausna og Evrópureglugerðar er talið að bankastarfsemi muni gerbreytast á næstu árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

En ef við lítum til stórra tæknifyrirtækja á borð við Amazon, Apple, Facebook og Google, þá er ljóst að þessi fyrirtæki búa yfir gríðarmiklum upplýsingum um notendur sína, miklu meiri upplýsingum en bankar búa yfir um sína viðskiptavini. Fólk virðist vera meira til í að veita þessum fyrirtækjum upplýsingar um sjálft sig heldur en til dæmis bönkum, sérstaklega eftir fjármálakreppuna.

Þessi tæknifyrirtæki þekkja okkur þannig mjög vel, eru risastór, mjög fjársterk og hafa sum hver fengið bankaleyfi. Þegar þau fá síðan – í gegnum PSD2-reglugerðina – aðgengi að innlánsreikningum viðskiptavina banka geta þau sótt fram og farið að veita fólki þá þjónustu sem bankar hafa vanalega veitt.“

Ólíkt nýsköpunarfyrirtækjunum séu stóru tæknifyrirtækin í aðstöðu til að taka til sín stóra sneið af markaðinum og í raun breyta hefðbundnu viðskiptamódeli fjármálafyrirtækja.

Aðspurð segir Fríða að stjórnvöldum sé ákveðinn vandi á höndum. Annars vegar þurfi þau að skapa frjótt umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í geiranum en hins vegar verði þau að gæta þess að fjártæknibyltingin leiði ekki til aukinnar hættu fyrir neytendur.

„Aðalhlutverk stjórnvalda er að passa upp á að hagsmuna neytenda sé gætt. Nýsköpun og aukin samkeppni á fjármálamörkuðum stuðlar auðvitað að því að neytendur fái bestu mögulegu þjónustu en stjórnvöld þurfi þó að gæta þess að nýsköpunin beri ekki öryggið ofurliði. Það þarf að vera ákveðið jafnvægi þarna á milli.

Bresk stjórnvöld hafa verið mjög framsækin í þessum efnum og voru til dæmis fljót að koma á fót sérstöku „sandkassaumhverfi“ fyrir fjártæknifyrirtæki þar sem þau geta prófað sig áfram og séð hvað virkar. Öll vinna stjórnvalda hefur miðað að því að auka gagnsæi og samkeppni í fjármálakerfinu þannig að neytandinn geti fengið betra verð og betri vörur.“

Á sama tíma verði stjórnvöld að hafa í huga þá hættu sem fjártæknilausnir geti haft í för með sér. Afleiðingarnar geti orðið afdrifaríkar ef illa fer. **kristinningi@frettabladid.is**



Kjörís

MJÚKÍS ÁRSINS 2018

# Komdu að smakka



Mjúkís

MEÐ
SVÖRTU KREMKEXI

Mjúkís ársins 2018 er silkimjúkur vanilluís með stökku, svörtu kremkexi. Komdu og smakkaðu þessa kærkomnu viðbót í Mjúkísfjölskylduna í Fjarðarkaupum í dag, 8. febrúar frá kl. 15–17.

# Enn teygist á valdatíð Angelu Merkel

**Jafnaðarmenn og Kristilegir demókratar í Þýskalandi hafa gert samkomulag um stjórnarmyndun. Merkel mun deila öðru sætinu á lista yfir þá kanslara sem þjónað hafa lengst með Helmut Kohl, sitji hún allt kjörtímabilið. Kristilegir demókratar þykja hafa gefið eftir og Jafnaðarmannaflokkurinn fær fjármálaráðuneytið.**



Kanslaratíð Angelu Merkel verður líklegast orðin sextán ára löng þegar næstu kosningar fara fram, en hún heldur sæti sínu sem kanslari. NORDICPHOTOS/AFP

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel mun halda sæti sínu sem kanslari Þýskalands eftir að flokkur hennar, Kristilegir demókratar (CDU/CSU), komst að samkomulagi um stjórnarmyndun við Jafnaðarmannaflokkinn (SPD). Flokkarnir störfuðu einnig saman á nýliðnu kjörtímabili og nú, nærri fimm mánuðum eftir þingkosningar, þykir ljóst að það samstarf sé ekki á enda þrátt fyrir kosninganæturfullyrðingar Martins Schulz, leiðtoga SPD, um að flokkur hans ætlaði að vera í stjórnarandstöðu á kjörtímabilinu.

Ef ríkisstjórnin, hið svokallaða Große Koalition, eða stórbandalag, heldur út kjörtímabilið verður Merkel því kanslari til 2021 hið minnsta. Á þeim tímapunkti væri Merkel búin að sitja í sextán ár. Sé litið til forvera hennar myndi Merkel deila öðru sætinu yfir þá kanslara Þýskalands, og forvera þess, sem hafa setið lengst. Einungis Otto von Bismarck sat lengur, hann vantaði einn dag upp á að hafa setið 23 ár. Í næstu sætum koma svo þeir Konrad Adenauer sem sat 14 ár og Adolf Hitler sem sat 12 ár. Fjórtán dagar eru í dag þar til Merkel hrifsar fjórða sætið af nasistanum.

Þegar ljóst var á kosninganótt að það stefndi í strembna stjórnarmyndun lýstu margir stjórnmálaskýrendur því yfir að þrátt fyrir kosningasigurinn stefndi í ærið verkefni fyrir kanslarann. Það verkefni varð svo enn erfiðara þegar stjórnarmyndunarviðræður um svokallað Jamaíkubandalag við Frjálslynda demókrata og Græningja gengu ekki upp. SPD höfðu áður sagst ekki ætla að vera með og ótækt þótti að mynda stjórn með þjóðernishyggjumönnunum í AfD. Svo virtist sem kosningar væru á næsta leiti.

En nú hefur tekist að hamra saman stjórn og bíða Schulz og Merkel einungis eftir því að flokksmenn samþykki samstarfið. Meiri óánægja hefur verið innan raða SPD um áframhaldandi samstarf en greinendum BBC þykir líklegt að flokksmenn samþykki að framlengja líf stórbandalagsins vegna þess hve hagstætt samkomulagið er flokknum. Meirihluti 463.000 flokksmanna þarf að samþykkja samstarfið og er

**» Martin Schulz, leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins, ætlar að láta af formennsku til að taka við utanríkisráðuneytinu.**

búist við því að atkvæðagreiðsla standi yfir fram í mars.

Jafnaðarmenn fá meðal annars fjármála- og efnahagsráðuneytið, utanríkisráðuneytið og vinnumálaráðuneytið samkvæmt hinu nýja samkomulagi. Reuters greindi frá því að líklegt þyki að innkoma SPD í fjármála- og efnahagsráðuneytið muni þýða breytingar á evrusvæðisstefnu Þýskalands. Muni Þjóðverjar ekki lengur einblína á niðurskurð skuldugra ríkja innan evrusvæðisins.

Þá þykir einnig líklegt að áform um að verja milljörðum evra í menntamál, heilbrigðismál og varnarmál muni friða SPD-liða. Þess vegna héldu greinendur Politico því fram í gær að ólíklegt væri að SPD hafni samkomulaginu. Flokkurinn er hins vegar í mikilli lægð, mælist í um 17 prósentum. Samkvæmt erlendum miðlum ætlar Schulz að láta af formennsku til að taka við utanríkisráðuneytinu og mun Andrea Nahles taka við formannssætinu. **thorgnyr@frettabladid.is**






Miguna Miguna og Raila Odinga á „innsetningarathöfninni“. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Rekinn úr landi eftir innsetningu Odinga

**KENÍA** Ríkisstjórn Uhuru Kenyatta í Keníu vísaði í gær stjórnarandstæðingnum Miguna Miguna úr landi, kom honum upp í flugvél og sendi til Hollands, þaðan til Kanada. Miguna kveðst vera með tvöfaldan ríkisborgararétt, keníska og kanadíska, en hann var rekinn úr landi fyrir að hafa komið að óopinberri, táknrænni innsetningarathöfn stjórnarandstæðingsins og fyrrverandi forsetaframbjóðandans Raila Odinga á dögunum.

Miguna leiðir Mótstöðuhreyfingu kenísku þjóðarinnar, samtök sem ríkisstjórnin lýsti yfir þann 30. janúar að væru skipulögð glæpasamtök. Hann var handtekinn í síðustu viku en þegar mál hans fór fyrst fyrir dóm skipaði dómari yfirvöldum að sleppa Miguna. Það var ekki gert, þess í stað var Miguna aftur dreginn fyrir dóm í smábæ, um sextíu kílómetrum frá höfuðborginni, sakaður um að lýsa því yfir að ætla að fremja lögbrot.

Hæstiréttur ríkisins fyrirskipaði svo á þriðjudagskvöld að Miguna yrði sleppt úr haldi og að ákærur á hendur honum yrðu settar á ís þar til lögreglumenn kæmu með hann

**» Miguna leiðir Mótstöðuhreyfingu kenísku þjóðarinnar, samtök sem ríkisstjórnin lýsti yfir þann 30. janúar að væru skipulögð glæpasamtök.**

á ný fyrir dómstól í Naíróbí. Það gerðist ekki og var Miguna sendur úr landi eins og áður segir.

„Þessi ólögmæta harðstjórn neyddi mig um borð í flug KLM frá Naíróbí til Amsterdam og þverbraut þannig gegn stjórnarskránni, fimm dómsúrskurðum og almennri skynsemi,“ sagði Miguna í yfirlýsingu í gær.

Deilt hefur verið um ríkisborgararétt Miguna enda ólöglegt að reka keníska ríkisborgara úr landi. Yfirvöld segja Miguna hafa afsalað sér ríkisborgararétti sínum en Miguna segist ekki hafa gert neitt slíkt. **– þea**






# CR-V

# Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA CR-V - **VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA



Reynt er að endurnýja flota lögreglubíla á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Elsti lögreglubíllinn 17 ára

**LÖGREGLA** Elsti lögreglubíllinn sem er í notkun hér á landi er frá aldamótum, en átak stendur yfir til að reyna að endurnýja lögreglubílaflotann.

„Við erum að reyna að lækka meðalaldurinn og erum að taka úr umferð elstu bílana. Samfara því hafa lögreglustjórar verið að hagræða hjá sér og nýta bílana betur,“ segir Agnar Hannesson hjá Bílamiðstöð Ríkislögreglustjóra. Auk bílanna sem sinna löggæsluverkefnum eru teknir bílaleigubílar í snatt. Agnar telur að á milli 70-75 prósent bíla lögreglunnar séu á höfuðborgarsvæðinu.

„Við keyptum 17 ökutæki árið 2017 og þetta eru 17 til 20 ökutæki sem við erum að reyna að kaupa í ár,“ segir Agnar. Hann segir að fjöldi bíla í landinu sé yfirleitt á milli 130 til 135, en sé um þessar mundir 130. „Nú erum við að bæta við stöð á Seyðisfirði og þá þurfum við að bæta við. Á þessu ári gerum við því ráð fyrir einhverri smá aukningu

Elstu bílarnir eru frá árinu 2000. „Þeir eru í umferð en eru lítið notaðir,“ segir Agnar og nefnir að í Vestmannaeyjum sé einn slíkur. Það er sendibíll. „Við erum að skoða núna í ár hvernig við endurnýjum hann og fáum okkur hagstæðari bíl.“

Bílar lögregluembættanna eru mun minna notaðir núna en fyrir 10 árum. Á síðasta ári voru bílarnir eknir samtals 3,5 milljónir kílómetra. Árið 2008 nam notkunin 5,1 milljón kílómetra. – **jhh**

**Starfslaunasjóður**
sjálfstætt starfandi
**fræðimanna**
Umsóknarfrestur **20. mars**

**Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun úr sjóðnum.**

Hlutverk sjóðsins er að styðja við starfsemi fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigrein.

Rétt til að sækja um laun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, fræðigreina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku.

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

**Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Innflutningur átjánfaldað

**Berjaæði rann á Íslendinga eftir opnun Costco í Kauptúni í maí í fyrra. Innflutningur á 465 tonn í fyrra. Driscoll's-jarðarberin hafa verið ein vinsælasta vara verslunarinnar frá**

**VIÐSKIPTI** Innflutningur á ferskum jarðarberjum frá Bandaríkjunum fór úr rúmum 26 tonnum árið 2016 í rúm 465 tonn á síðasta ári samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Sprenging varð einnig á innflutningi annarra berja milli ára þar sem gríðarlega aukningu má merkja þegar Costco opnaði verslun sína í Kauptúni í maí í fyrra.

Bandarísku Driscoll's-jarðarberin sem Costco hóf að selja á hagstæðara verði en áður hafði þekkst hér á landi í fyrra hafa verið ein vinsælasta vara verslunarinnar frá opnun. Steve Pappas, framkvæmdastjóri Costco í Evrópu, lét hafa eftir sér á fjármálaþingi Íslandsbanka í september að sala á jarðarberjum hefði farið fram úr öllum þeirra væntingum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa jarðarberjaöskjurnar verið söluhæsta vara Costco hér á landi, að eldsneyti undanskildu.

Frá opnun Costco í maí til ársloka 2017 nam innflutningur á ferskum jarðarberjum tæpum 464 tonnum. Mánuðina þar áður, frá janúar til apríl, nam innflutningurinn 1,6 tonnum. Ljóst er því að koma Costco og innflutningur verslunarinnar á berjum frá Bandaríkjunum útskýrir nær alla þessa aukningu.

Jarðarberin hafa verið seld í 907 gramma öskjum í Costco, en kílóverðið er um 1.200 krónur. Ef við gefum okkur að hvert innflutt kíló í fyrra hafi selst má áætla að Íslendingar hafi keypt jarðarber fyrir nærri 560 milljónir króna, eða rúmlega 513 þúsund öskjur. Innflutt kílómagn í fyrra jafngildir því að hvert mannsbarn á landinu hafi látið tæplega 1,4 kíló af jarðarberjum inn fyrir sínar varir á síðasta ári.

Costco-berjaæði Íslendinga hefur þó ekki einskorðast við jarðarber. Samkvæmt tölum Hagstofunnar um innflutning á kirsuberjum jókst hann úr tæpum 8,4 tonnum árið 2016 í ríflega 54 tonn í fyrra. Þar má sömuleiðis merkja mikla aukningu á innflutningi eftir opnun Costco.

Hindber, brómber, mórber og lóganber eru flokkuð saman í innflutningstölum. Þar jókst innflutningur úr rúmum 2 tonnum árið 2016 í rúm 107 tonn í fyrra.

Hér er aðeins litið til innflutnings frá Bandaríkjunum, þaðan sem Costco flytur inn ber sín, en hafa ber í huga að flutt er inn nokkuð af berjum á ársvísu hér á landi frá löndum á borð við Belgíu, Holland og Spán svo eitthvað sé nefnt. Stærsti markaðurinn er þó frá Bandaríkjunum.

Í desember síðastliðnum ræddi Fréttablaðið við íslenska jarðarberjabændur sem sögðu komu Costco hafa reynst þeim mikið högg. Henda hefði þurft berjum í tonnavís eftir að landinn fór að kaupa þau í hundruðum tonna í Costco.

mikael@frettabladid.is



Gríðarlegt magn berja hefur endað í risavöxnum innkaupakerrum Costco síðan versluı

## Berjainnflutningur frá Bandaríkjunum í kílóum

| | 2016 | 2017 | Aukning milli ára |
|---|---|---|---|
| Jarðarber | 26.310 | 465.641 | 439.331 |
| Kirsuber | 8.486 | 54.476 | 45.990 |
| Önnur ber | 2.033 | 107.229 | 105.196 |



Voltaren Gel

**Vöðva eða liðverkir?**

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi




Voltaren Gel - njótum þess að hreyfa okkur

Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenaktvíetýlamín. Staðbundnir bólgukvillar. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

# ...ðist vegna Costco

...a bandarískum jarðarberjum fór úr 26 tonnum árið 2016 í ...á upphafi. Sprenging í innflutningi annarra berjategunda.



...nin var opnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Innflutningur á jarðarberjum 2016–2017

í tonnum




## Innflutningur á hind-, bróm-, mór- og lóganberjum

í tonnum




## Innflutningur á kirsuberjum 2016 – 2017

í tonnum





# Opinn fundur um langlífi og samfélags-breytingar

Landsbankinn og Landssamband eldri borgara efna til opins fundar um samfélagsbreytingar vegna hækkandi meðalaldurs þjóðarinnar. Fundurinn verður haldinn mánudaginn 12. febrúar kl. 16–17 í sal Félags eldri borgara í Reykjavík við Stangarhyl 4.

HLUTFALL ÍSLENDINGA ELDRI EN 65 ÁRA

14% ÁRIÐ 2017

20% ÁRIÐ 2036

25% ÁRIÐ 2049

**Dagskrá fundar**

**Eldra fólk er unglingar nútímans — samfélagsbreytingar vegna hækkandi meðalaldurs**
Ari Skúlason, hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans.

**Af lágum launum á lítil eftirlaun — reynslusaga**
Sigríður J. Guðmundsdóttir, formaður Félags eldri borgara Selfossi.

**Kynntu þér greinaflokk Ara Skúlasonar** á Umræðu Landsbankans um áhrif hækkandi meðalaldurs á samfélagið. Landsbankinn.is/lengra-lif.

LEB Landssamband eldri borgara

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Eftirhrunssaga



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þrjátíu og sex bankamenn hafa verið dæmdir til samanlagðrar 96 ára fangelsisvistar í svonefndum hrunmálum. Fullyrða má að hvergi í heiminum hafi nokkuð hliðstætt átt sér stað á síðari tímum. En nú er rannsókn hrunmála nýlokið, tíu árum frá hruni.

Þessi saga var rakin í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, í gær.

Frá því embætti sérstaks saksóknara var komið á fót í byrjun árs 2009 – gagngert í þeim tilgangi að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda fjármálahrunsins haustið 2008 – hafa 202 mál sem tengjast hruninu komið inn á borð þess.

Rannsókn 84 mála var hætt og átján voru felld niður að lokinni rannsókn. Samanlagt er það um helmingur málanna. Á annan tug mála voru sameinuð öðrum málum, fjögur send til annarra embætta og sjö flokkuð sem aðstoð við önnur yfirvöld. Ein ákæra var afturkölluð eftir útgáfu.

Samkvæmt samantekt Markaðarins, sem byggist á tiltölulega þröngri skilgreiningu á hrunmálum, hefur nítján málum lokið með dómi. Sakfellt var að öllu leyti eða að hluta til í fjórtán þeirra og sýknað í fimm. Sex mál eru enn fyrir dómi. Fjögur þeirra eru í annarri umferð fyrir dómstólum.

Sérstakur saksóknari hafði allt frá hruni her manns í fullu starfi við rannsókn og saksókn hrunmála. Að auki menn sem voru í fullu starfi annars staðar, í verktakavinnu fyrir sérstakan saksóknara og þáðu milljónir ofan á dagvinnulaun sín. Þegar mest var störfuðu um 110 manns hjá embættinu.

Embættið kostaði að minnsta kosti 6,2 milljarða á núvirði samkvæmt ríkisreikningi 2009 til 2014 og árshlutauppgjöri fyrstu níu mánuðina á árinu 2015. Gera má ráð fyrir að þessi tala hafi hækkað, þegar allt er talið í hátt í 10 milljarða. Sérstakur saksóknari hætti starfsemi í lok árs 2015 og tók héraðssaksóknari við öllum verkefnum embættisins.

Þessi saga snertir miklu fleiri en þá sem dæmdir voru. Fjöldi fólks sat á sakamannabekk um árabil meðan mál voru rannsökuð. Þeim var haldið í spennitreyju meðan rannsókn fór fram – dæmdir úr leik á vinnumarkaði. Sumir hristu það af sér og standa keikir eftir, aðrir þoldu það síður. Dæmi eru um mikla harmleiki fólks sem hvorki var dæmt né ákært á þessari vegferð.

Það verður barna okkar og barnabarna að dæma, þegar frá líður, hvort þessum tíma og peningum hafi verið vel varið. Var eftirtekjan rýr eða var þetta ill nauðsyn – allt þess virði?

Flestir geta fallist á að oft var farið geyst í bankarekstri fyrir hrun. Þeir sem töldu að Ísland gæti á örfáum árum orðið ein af fjármálamiðstöðvum heimsins líkt og marga dreymdi um voru slegnir blindu.

En framtíðin mun skera úr um hvort raunhæft var að ætla sér að verða fyrirmynd heimsins í refsimálum gegn bankamönnum. Eru þetta kannski greinar af sama meiði – að ætla sér um of?

**Þessi saga snertir miklu fleiri en þá sem dæmdir voru. Fjöldi fólks sat á sakamannabekk um árabil meðan mál voru rannsökuð. Þeim var haldið í spennitreyju meðan rannsókn fór fram – dæmdir úr leik á vinnumarkaði**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Svandís bræðir Ólaf**
**Doktor Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og þingmaður Flokks fólksins, splæsti einlægu hrósi á Svandísi Svavarsdóttur á Facebook í fyrradag. „Margt ber við í þingstörfum. Gestur á fundi þingflokks Flokks fólksins í gær var Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. Átti hún frumkvæði að því að koma á fundinn því þannig gæfist færi á að ræða málin með öðrum hætti en í þingsal,“ skrifaði Ólafur. Hæstánægður með heimsóknina. „Samskipti af þessu tagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu fela í sér vinnubrögð sem ég tel til mikillar prýði.“**

**Björn ánægður með Churchill**
**Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, er þekktur kvikmyndaáhugamaður. Hann var ekki svikinn af Darkest Hour enda fróður og áhugasamur um samtímasögu. Hann bendir á að Churchill hafi sannað að tungumálið er öflugasta vopnið í pólitík. „Churchill var meistari orðsins en flutningur hans var ekki síður áhrifamikill og í kvikmyndinni Darkest Hour tekst leikaranum Gary Oldman að glæða textann lífi á kynngimagnaðan hátt og sannfæra áhorfandann um hvers vegna Churchill hafði betur gagnvart keppinautum innan eigin flokks þótt hann boðaði ekki annað en blóð, svita og tár.“**

thorarinn@frettabladid.is

# Vansvefta gleymum við



Kristín Soffía Jónsdóttir
borgarfulltrúi

Kona verður ólétt og við tekur 9 mánaða meðganga. Barnið fæðist og foreldrar gleðjast. Fjölskyldan nýtur 9 mánaða fæðingarorlofs. Að fæðingarorlofi loknu tekur svo við svarthol óvissu og tekjutaps. Einn daginn fær barnið pláss í dagvistun og svefnvana foreldrar komast á fullt í vinnu. Lífið gengur sinn vanagang og það eina sem minnir á þetta tímabil vonleysis, tekjuleysis og svefnleysis er bölvaður yfirdrátturinn.

Það hafa flestir upplifað eitthvað þessu líkt og það er eiginlega með ólíkindum að þetta sé látið viðgangast í okkar ríka samfélagi sem stærir sig af jöfnuði og kynjajafnrétti. Ég hitti svefnlækni um daginn sem sagði mér að við myndum ekki minningar þegar við erum vansvefta. Kannski er það ein ástæðan, við komumst öll í gegnum þetta og svo fellur þetta bara í gleymskunnar dá svefnleysis.

Í dag byrja nær öll börn í dagvistun hjá dagforeldrum og hentar það flestum litlum börnum vel. Því miður hefur fækkað í stétt dagforeldra og við því þarf að sporna. Það þarf að stórauka niðurgreiðslur til dagforeldra og fjölga þeim sem vinna tveir og tveir saman. Kortlagning á leikvöllum borgarinnar sem nú á sér stað mun skila okkur fleiri gæsluhúsum og betri aðstöðu fyrir dagforeldra. Dagforeldrar eru og eiga að vera partur af dagvistunarkerfinu og mega ekki upplifa sig sem tegund í útrýmingarhættu.

Reykjavík getur verið stolt af sínum leikskólum sem sinna sínu hlutverki sem fyrsta skólastigið af alúð og starfsfólkinu sem þar vinnur faglegt og ótrúlegt starf á hverjum degi. En það þarf að koma börnum fyrr að og tryggja börnum pláss í sínu hverfi. Þetta gerum við með því að fjölga ungbarnadeildum í öllum hverfum og fara í þær umbætur á starfsumhverfi sem nauðsynlegar eru til þess að við getum mannað nýjar stöður.

Við eigum ekki að treysta á að vansvefta foreldrar harki þetta af sér og gleymi. Við eigum einfaldlega að leysa þetta fyrir börnin okkar og samfélagið allt.

**Það þarf að stórauka niðurgreiðslur til dagforeldra og fjölga þeim sem vinna tveir og tveir saman.**

Jóhann Ólafsson & Co
Rafvirkjar
Kerfisloftalampar

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is
LEDVANCE OSRAM

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Er Alþingi okkar Trump?

Í DAG

Þorvaldur Gylfason

Bandaríkjamenn standa nú frammi fyrir alvarlegum stjórnmálavanda heima fyrir.

**Fyrst Nixon …**

Upptökin má e.t.v. að einhverju leyti rekja til lögbrota Richards Nixon forseta sem náði kjöri 1968 eftir að Lyndon Johnson, sem hafði náð yfirburðakjöri 1964, gafst upp fyrir mótmælum gegn stríðinu í Víetnam og hætti við að bjóða sig fram til endurkjörs 1968. Johnson stillti sig um að láta ákæra Nixon fyrir landráð þar eð vitneskja hans um makk Nixons við Norður-Víetnama var fengin úr ólöglegum símahlerunum.

Nixon var kjörinn forseti 1968 og endurkjörinn 1972. Hann var síðan ásamt mönnum sínum staðinn að lögbrotum sem leiddu til þess að hann hrökklaðist úr embætti 1974. Nixon sagði af sér þegar honum varð ljóst að demókratar sem höfðu meiri hluta í báðum deildum þingsins gátu fengið til liðs við sig nógu marga repúblikana í öldungadeildinni til að svipta Nixon embætti. Til þess þurfti þá sem nú einfaldan meiri hluta í fulltrúadeildinni og tvo þriðju hluta atkvæða í öldungadeildinni. Nixon vissi um a.m.k. ellefu öldungadeildarþingmenn úr eigin flokki sem litu mál hans líkum augum og demókratar. Það dugði til sakfellingar. Nixon sagði því af sér áður en til embættissviptingar kæmi.

**… síðan Trump**

Eftir þessa atburði tók samkomulagið milli repúblikana og demókrata að súrna. Sumir repúblikanar fylltust hefndarhug. Heiftin birtist m.a. í hatrammri baráttu repúblikana gegn Bill Clinton forseta 1992-2000. Hún gekk svo langt að fulltrúadeild þingsins samþykkti að svipta Clinton embætti fyrir ósannsögli um kvennamál en öldungadeildin sýknaði hann.

Í þessu eitraða andrúmslofti gagnkvæmrar óvildar og tortryggni og lítils trausts kjósenda til þingsins áttust þau við í forsetakosningunum í fyrra Hillary Clinton fyrir hönd demókrata og Donald Trump fyrir repúblikana. Clinton fékk megna andúð repúblikana í arf frá bónda sínum; Trump hótaði henni jafnvel fangelsun kæmist hann til valda. Og demókratar hafa megna andúð á Trump forseta. Helztu fjölmiðlar gagnrýna hann harkalega og hann ræðst gegn þeim alla daga, kallar þá óvini ríkisins o.fl. Og nú tekur steininn úr þegar forsetinn reynir að grafa undan alríkislögreglunni FBI að því er virðist til að aftra rannsókn sérstaks saksóknara á meintum tengslum Rússa við menn Trumps og Trump sjálfan, m.a. grunsemdir um leynimakk við Rússa um afnám viðskiptaþvingana sem þingið hafði ákveðið. Leynimakk við óvininn hljómar eins og bergmál frá fyrri tíð.

**Trump á Alþingi**

Trump er m.a. sakaður um að grafa undan lýðræði. Vandinn sem bandarískir lýðræðissinnar standa frammi fyrir er þessi: Hvað er til bragðs að taka þegar lýðræðislega kjörinn forseti grefur svo undan lýðræði að álit landsins hefur laskazt stórlega? Vitnisburðirnir hrannast upp. Eiga menn að láta sér nægja að bíða næstu kosninga og leyfa skemmdinni að breiðast út? Margir segja nei, við verðum að reyna að koma forsetanum frá sem fyrst enda leyfir stjórnarskráin það eins og dæmi Nixons vitnar um.

Íslenzkir lýðræðissinnar standa nú frammi fyrir áþekkum vanda. Hvað er til bragðs að taka þegar lýðræðislega kjörið Alþingi grefur svo undan lýðræði í landinu að álit landsins hefur laskazt stórlega? Vitnisburðirnir hrannast upp. Alþingi heldur áfram að vanvirða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 um nýja stjórnarskrá og skýlir sér við þann verknað bak við ákvæði sem danskur einvaldskóngur setti í núgildandi stjórnarskrá til að torvelda breytingar á henni. Ísland telst ekki lengur óskorað lýðræðisríki skv. erlendum vísitölum. Spillingin æðir áfram. Alþingi hefur nú þrisvar í röð verið kosið skv. kosningalögum sem kjósendur höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 auk þess sem sýslumaður nátengdur Sjálfstæðisflokknum lagði lögbann rétt fyrir síðustu kosningar á fréttir sem komu Sjálfstæðisflokknum illa. Lögbannið reyndist ólöglegt. Þetta kallast skríðandi fasismi. Lögbannið stendur enn. Eiga menn bara að bíða næstu kosninga og leyfa skemmdinni að breiðast út? Eða eiga menn að leita leiða til að knýja fram uppskipun með sem allra styztu millibili þar til Alþingi bætir ráð sitt?

Eru meint afbrot stjórnmálamanna og erindreka þeirra annars eðlis en önnur lögbrot? Á að dæma um þau í kjörklefanum frekar en í réttarsölum? Nv. dómsmálaráðherra virðist líta svo á. Hún hafnar dómi Hæstaréttar þess efnis að hún hafi brotið lög með þeim rökum að hún hafi náð endurkjöri eftir að brotið komst í hámæli. Viðhorf hennar og annarra sem eru sama sinnis grafa undan réttarvitund í samfélaginu og undan réttarríkinu. Skemmdin breiðist út. Alþingi ögrar bæði lýðræðinu og réttarríkinu.



# Neyð Róhingja



**Sigurjón Örn Stefánsson**
svæfinga- og gjörgæslulæknir og sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi



Jólin mín eru að enda. Flestir eru löngu búnir að taka niður allt skraut og þessi litlu ljós sem margir hafa ákveðið að skilja eftir til að lýsa okkur leið gegnum skammdegið heita nú vetrarljós en ekki jólaljós. En ég var í burtu um jólin svo ég ákvað að hafa jólin áfram eitthvað inn í janúar.

Aðfangadegi eyddi ég í níu þúsund kílómetra fjarlægð, í tjaldspítala Rauða krossins í flóttamannabúðum í Suðaustur-Bangladess sem heita Kutupalong. Það er ekki staður sem margir kannast við – en þar býr í dag rúmlega hálf milljón manna, fólk sem áður bjó í Myanmar en flúði þaðan vegna ofbeldis. Ástæðurnar fyrir ofbeldinu eru sjálfsagt margvíslegar en aðalástæðan er sú að þetta fólk sem kallar sig Róhingja er ekki velkomið í Myanmar þó það hafi búið þar um aldir. Það aðhyllist aðra trú en meginþorri fólks í Myanmar og hefur aðra siði, stundum er það nóg til að fólk sé ekki velkomið í eigin landi. Þúsundir Róhingja hafa verið drepnir, konum nauðgað og heilu þorpin brennd til grunna til að flæma þetta fólk frá heimkynnum sínum. Sameinuðu þjóðirnar hafa kallað þetta þjóðernishreinsanir.

Rauði krossinn kallar þetta ekki neitt. Það er ekki okkar að dæma um það, við reynum bara að hjálpa öllum þeim sem eiga um sárt að binda hver svo sem ástæðan er. Þetta fólk þarf hjálp. Þarna er nú rúmlega hálf milljón manna sem hefur ekkert. Það er auðvelt að segja orðin – hálf milljón manns sem hefur ekkert – en það er erfitt að ímynda sér aðstæðurnar og erfitt að lýsa þeim. Hvernig er hægt að lýsa tilfinningunni þegar maður hefur í tæpan klukkutíma gengið gegnum hreysi búin til úr bambus og plastpokum þar sem tötraleg börn ráfa um og lyktin af úrgangi liggur yfir öllu? Hvernig er hægt að lýsa tilfinningunni þegar maður kemur upp á smá hæð í landslaginu og áttar sig þá á því að búðirnar ná eins langt og augað eygir í allar áttir? Þær eru endalausar og það bara þyrmir yfir mann. Verkefnið að hjálpa öllu þessu fólki virðist vera óyfirstíganlegt, nánast ómögulegt.

### Það er hægt að hjálpa

En það er það ekki. Það þarf bara að finna peninga og starfsfólk til að grafa fyrsta brunninn niður á heilnæmt vatn, senda fyrsta vörubílinn með mat, kaupa fyrstu skammtana af bóluefnum, koma upp heilsugæslu. Þetta verk er þegar byrjað.

Ég fór til Bangladess um miðjan desember til að vinna í neyðartjaldspítala sem Rauði krossinn starfrækir í þessum búðum. Í einu tjaldinu er skurðstofa og þar var mín vinnustöð að mestu því ég er svæfinga- og gjörgæslulæknir. Í öðrum tjöldum eru bráðamóttaka, fæðingardeild, rannsóknardeild, röntgendeild, einangrun og legudeildir. Það er auðvitað takmarkað hvað hægt er að gera af aðgerðum við svona aðstæður en á þessum mánuði sem ég vann þarna gerðum við um tvö hundruð aðgerðir. Aðgerðir sem ekki hefðu verið gerðar ef við værum ekki þarna. Þetta voru ýmiss konar bráðaaðgerðir til dæmis vegna ofbeldis, slysa, bruna og svo auðvitað fjölmargir keisaraskurðir – stundum til að bjarga barninu en stundum því miður til að bjarga móðurinni.

Þetta er harður heimur, heimur sem flest okkar hér á Íslandi þekkjum ekki. Fyrir okkur er sjálfsagt að barn fæðist heilbrigt og að móður og barni heilsist vel eftir fæðingu en í flóttamannabúðunum í Kutupalong er ekkert sjálfsagt við það. Eins eru mislingar í okkar huga bara eitthvað úr fortíðinni og sumum finnst ekki taka því að bólusetja fyrir þeim lengur – en í Kutupalong geisar mislingafaraldur og börn koma dauðveik á spítalann okkar, fara beint inn í einangrunartjaldið og fá alla meðferð sem hægt er að bjóða upp á en engu að síður deyja mörg börn í þessu tjaldi. En mörgum er hægt að bjarga.

Neyðin í Kutupalong er ólýsanleg, öll hjálp er vel þegin og það þarf ekki að fara til Bangladess til að hjálpa. Hver sem er getur hjálpað þessu fólki, líka þú. Það þarf nefnilega peninga til að reka svona flóttamannabúðir, kaupa vatn, mat, byggingarefni, bóluefni, sýklalyf og allt annað. Ef þú vilt hjálpa er hægt að senda SMS í númerið 1900 með orðinu TAKK og þá fara 1900 krónur af símreikningnum þínum í þetta hjálparstarf. Eða fara inn á raudikrossinn.is til að fá meiri upplýsingar.

# Styttri vinnuviku og fjölskylduvænna samfélag



**Magnús Már Guðmundsson**
formaður borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar

Ef vinnustaðir geta með einni tiltekinni aðgerð dregið úr álagi og veikindum starfsmanna án þess að það bitni á afköstum er augljóst að skoða verður þá aðgerð betur. Í næstu viku hefst nýr áfangi tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar um styttri vinnuviku án launaskerðingar. Niðurstöður úr fyrri hluta verkefnisins sýna afar jákvæð áhrif sem stytting vinnuvikunnar hefur á starfsmenn og starfsstaði borgarinnar.

**Þar sem niðurstöður úr fyrri áfanga verkefnsins voru góðar var ákveðið að þróa það enn frekar og bjóða öllum starfsstöðum borgarinnar að vera með.**

Tilraunaverkefnið í Reykjavík hófst vorið 2015 á tveimur starfsstöðum og haustið 2016 bættust við sex aðrar starfseiningar. Niðurstöður sýna jákvæð áhrif verkefnisins á líkamlega og andlega líðan starfsfólks, starfsánægja eykst og þá dregur úr skammtímaveikindum. Að auki sýna mælingar fram á sömu eða aukin afköst starfsmanna.

### Mikill áhugi

Þar sem niðurstöður úr fyrri áfanga verkefnisins voru góðar var ákveðið að þróa það enn frekar og bjóða öllum starfsstöðum borgarinnar að vera með. Útfærslan var í þeirra höndum en byggði á samtali starfsmanna og stjórnenda á hverjum vinnustað. Styttingin má ekki valda þjónusturofi og verður auk þess að ná til allra fastráðinna starfsmanna á viðkomandi starfsstað.

Áhuginn á tilraunaverkefninu hefur vaxið jafnt og þétt frá því að það hófst, bæði meðal starfsmanna borgarinnar og almennt í samfélaginu. Umsóknartölur um þátttöku í nýja áfanganum fóru fram úr okkur björtustu vonum og er niðurstaðan sú að yfir 100 starfsstaðir hefja þátttöku í nýja áfanganum í næstu viku. Á þessum starfsstöðum starfa yfir 2.000 borgarstarfsmenn. Tilraunatímabilinu lýkur haustið 2019.

### Samþætting vinnu og einkalífs

Íslendingar vinna meira en fólk í nágrannalöndunum. Hér á landi er hlutfall þeirra sem vinna meira en 50 tíma á viku hvað mest allra í Evrópu en hlutfallið er mun minna annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta sýna gögn frá OECD. Þrátt fyrir langan vinnutíma afköstum við ekki meiru en aðrar þjóðir. Landsframleiðsla okkar er þannig talsvert minni en Svía, Norðmanna, Dana og Finna.

Þessi langi vinnudagur gerir mörgum erfitt að samþætta vinnu og einkalíf. Niðurstöður okkar í Reykjavík benda til þess að hægt sé að stytta vinnutímann án þess að það dragi úr afköstum. Með því að fækka vinnustundunum tökum við mikilvæg skref í átt að breyttri vinnumenningu, styðjum að fjölskylduvænna samfélagi og aukum jafnrétti á vinnumarkaðnum. Við höfum því allt að vinna og engu að tapa með því að stytta vinnuvikuna.

# Gætu börnin þín lært að lesa á pólsku?



**Sabine Leskopf**
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Undanfarin ár hefur innflytjendum í Reykjavík fjölgað gífurlega. Þetta fólk kemur hingað til að vinna, tilbúið að leggja sig fram og greiðir sína skatta frá fyrsta degi. Þetta fólk eins og það er stundum kallað, kemur hins vegar ekki bara sem „vinnuafl“ heldur eru þetta manneskjur, fjölskyldur með börn og þessara barna bíður að ganga í gegnum íslenskt skólakerfi. Því miður virðist þróunin vera sú að hátt hlutfall þeirra barna sem hingað koma með erlendum foreldrum nær ekki að komast áfram í framhaldsskóla. Þetta er mikill skaði fyrir marga einstaklinga, en ekki síður fyrir íslenskt samfélag. Á þessum vanda verður að taka föstum tökum á næstu árum ef ekki á illa að fara fyrir bæði einstaklingum og okkar samfélagssáttmála.

Leik- og grunnskólar Reykjavíkur hafa vissulega unnið margt afrekið við að taka á móti börnum með erlent móðurmál en betur má ef duga skal. Á líðandi kjörtímabili hefur verið reynt að styðja við móðurmálskennslu ungra barna með erlent móðurmál, því þau eiga við ramman reip að draga þegar kemur að því að geta lesið sér til gagns. Við vitum að íslensk börn eiga orðið nokkuð erfitt með lestrarnám ef marka má síðustu PISA-kannanir. Það eru flóknar ástæður þar að baki, ekki bara kennsluaðferðir og skólar, heldur einnig hlutverk lestrar og bóka inni á heimilunum.

**Það er skylda okkar að leyfa öllum börnum að njóta sín til fulls og leyfa þeim að þroska sína styrkleika. Og hvað getur verið meiri styrkleiki, meiri fjársjóður, en að geta talað, skrifað og hugsað á fleiri en einu tungumáli?**

En hvernig ætli íslenskum börnum gengi lestrarnámið ef þau lærðu að lesa pólsku en ekki íslensku? Líkast til ekki vel. Rannsóknir í þessa veru hafa sýnt að börn eiga ekki aðeins auðveldara með að læra að lesa á móðurmálinu, heldur einnig að þau eiga auðveldara með að læra annað mál á grundvelli móðurmálsins. Þetta er þekking sem við eigum að nýta okkur við skipulagningu skólastarfs á næstu árum því ljóst er að fjöldi barna með erlent móðurmál fer hraðvaxandi í íslenskum skólum og skólarnir verða að fá stuðning og þekkingu til að takast á við þá áskorun.

Við höfum þegar lagt grunn að slíku starfi á þessu kjörtímabili, en nú ríður á að málin verði tekin föstum tökum í samráði við foreldra, kennara og skólastjórnendur.

Á þessu kjörtímabili höfum við til dæmis innleitt gjaldfrjálsa frístund í þrjá mánuði fyrir börn sem eru nýflutt til landsins, tvöfaldað framlag til íslenskukennslu barna af erlendum uppruna og tvöfaldað þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs með mikla áherslu á fjölmenningu. En einnig höfum við ráðið móðurmálskennara og brúarsmiði sem styðja börn af erlendum uppruna í námi sínu til þess að virkja þann fjársjóð sem virkt tvítyngi er. Það er skylda okkar að leyfa öllum börnum að njóta sín til fulls og leyfa þeim að þroska sína styrkleika. Og hvað getur verið meiri styrkleiki, meiri fjársjóður, en að geta talað, skrifað og hugsað á fleiri en einu tungumáli?




# Hvernig skal bregðast við nýjum veruleika?



**Helga Árnadóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



Ísland er lítið opið hagkerfi með mjög hátt hlutfall nettenginga á hverja 100 íbúa. Líklega er þetta ein mikilvægasta skýringin á því að Ísland er ekki „eyland“ í sama skilningi og áður – Ísland er nú partur af alþjóðlegum hringvegi netheima. Byltingakenndar breytingar á undanförnum árum hafa þau áhrif að nú er hægt að bera saman, í rauntíma, framboð í ferðaþjónustu þvert á landamæri og menningarheima – án þess að standa upp frá tölvunni. Samkeppnin um athygli ferðamanna er mikil en á hinn bóginn er markaðssetning í gegnum samfélagsmiðla á stóran alþjóðlegan markað mun aðgengilegri en áður og skilin á milli einstaklinga og fyrirtækja sem deila og skiptast á vörum sínum á samkeppnismarkaði orðin óljós.

**Mikilvægt að ná heildaryfirsýn**

Meðal alþjóðastofnana og einstakra landa hafa viðbrögð við „deilihagkerfinu“ (s.s. Airbnb og Uber) einkennst af „wait and see“ viðhorfi. Á sama tíma og menn fagna nýrri tækni og framþróun á mörgum sviðum í þeim tilgangi að auka hagkvæmni, eykst sjálfsögð krafa um að ná heildaryfirsýn yfir starfsemina. Að sammælst sé um alþjóðlega skilgreiningu á þjónustustarfsemi eins og Airbnb, að hún sé mátuð við gildandi regluverk og það aðlagað eða nýtt mótað og skilvirkni þannig tryggð. Starfsemina þarf að bóka í hið formlega hagkerfi. Slík krafa er ekki síst til komin vegna samfélagslegra þolmarka íbúa hvers svæðis.

Þannig hafa borgir og stjórnvöld í sívaxandi mæli verið að bregðast við gjörbreyttu landslagi með því að úthluta takmörkuðum leyfisfjölda á framboðsaðila á einstökum svæðum og/eða dagafjölda í útleigu. Jafnframt hafa lönd gert tilraunir með að innheimta skatt af hinu erlenda fyrirtæki Airbnb, en óljóst er hvaða árangri það hefur skilað.

> **Það er íslenskra stjórnvalda og sveitarstjórna að marka rammann hér á landi. Íbúðagistingu vex ásmegin í skjóli úrræðaleysis og ákvörðunarfælni. Markmið og umgjörð er ábótavant.**

**Eigum enn langt í land**

Samkvæmt lögum hér á landi ber aðilum að skrá eign sína til útleigu hjá sýslumanni. Rúmlega 1.000 einstaklingar hafa nú þegar skráð sig. Samkvæmt þeim úttektum sem gerðar hafa verið hér á landi á umfangi Airbnb má hins vegar gera ráð fyrir að í fyrra hafi um 6.000 gestgjafar boðið fram gistiþjónustu á Airbnb. Fyrrgreind skráning hjá sýslumanni sýnir að enn er langt í land með að hægt sé að ná utan um framboð á gistirými í netheimum. Á sama tíma eru ríki og sveitarfélög að verða af gífurlegum skatttekjum auk þess sem samkeppnisumhverfi hótela og annarra hefðbundinna gististaða er orðið algerlega óásættanlegt.

Í árslok 2017 bárust fréttir frá Evrópusambandinu þar sem skýrt er kveðið á um að leigubílafyrirtækið Uber sé ekki lengur skilgreint sem „digital milliliður“ (stafrænn milliliður) með þjónustu milli neytenda og þess sem veitir þjónustuna. Þar með fellur Uber undir hefðbundnar reglugerðir og tilskipanir um fyrirtæki í leigubílaakstri og þarf að lúta lögum og reglum sem gildir um þá starfsemi.

**Marka þarf rammann**

Það er íslenskra stjórnvalda og sveitarstjórna að marka rammann hér á landi. Íbúðagistingu vex ásmegin í skjóli úrræðaleysis og ákvörðunarfælni. Markmið og umgjörð er ábótavant. Sveitarstjórnarkosningar eru fram undan og ég vænti þess að umræða um skipulagsmál tengd íbúðagistingu og þannig félagslegum þolmörkum íbúanna verði þar ofarlega á dagskrá.

# Reykjavík er okkar



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar

Í umræðum um borgina eru skipulags- og samgöngumál áberandi enda mikilvæg fyrir líðan, heilsu, hagkvæmni, öryggi og fleira. En það sem býr til samfélag er fólk sem á það sameiginlegt að í því býr djúpstæð þrá eftir vellíðan. Það hlýtur því að vera markmið stjórnvalda í öllu sem þau taka sér fyrir hendur að stuðla að vellíðan íbúa og heilbrigði.

Fyrir utan áhrif hins manngerða umhverfis á vellíðan hefur jöfnuður þar líklega mest áhrif, í tekjudreifingu, efnahagslegri stöðu, menntun og heilsufari. Einstaklingur sem upplifir að hann tilheyri samfélagi þar sem samkennd og samvinna ríkir og hans framlag skipti máli er líklegri til að upplifa vellíðan.

Á kjörtímabilinu hefur meirihlutinn í Reykjavík unnið að því að kortleggja hvað það er sem við getum gert til að stuðla að heilbrigði, vellíðan og hamingju íbúa og á næstu vikum verður kynnt heildstæð Lýðheilsustefna. Við erum að skapa borg þar sem íbúar hafa tækifæri til að velja heilsusamlegan lífsstíl, eiga samskipti og vinna saman að sameiginlegum áhugamálum. Hverfi borgarinnar eru nú heilsueflandi þar sem fyrst er horft til umhverfis barna og eldri borgara. Við höfum tekið stefnu á að vera aldursvæn borg, erum að móta stefnu í málefnum eldri borgara þar sem kortlagðir eru allir möguleikar þeirra til að eiga fjörugt eða rólegt ævikvöld, allt eftir óskum hvers og eins. Auk þess sem víðtæk mennta- og þjónustustefna við barnafjölskyldur er í mótun.

> **Þó hentugt geti verið að horfa á mismunandi aldur fólks í stefnumótun er mikilvægt að nærþjónusta borgarinnar sé til staðar alltaf þegar á þarf að halda út frá þörf en ekki aldri.**

Þó hentugt geti verið að horfa á mismunandi aldur fólks í stefnumótun er mikilvægt að nærþjónusta borgarinnar sé til staðar alltaf þegar á þarf að halda út frá þörf en ekki aldri. Lífið færir okkur flestum einhverjar óvæntar áskoranir sem geta tengst öldrun, ofbeldi, langvinnum veikindum, fötlun eða hvers kyns óvæntum áföllum.

Ef eitthvað er að hjá barninu þínu eða einhverjum nákomnum ættingja þá er eitthvað að hjá allri fjölskyldunni og allt nærumhverfið líður fyrir bragðið. Við þurfum að auðvelda íbúum að fá þjónustu sem fyrst eftir að þörf skapast, því með því getum við oft komið í veg fyrir frekari veikindi eða vanlíðan. Það tekur tíma að breyta „Kerfinu“ en við höfum tekið mikilvæg skref á þessu kjörtímabili og stefnan er sett á aðgengilega og vingjarnlega þjónustu fyrir fólk.


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði. Gríptu tækifærið og skiptu yfir í rafbíl frá Volkswagen sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ


KRÓNAN
Bestur núna!
499 kr. pk.
Avocado þroskað 3 stk. Kólumbía
Verð áður ~~589~~ kr. pk.
EAT ME
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
GRØN balance
Økologisk
2 stk Avocado "Hass"
Pakket for SuperGros a/s
www.groenbalance.dk
GB Avocado 2 stk. Spánn
399 kr. pk.
Verð áður ~~449~~ kr. pk.
Ódýrt
Avocado í neti, 750 g. Kólumbía
489 kr. pk.
Krónan mælir með!
HEILSUMST Í KRÓNUNNI
199 kr. stk.
Avocado, Mexíkó

KRÓNAN

# Indversk bolluveisla

Korter í 4

Tikka Masala sósa

**240** kr. stk.



+




+




Nýtt!

Indverskar lambahakksbollur, 580 g

**1299** kr. pk.

Gestus kókosmjólk, 400 ml

**199** kr. stk.

Planet Deli Naan brauð, 220 g

**249** kr. pk.





2 bollur í pakka!

## Bolla bolla ...



Tilbúnar bollur frá Gæðabakstri

**599** kr. pk.




Krónu vatnsdeigsbollur, 8 stk.

**449** kr. pk.

# KRÓNAN

Krónan mælir með!

Krónu Saltkjöt blandað

**1299** kr. kg

Krónu saltir framhryggjabitar

**2499** kr. kg

# Saltkjöt og baunir

Ódýrt

Krónu ódýrt salkjöt

**579** kr. kg

Goða saltkjötsbitar beinlausir

**2398** kr. kg



Tilboðin gilda til 11. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

**Ódýrt**



Kartöflur í lausu

**230** kr. kg



Rófur

**299** kr. kg

Krónu súpujurtir 120 g

**199** kr. pk.




HEILSUMST Í KRÓNUNNI

Krónu gular hálfbaunir, 500 g

**129** kr. pk.

**Ódýrt**



Gulrætur Fljótshóla 600 g

**499** kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 11. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



# Kjalarnes í forgang – 10 góðar ástæður



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
forsvarsmaður þrýstihópsins „Til öryggis á Kjalarnesi“

Í upphafi þessa árs varð til sterk bylgja í samfélaginu, einkum meðal þeirra sem aka Kjalarnesið reglulega, íbúa á Kjalarnesi og þeirra sem eiga ættingja, vini eða vinnufélaga, sem þurfa jafnvel daglega að aka þennan háskalega veg. Bylgjan hafði kraumað undir yfirborðinu lengi vel, en síðan varð skýr vendipunktur og hún braust fram af fullum krafti. Krafan er nú sú, að Vesturlandsvegur um Kjalarnes verði settur efstur á framkvæmdalista Vegagerðarinnar. Að viðgerðir fari fram strax og að vinna við tvöföldun vegarins verði sett í gang umsvifalaust. Að framkvæmdum verði hraðað og ljúki sem allra fyrst.

Þessi skýlausa krafa er sett fram af sveitarfélögunum norðan Hvalfjarðarganga, af fyrirtækjum á Akranesi og á Grundartanga og síðast en ekki síst af almennum borgurum, þúsundum vegfarenda. Allir þingmenn Norðvesturkjördæmis hafa lýst yfir stuðningi við þessa kröfu. En hverjar eru helstu ástæðurnar fyrir því að Kjalarnes á að fara í forgang?

1. Vegurinn um Kjalarnes er stórhættulegur. Hann er mjór, einbreiður, óupplýstur og handónýtur, sérstaklega vegna djúpra hjólfara, sem hafa mælst langt yfir útgefnum öryggismörkum.
2. Slys og óhöpp eru algeng á Kjalarnesi. Kjalarnes er ein mesta slysagildra á landinu.
3. Vegurinn um Kjalarnes er þriðji fjölfarnasti vegur landsins. Um hann aka sem stendur að meðaltali 8.000 bifreiðar á dag. Reikna má með að a.m.k. 70% allra þungaflutninga út á landsbyggðina fari um Kjalarnes, með tilheyrandi sliti á veginum. Heildarumferð um veginn hefur aukist um 30% á síðustu fimm árum.
4. Vegurinn um Kjalarnes er eina stofnæðin út frá Reykjavík, sem ekki hefur verið breikkuð.
5. Vegurinn um Kjalarnes hefur setið eftir svo áratugum skiptir, hvað varðar eðlilegt viðhald og nauðsynlega aðlögun að stóraukinni umferð.
6. Út frá veginum eru hátt í 50 afleggjarar, fæstir þeirra með aðrein. Það eitt og sér skapar mikla hættu á slysum og óhöppum.
7. Veðurfar á Kjalarnesi er vindasamt og byljótt. Þar mælast langoftast af stofnæðunum vindhviður yfir 35 m á sekúndu. Við slíkar aðstæður er gott veggrip lykilatriði.
8. Hvalfjarðargöng stækkuðu atvinnu- og skólasvæðið á Suðvesturhorninu og því margir úr sveitarfélögunum norðan ganga, sem sækja vinnu og skóla til Reykjavíkur. Fyrir þetta fólk þýðir ömurlegt ástand vegarins margra klukkutíma streitu í hverri viku.
9. Nú er svo komið að fólk er almennt orðið hrætt við að aka veginn um Kjalarnes og upplifir hann stórhættulegan og mjög óöruggan.
10. Vegamálastjóri sagði í sjónvarpsviðtali í janúar 2018, um banaslys sem varð á veginum í byrjun árs, að það væri vissulega hörmulegur atburður, en ekki mjög óvæntur. Ætlum við í alvöru að bíða eftir fleiri slysum?

Sumar þessar ástæður einar og sér kalla á tafarlausar endurbætur á veginum, saman hljóta þær að teljast knýjandi ástæða til að tvöföldun Vesturlandsvegar um Kjalarnes verði sett í fullan gang og verkið klárað sem allra fyrst.

Nýjar vörur frá geoSilica




Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND

# Olíusjóðir Íslands



**Aðalbjörn Sigurðsson**
forstöðumaður upplýsingamála hjá lífeyrissjóðnum Gildi

> **Talað er um lífeyrissjóðakerfið sem gímald sem gnæfi yfir atvinnulífinu á Íslandi, bákn sem kosti óhemju fjármuni að reka og óskilvirkt kerfi sem skili sjóðfélögum litlu. Sem er einfaldlega rangt.**

Við Íslendingar stærum okkur af því að vera þjóðin sem reddar hlutunum. Við vöðum í verkin og klárum þau á undraskömmum tíma og jafnvel líka með nánast engum fyrirvara. Fátt lýsir þjóðarsálinni betur en orðin „þetta reddast“ sem við segjum með stolti þó oftar en ekki fylgi einnig vottur af skömm. Við erum stolt af útsjónarseminni sem þetta útheimtir en skömmin felst í að þetta sýnir að við sem þjóð erum ekkert sérstaklega framsýn. Íslenskir stjórnmálamenn hugsa í kjörtímabilum. Íslenskir nemar í önnum. Íslenskir launþegar í Visa-tímabilum. Og svo framvegis. Á þessu eru líklega ekki nægilega margar undantekningar, en þær eru þó til. Og sumar þeirra eru ansi merkilegar.

## Mörg stór skref

Ein þeirra eru lífeyrissjóðir landsmanna. Til að koma þeim á þurftu menn að horfa til framtíðar og taka ákvarðanir sem öllum var ljóst að myndu ekki gagnast landsmönnum fyrr en árum og jafnvel áratugum síðar. Eitt af fjölmörgum skrefum sem tekin voru á langri leið að því lífeyrissjóðakerfi sem við þekkjum í dag var tekið árið 1904 þegar sett voru lög um að embættismenn skyldu safna sér ellistyrk. Annað skref var tekið árið 1919 þegar settur var á laggirnar lífeyrissjóður fyrir embættismenn og miklu síðar, eða árið 1943, var lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins stofnaður. Mjög stórt skref var stigið árið 1969 þegar samið var um í kjarasamningum að stofnaðir yrðu atvinnutengdir lífeyrissjóðir. Í öll skiptin var horft ár og áratugi fram í tímann en ekki tjaldað til einnar nætur.

## Stærðin er styrkur

Lífeyrissjóðakerfið er í dag risavaxið og þar með afar öflugt. Í raun kerfi sem við sem þjóð ættum að stæra okkur af á sama hátt og t.d. Norðmenn gera þegar rætt er um olíusjóð þeirra. Því margt er líkt með norska sjóðnum og lífeyriskerfinu íslenska, þótt fjármögnun kerfanna sé augljóslega afar ólík. Hlutverkið í báðum löndum er þó í grunninn það sama, þ.e. að tryggja þeim framfærslu sem látið hafa af störfum sökum aldurs.

Í opinberri umræðu er gagnrýni á lífeyrissjóðina þó mun meira áberandi en umræða um styrkleikana. Talað er um lífeyrissjóðakerfið sem gímald sem gnæfi yfir atvinnulífinu á Íslandi, bákn sem kosti óhemju fjármuni að reka og óskilvirkt kerfi sem skili sjóðfélögum litlu. Sem er einfaldlega rangt. Það er hins vegar staðreynd að lífeyrissjóðirnir greiða í dag um 70% af öllum ellilífeyri í landinu. Það sem upp á vantar er greitt af ríkinu í gegnum Tryggingastofnun. Þær greiðslur lúta alls konar reglum um skerðingar og tekjutengingar, og því miður virðist sem að ásýnd alls kerfisins sem greiðir út ellilífeyri mótist af því. Það gleymist hins vegar að ellilífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna taka einmitt ekki þessum skerðingum. Þar hafa menn áunnið sér réttindi og fá greitt í samræmi við þau, óháð öðrum eigin tekjum eða tekjum maka. Greiðslur lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga, í formi elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris námu árið 2016 rúmlega 119 milljörðum króna.

## Persónuleg þjónusta

Lífeyrissjóðir leggja allt kapp á að veita sjóðfélögum sínum fyrirtaks þjónustu. Á tækniöld, þar sem þjónustuver fjármálastofnana minna sífellt meira á tölvuver, leggja lífeyrissjóðir áherslu á persónulega þjónustu og vinalegt viðmót. Víða er einnig boðið upp á rafræna þjónustu fyrir þá sem það kjósa, en þar er persónulegum samskiptum ekki fórnað, þótt slík þjónusta kosti augljóslega einhverja fjármuni.

Lífeyrissjóðirnir eru enn fremur mikilvægir fjárfestar í atvinnulífinu hér á landi og eru þannig sterkur bakhjarl bæði stórra og smárra rótgróinna fyrirtækja en einnig nýrra fyrirtækja sem eru að byggja sig upp. Því til viðbótar eru lífeyrissjóðirnir aðallánveitendur íbúðakaupenda og bjóða þar upp á hagstæðari kjör en aðrir.

Umræða um lífeyrissjóðina mun halda áfram næstu árin og áratugina. Hún er þörf því málefnaleg gagnrýni er holl og tryggir að kerfið heldur áfram að þróast og þroskast. En við verðum líka að þora að segja frá því sem vel er gert og draga fram styrkleika kerfisins enda er margt í lífeyrissjóðakerfinu sem við megum vera stolt af.

# Eftirlaun lægri hér en í ríkjum OECD; þó meiri hagvöxtur hér



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

> **Íslenskir stjórnmálamenn hafa brugðist öldruðum.**

Hvað er brýnast að gera í íslenskum þjóðmálum í dag? Brýnast er að útrýma fátækt og bæta kjör þeirra, sem lakast standa í íslensku þjóðfélagi. Það eru 6.000 börn, sem búa við fátækt á Íslandi í dag. Það er smánarblettur á íslensku þjóðfélagi. Það þarf strax í dag að ganga í að leysa það mál; ekki setja málið í nefnd eins og ríkisstjórnin vill gera.

Síðan þarf einnig strax að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja. Þeir, sem eingöngu hafa lífeyri frá almannatryggingum geta ekki lifað af lífeyrinum frá TR. Giftur aldraður hefur í dag 204 þúsund kr. eftir skatt (hefur ekki lífeyrissjóð). Það lifir enginn af þessari upphæð. Lyf og læknishjálp verða útundan; það er mannréttindabrot. Ríkisstjórnin ætlar að athuga þetta mál í vor. Það er alltof seint. Það á að leysa það strax í dag. Það þolir enga bið að leiðrétta lífeyrinn. Það verður að gerast strax.

## Eftirlaun hækki um 36 milljarða

Hvað þarf að hækka lífeyri aldraðra mikið svo hann sé mannsæmandi og dugi vel fyrir öllum útgjöldum? Að mínu mati þarf að hækka hann í 425 þúsund kr. á mánuði fyrir skatt, 320 þúsund kr. eftir skatt. Ég tel það vera lágmark til þess að lifa sómasamlegu lífi. Í dag er lífeyrir eftir skatt 243 þúsund á mánuði. Hér er því verið að leggja til 77 þúsund króna hækkun á mánuði eftir skatt. Ýmsum mun ef til vill finnast þetta mikil hækkun. Og víst er það rétt. En á það er að líta, að lífeyrir í dag er mjög lágur, alltof lágur og þess vegna þarf að hækka hann mikið.

Nýlega vann dr. Haukur Arnþórsson skýrslu fyrir Félag eldri borgara í Reykjavík um kjör aldraðra. Í henni kemur fram, að eftirlaun aldraðra á Íslandi eru mun lægri en eftirlaun í OECD-ríkjunum, þ.e. sem hlutfall af þjóðartekjum. Eftirlaun aldraðra á Íslandi eru 5,1% af þjóðartekjum en í ríkjum OECD eru eftirlaun aldraðra 8,2% af þjóðartekjum, þ.e. meðaltalið. Hér er fjallað um eftirlaun (lífeyri) frá hinu opinbera, þ.e. almannatryggingum. Dr. Haukur Arnþórsson segir, að til þess að jafna metin og lyfta eftirlaunum á Íslandi upp í það sama og þau eru að meðaltali í OECD-ríkjunum þurfi að hækka eftirlaun aldraðra á Íslandi um 36 milljarða. Þetta eru athyglisverðar upplýsingar og leiða í ljós, að íslenskir stjórnmálamenn hafa ekki staðið sig gagnvart eldri borgurum. Íslenskir stjórnmálamenn hafa brugðist öldruðum. Enda er það svo, að alþingismenn hafa flestir hverjir engan áhuga á kjaramálum aldraðra. Ýmist eru kjaramál aldraðra í neðsta sæti forgangslistans hjá þeim eða alls ekki á listanum.

## Hækkun eftirlauna strax

Ég hef lagt til, að afnám skerðinga eigi sér stað á þremur árum en þá er það auðvelt í framkvæmd fyrir ríkið. Hins vegar tel ég, að hækkun eftirlauna eigi að gerast strax. Það er óforsvaranlegt að hafa eftirlaun lægri hér á landi en í löndum OECD, þegar hagvöxtur er meiri hér en í ríkjum OECD. Það er í rauninni verið að svíkja eldri borgara um hlutdeild í hagvextinum. Það er illa komið fram við eldri borgara. Það eru aldraðir sem hafa skapað það þjóðfélag, sem við búum við í dag. Þegar mikil uppsveifla er í efnahagslífi landsins og hámarkshagvöxtur er kjörum aldraðra haldið niðri og þau höfð lægri en í ríkjum OECD. Þetta verður að leiðrétta strax. Það þolir enga bið.

# Fólk

## Tíska

FIMMTUDAGUR 8. FEBRÚAR 2018

# Yndislega Indiska

Allt við Indiska er samofið fegurð; hvort sem það er þokkafull boho-tískan, rómantískur húsbúnaður, te, súkkulaði eða manngæska. →2.



Dagbjört Guðmundsdóttir er rekstrarstjóri Indiska og stendur hér í glæsilegri versluninni með Kristjönu Louise Friðbjarnardóttur. MYNDIR/ANTON BRINK



**Eva Kristinsdóttir stendur að hópnum Svöl sjöl á Facebook. Þar miðla áhugasamir prjónarar myndum og hugmyndum að handprjónuðum sjölum.** →8



LOVE REVOLUTION

*Fallegt, fágað og töff!*

comma,

SMÁRALIND



Körfur, púðar, luktir og litrík matarstell eru meðal þess sem fæst í Indiska.



Fagurgrænn liturinn úr stéli páfuglsins er áberandi í vortísku Indiska en einnig bláir tónar, svartir og hvítir.



Dagbjört og Kristjana í verslun Indiska sem nú er sneisafull af fallegri heimilisvöru og vortískunni í kvenfatnaði.

Framhald af forsíðu ➪

Þetta var ást við fyrstu sýn. Ég féll kylliflöt fyrir gullfallegri hönnun Indiska sem er sköpuð undir indverskum áhrifum þegar kemur að munstrum og litadýrð. Saga Indiska er líka svo falleg og samofin manngæsku, umhverfisvernd og samfélaglegri ábyrgð við að bæta heiminn,“ segir rekstrarstjóri Indiska, Dagbjört Guðmundsdóttir, sem kynntist sænska fjölskyldufyrirtækinu fyrst árið 1977.



Indiska var stofnað 1901 og opnaði sína fyrstu verslun á Íslandi vorið 2013.

„Frá fyrsta degi hafa Íslendingar tekið Indiska fagnandi enda hafa þeir margir lært og búið á Norðurlöndunum þar sem Indiska er rómað og einkar vinsælt merki,“ segir Dagbjört.

Búðin er nú sneisafull af nýjum vörum í þokkafullum boho-stíl Indiska sem stendur fyrir Bohemian Modern og er heillandi fatatíska undir sígauna- og hippaáhrifum.

„Hingað koma konur sem vilja líta vel út en vera í þægilegum fötum og eru óhræddar við að hafa sinn eigin stíl. Vortískan samanstendur af undurfögrum túníkum, toppum, buxum og kjólum úr náttúrulegum efnum, ull, bómull og viskós. Litaflóran er sótt í íðilfagrar fjaðrir páfuglsins; grænt, blátt, hvítt og svart, og rómantísk rósamunstur eru áberandi í vor,“ upplýsir Dagbjört og verðið í Indiska er við allra hæfi.

## Sænskir, indverskir töfrar

Indiska er lífsstílsverslun þar sem hægt er að finna dásamlegan kvenfatnað, handunna heimilisvöru, glæsilegt skart, unaðslegt te og gómsætt súkkulaði.

„Við fáum iðulega til okkar konur eftir ferðalög á suðrænar slóðir sem vilja kaupa kjól í stíl við þann sem önnur kona í ferðinni klæddist frá Indiska, alveg uppnumdar. Sniðin eru enda klæðileg og góð og efnin einstaklega þægileg og taka lítið pláss í ferðatöskunni,“ segir Dagbjört og víst að allar konur geta fundið sér flottan fatnað í Indiska en líka matarstell, kertastjaka, lampa, ljós, rúmteppi, bastkörfur, mottur og náttúrleg, Svansmerkt ilmkerti.

„Í matarstellum eru nú bláir og hvítir litir áberandi, sem og stórir bollar í rómantískum, blómamunstruðum útgáfum. Dúkarnir eru sérlega litríkir og fallegir og má segja einkennandi fyrir húsbúnað Indiska að skapa töfrandi og hlýlega stemningu,“ segir Dagbjört.

**„Indiska er fyrir allar konur sem vilja líta vel út en klæðast þægilegum fötum og eru óhræddar við að hafa sinn eigin stíl.**



## Hjartans mál Indiska

Indiska rekur nú yfir nítíu verslanir á Norðurlöndunum. Sjötíu prósent vörunnar eru framleidd á Indlandi þar sem Indiska nýtur mikillar virðingar.

„Samfélagsleg ábyrgð og umhverfisvernd eru hjartans mál fyrir Indiska sem starfar undir siðareglum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðavinnumálastofnunar,“ upplýsir Dagbjört. „Slæmur aðbúnaður hefur verið landlægur á indverskum saumastofum en Indiska heldur vel utan um starfsfólk sitt, borgar því mannsæmandi laun og í stéttarfélög til að treysta réttindi þess. Verksmiðjan er björt með gluggum og salernum fyrir saumakonurnar, en víða á Indlandi er algengt að konur striti í tólf tíma á dag í gluggalausum kompum án salernis. Þá er Indiska í samstarfi við WaterAid til að auka aðgang fólks að hreinu vatni og hægt er að kaupa gjafakort hjá okkur til styrktar konum og börnum á Indlandi,“ upplýsir Dagbjört um mannúðarverkefni Indiska sem fyrirtækið hefur alla jafna ekki hátt um.

Indiska er í Kringlunni, 1. hæð. Sími 588 2300. Sjá indiska.is



Boho-stíll eða Bohemian Modern einkennir kventískuna í Indiska og samanstendur af rómantískum og þægilegum fatnaði sem er undir áhrifum frá sígaunum og hippatískunni.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

# ÚTSÖLULOK

**70%**
**afsláttur**

## VERÐDÆMI

Bitte Kai Rand kjóll verð ~~35.980~~ nú 10.794
Gilbret úlpa verð ~~39.980~~ nú 11.994
Gerke buxur verð ~~9.980~~ nú 2.994
Elinette síðkjóll verð ~~24.980~~ nú 7.494
Mos Mosh toppur verð ~~18.980~~ nú 5.694
Patricia skór verð ~~32.980~~ nú 9.894

## NÝ VARA

BITTE KAI RAND
MOS MOSH
FRANKWALDER
ELINETTE
MAT
WONDERS



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Bjargvættur í töff bol

**Axel Björnsson úr Pink Street Boys er mikill skyrtukall og klæðist oft töff bol, leðurjakka og svörtum gallabuxum.**

Rokksveitin Pink Street Boys hefur m.a. verið kölluð „bjargvættir rokksins“ og hinir „íslensku Ramones“ sem Axel Björnssyni, gítarleikara og einum af söngvurum sveitarinnar, finnst vera algjör snilld. Hljómsveitin gaf út sína aðra plötu síðasta haust sem hefur fengið mjög góðar viðtökur meðal gagnrýnenda og rokkþyrstra landsmanna.

Þessa dagana eru þeir félagar á fullu að semja nýtt efni og eru ný byrjaðir að semja á íslensku. „Það er mjög ferskt fyrir eyrun, íslenskan er groddalegt mál sem fer vel við skítugu tónlistina okkar. Fram undan síðar á árinu eru svo festivöl í sumar og nóg af bargiggum. Vinir okkar úr hljómsveitinni Mister Lizard frá Brighton eru á leiðinni til landsins og svo einhver skítug rokkhljómsveit frá Kaliforníu sem ég man ekki hvað heitir. Nóg að gerast.“

Hann segist sjaldan hafa verið jafn mikið í pressunni og þessa dagana. „Við erum búnir að gera tvö myndbönd við lög af plötunni og stefnum á að gera annað bráðlega. Svo er bara að spila og spila.“

Spurður um eigin fatastíl segist hann hafa einfaldan smekk og vera mikill skyrtukall, helst í skógarhöggsmannastíl. „Þó er ég langoftast í einhverjum töff bol, leðurjakka og svörtum gallabuxum. Ég er líka oft í lyftinganærbol því mér finnst það svo kúl því þá lít ég út eins og MMA-bardagamaður. Ég stunda samt enga líkamsrækt, því miður.“



Axel Björnsson úr Pink Street Boys í uppáhaldsflíkinni sinni, svarta leðurjakkanum. MYND/EYÞÓR

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Ætli það sé ekki bara blanda af Danny Zuko úr Grease og Roy Nelson MMA-bardagakappa. Ég held að ég yrði útkoman ef þeir myndu eignast barn saman.

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast?* Ég var meiri skógarhöggsmaður en er meiri Danny Zuko núna. Áður hafði ég ekkert vit á tísku og var bara í joggingbuxum og úlpum. Núna vil ég bara vera í leðurjakka, gallabuxum og bol með þröngum ermum svo ég líti út fyrir að vera með stærri upphandleggi. Ég þoldi ekki að fara í fatabúðir áður en núna finnst mér ég alltaf vera í H&M eða Kolaportinu að leita að flottum bolum. Nærboli fæ ég svo í Sports Direct.

*Hvernig fylgist þú með tískunni?* Ég fer stundum á eBay, leita að „men's leather bomber jacket“ og læt mig dreyma. Svo hef ég líka smá blæti fyrir hafnaboltajökkum og derhúfum. Ég stefni á að kaupa

> **Ég er líka oft í lyftinganærbol því mér finnst það svo kúl því þá lít ég út eins og MMA-bardagamaður. Ég stunda samt enga líkamsrækt, því miður.**

einhvern flottan hafnaboltajakka. Verst að ég veit ekkert um hafnabolta.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?* Kolaportinu, Sports Direct, H&M og Dressman.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?* Ég er alltaf að týna flíkum. Þó á ég enn baðslopp frá Vogi sem vinur frænda míns rændi á sínum tíma. Búinn að eiga hann í allavega tíu ár og nota hann á kósí dögum.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Sports Direct og Kolaportið. Í útlöndum reyni ég helst að finna kúl jakka og boli á flóamörkuðum.

*Áttu þér uppáhaldsflík?* Það er leðurjakkinn sem ég sýni hér. Daníel vinur minn græddi hann þegar hann var í sveit í Arnarfirði sem táningur. Ég fékk að máta hann fyrir myndatöku og hann fór mér bara svo drullvel.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Ég fór í outlet í Boston í sumar og keypti Timberland og Converse skó á samanlagt 7.000 kr. Verstu kaupin voru þessar 3-4 Chinos buxur úr Dressman. Það var alltaf að rifna gat á klofið á mér.

*Eyðir þú miklu í föt?* Nei. En svona 100 sinnum meira en ég gerði fyrir fimm árum.

*Notar þú fylgihluti?* Sólgleraugu algjört „must“, helst flugmanna Ray Ban eða stór og fyrirferðarmikil sólgleraugu. Svo eru tóbaksklútar alltaf góðir. Mamma prjónaði rosa fallega húfu á mig fyrir jólin sem ég er mikið með í kuldanum.

*Hvert stefnir þú í lífinu?* Bara að halda áfram að gera músík. Kaupa íbúð, finna mér góða konu. Hætta að éta rusl og borða meiri fisk og lýsi. Svo þarf maður að fara að ferðast meira. Núna er ég mjög spenntur fyrir Suður-Ameríku, Austur-Evrópu og suðurríkjum Bandaríkjanna.

ÚTSALA - ÚTSALA ÚTSALA - ÚTSALA ÚTSALA - ÚTSALA
Algjört verðhrun
Síðustu dagar útsölunnar
Aðeins 5 verð
1000 - 2000 - 3000 - 4000 - 5000
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


Gæði – alla leið!
ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG
„Fyrir mig skipta gæði hráefnisins öllu máli.
Það er frábært að vita að SS, fyrirtæki í eigu bændanna sjálfra, sækir gripina heim á bæ og tryggir gæði alla leið. Það gerir mína matseld enn betri.“
Systkinin í Efstadal eru hluti þeirra 900 bænda sem saman eiga SS.
RAGNAR FREYR INGVARSSON
LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU
SS
Síðan 1907
ÁRNASYNIR

# Ákvað að hætta að fela sig

**Elsa Ingibjargardóttir, upplýsingafræðingur, mamma og hrollvekjuaðdáandi, leyfði sér að kaupa einn kjól í Kjólum og konfekti og eftir það hefur hún aðeins keypt falleg föt sem henni líður vel í.**

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



Elsa gengur mikið í kjólum og helst í sniðum sem væri hægt að staðsetja á sjötta áratugnum. „Mér finnst sniðið á þeim falla vel að minni líkamsbyggingu. Mér hefur oft þótt kjólar og föt á feitar konur vera hönnuð meira fyrir konur með eplavöxt þannig að fötin eiga til að vera víð um mittið og þröng um brjóstin, en ég er að leita að akkúrat öfugu, ég vil hafa fötin tekin inn við mittið og vera þægilega rúm um brjóstin. Á veturna er ég oftast í þykkum leggings við kjólana mína en á sumrin í sokkabuxum.“ Uppáhaldsmerki Elsu eru Lindy Bop, Hearts and Roses London og Hell Bunny. „Öll þessi merki eiga það sameiginlegt að vera með vintage kjóla í öllum stærðum sem eru oft litríkir með fallegum munstrum. Þá er líka hægt að fá einfalda kjóla frá þeim sem eru virkilega fallegir í sniðinu. Síðan eru Zizzi leggings buxurnar úr Curvy alveg svakalega góðar og þægilegar og líka svörtu bómullarermarnar sem ég keypti þar og nota mjög mikið við ermalausa kjóla.“

Þegar kona er svona mikið í kjólum er nauðsynlegt að eiga fallega kápu. „Ég á eina kápu sem ég er mjög hrifin af en hún er einmitt með þessu 1950's sniði, þægilega síð og þykk til að halda á manni hita í kuldanum. Hún er frá Hell Bunny og keypt í Kjólum og konfekti á Laugavegi.“

Elsa viðurkennir fúslega að Kjólar og konfekt sé í uppáhaldi. „Ég var alltaf að fresta því að kaupa föt því ég ætlaði að verða grennri eða öðruvísi. Síðan kom þessi búð með alla þessa litríku fallegu kjóla og ég ákvað að „leyfa“ mér einn kjól og síðan þá hef ég keypt mér föt sem ég passa í og líður vel í núna, ekki föt sem ég passaði í þegar ég var grennri eða föt sem ég „ætti“ að passa í eða mun einhvern tímann passa í. Það var líka frábært að fá búð eins og Curvy og fleiri búðir því áður var mjög takmarkað úrval af fötum fyrir feitar konur. Netið gerði líka allt auðveldara. Ég keypti til dæmis kjólinn sem ég giftist í núna í desember gegnum eBay en hann er frá Hearts and Roses London. Það er kjóll sem ég get síðan notað áfram við ýmis tækifæri því hann er blómlegur og litríkur.“

Það þarf ekki að koma á óvart að uppáhaldsflík Elsu er kjóll, gulhvítur með svörtu blómamunstri. „Hann er frá Lindy Bop og alveg svakalega þægilegur auk þess að vera fallegur. Ég legg mikið upp úr því að vera í þægilegum fötum og finnst algjör óþarfi að vera í óþægilegum fötum þó ég hafi gert það eins og flestar konur.“

Elsa segist alltaf hafa verið hrifin af sterkum og miklum litum. „Mér finnst ég eitthvað skrýtin ef ég er alveg svartklædd, það er bara ekki ég. Ef ég er í dökkum kjólum þá fer ég oft í sokkabuxur í sterkum lit eins og t.d. rauðar eða fjólubláar. Ég lagði mikið upp úr því að fela mig áður, gekk í mjög litlausum fötum sem voru í raun bara gerð til að hylja mann. Feitt fólk fær oft leiðinleg komment varðandi útlitið bæði frá nákomnum og ókunnugu fólki og það styður þá hugsun að fela sig og passa að láta ekki fara mikið fyrir sér. Ég ákvað einhvern tíma að hætta að fela mig og reyna að verða einhver „betri“ manneskja sem þýðir oftast að ég eigi að líta öðruvísi út. Ég var svo lengi alltaf í megrun eða á leið í megrun og á meðan mátti ég ekki gera neitt fyrir mig eins og til dæmis að kaupa mér falleg föt. Ég er að vinna að því að koma mér út úr þessu leiðinlega þreytandi og mannskemmandi munstri og sýna sjálfri mér þá virðingu sem allir eiga skilið, óháð útliti. Hluti af því er að kaupa sér falleg föt og vera áberandi og flott.“ Sem Elsu hefur svo sannarlega tekist.



Elsa Ingibjargardóttir hefur mest gaman af því að klæðast litríkum kjólum með skemmtilegum mynstrum.



Elsa er hér í brúðarkjólnum sínum sem er frá Hearts and roses London. MYNDIR/ANTON BRINK



Uppáhaldskjóllinn er frá Lindy Bop, fallegur og einstaklega þægilegur..




ÚTSÖLULOK

Einungis 5 verð:

900 kr.
1.900 kr.
2.900 kr.
3.900 kr.
4.900 kr.

Verslið góðan fatnað á frábæru verði.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

# Tom Ford setur loðfeldi út í kuldann

Fatahönnuðurinn Tom Ford hefur tilkynnt að hann muni ekki framar nota loðfeldi af dýrum við hönnun sína. Með þessu fetar hann í fótspor stóru tískuhúsanna Gucci, Armani, Tommy Hilfiger, Calvin Klein og Ralph Lauren sem einnig hafa sett loðfeldi út í kuldann. Tom Ford segir ástæðuna fyrir þessum hamskiptum vera þá að hann sé hættur að borða dýraafurðir og þetta sé í takt við þann lífsstíl. Í staðinn fyrir dýraloðfeldi ætlar Tom Ford að nota gervifeldi í sína hönnun. Tom Ford hefur verið gagnrýndur af dýraverndunarsamtökum á borð við PETA fyrir að nota feldi af dýrum í fatahönnun sína og fyrir nokkru skvetti kona úr samtökunum tómatsafa yfir hann í mótmælaskyni. Hann viðurkennir að það hafi haft áhrif á þessa ákvörðun en þessi stefna er að verða æ meira áberandi innan tískuiðnaðarins.


Tom Ford ætlar að nota gervifeldi í hönnun sína hér eftir.




## Stuttermabolir sýndir í London

Hvíti stuttermabolurinn verður í sviðsljósinu á Fashion and Textile safninu í London frá 9. febrúar en þar á að hylla þennan fasta í flestum fataskápum. Upphaflega var hvíti stuttermabolurinn undirfatnaður á verkamenn en hans er fyrst getið í skáldsögu eftir F. Scott Fitzgerald á þriðja áratugnum sem tákn um karlmennsku. Það var svo Marlon Brando sem gerði bolinn frægan árið 1951 í kvikmyndinni Sporvagninn Girnd. Barbara Hulanicki gerði stuttermabolinn að sjálfstæðri tískuvöru í Bretlandi á sjöunda áratugnum en sýningin mun snúast að mestu um pólitískan slagkraft stuttermabola með áletrun. Það var Vivienne Westwood sem fyrst setti skilaboð á bol og á sýningunni verður skyggnst inn í einkasafn hennar sem spannar boli frá upphafi níunda áratugarins og fram á þennan dag þar sem skilaboð eins og „Let it Rock“, „Sex“, „Active Resistance“, „Propaganda“ og „Climate Revolution“ hrista upp í safngestum.

Sýningin „T-shirt: Cult, Culture, Subversion“ stendur frá 9. febrúar til 6. maí nk.



## Íslenska lopapeysan

Farandsýning um uppruna íslensku lopapeysunnar stendur nú yfir í Hönnunarsafni Íslands. Sýningin byggir á rannsókn Ásdísar Jóelsdóttur og hönnuður sýningarinnar er Auður Ösp Guðmundsdóttir.

„Íslenska lopapeysan þróaðist frá því að vera vinnufatnaður sem nýttist aðallega við erfið útistörf í það að verða að þjóðlegri minjavöru og vinsælli tískuvöru. Þannig endurspeglar peysan lífshætti og sögu þjóðar. Engin ein prjónakona „hannaði“ peysuna heldur hefur útlit hennar og gerð tengst mörgum áhrifavöldum og ekki síst því að hún þurfti að vera fljótprjónuð. Íslenskar prjónakonur hafa átt veg og vanda af þessari þróun. Þjálfun og reynsla, formskynjun í munsturgerð, næmni fyrir litum og litasamsetningum ásamt ánægjunni af því að prjóna hefur verið undirstaða í hönnun lopapeysunnar.“

Sýningin stendur til 28. febrúar.














Hale-Bopp sjalið sem Eva prjónaði „leyniprjóni“ sem höfundurinn, Ambah O'Brien, stóð fyrir. MYNDIR/ANTON BRINK

# Útrás fyrir sköpunargleðina

Eva Kristinsdóttir er ein þeirra sem standa að hópnum Svöl sjöl á Facebook. Þar miðla áhugasamir prjónarar myndum og hugmyndum að handprjónuðum sjölum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Eva Kristinsdóttir veit fátt skemmtilegra en að hafa eitthvað á prjónunum. Hún hefur prjónað margar flíkur, sjöl og fylgihluti og segir það vera góða leið til að fá útrás fyrir sköpunargleðina. „Prjónaskapur er mjög góður fyrir hugann og getur verið hálfgerð hugleiðsla. Stundum vil ég ekki gera neitt nema prjóna og er alveg viðþolslaus en ég tek mér líka pásur inn á milli,“ segir Eva sem er sérfræðingur í lyfjaskráningum hjá Vistor og lýkur senn mastersnámi í verkefnastjórnun frá HR. „Ég hef sem sé minni tíma til að prjóna en ég vildi,“ segir hún brosandi.

Eftirminnilegasta prjónaverkefnið sem Eva hefur tekið sér fyrir hendur er peysa sem hún og tvær vinkonur hennar prjónuðu í sameiningu. „Ein okkar prjónaði bolinn, önnur ermarnar og ég mynstrið og síðan setti ég peysuna saman. Við gáfum svo vinkonu okkur peysuna að gjöf fyrir brúðkaupið hennar og hún var mjög ánægð. Mér þykir alltaf vænt um þetta verkefni, enda er það minnisstætt,“ segir Eva ánægð.

## Stofnaði prjónaklúbb

Prjónaskapurinn er einnig góð leið til að kynnast fólki með svipað áhugamál, að sögn Evu. „Við vorum fjórar sem stofnuðum hópinn Svöl sjöl á Facebook árið 2016 og upphaflega þekkti ég hinar þrjár ekki neitt en í dag erum við allar ágætisvinkonur. Samskiptin á Svölum sjölum eru almennt mjög jákvæð og uppbyggjandi sem gerir þetta allt svo skemmtilegt. Fyrir stuttu stofnaði ég svo prjónaklúbb með konum sem þekkjast mismikið en þær hafa allar gaman af því að prjóna,“ segir hún.

Félagar í hópnum Svöl sjöl eru nú á sjöunda þúsundið og fer sífellt fjölgandi. Í síðustu viku hófst svokallað samprjón sem hefur verið mjög vinsælt. „Hildur Ýr Ísberg hannaði æðislegt sjal sem varð fyrir valinu að þessu sinni og hver og einn getur keypt uppskriftina. Litaval hvers og eins er auðvitað alveg frjálst og það er einmitt svo skemmtilegt að sjá sömu útgáfuna af sjali í öllum regnbogans litum.



Sjalið Speckled face eftir Stephen West sem Eva prjónaði í janúar sl.



Sjal frá samprjóninu í fyrra. Eva segir sérlega róandi fyrir hugann að prjóna og að það sé hálfgerð hugleiðsla.

Við fitjuðum allar upp á sama tíma og svo prjónar hver með sínum hraða. Í fyrra stóðu tvær öflugar prjónakonur fyrir prjónagöngu þar sem garnbúðir höfuðborgarsvæðisins tóku þátt og vonandi verður hún aftur í ár,“ segir Eva.

## Handlitað garn heillar

Þegar Eva er spurð hvað valdi þessum áhuga á að prjóna sjöl segist hún telja að handlitað garn eigi sinn þátt í því. „Það er mjög vinsælt, enda afar fallegt og heillar marga. Það er líka skemmtilegra að prjóna og raða saman litum með litfögru garni. Með tilkomu samfélagsmiðla eins og Ravelry, Facebook-handavinnuhópa, Instagram og Snapchat er auðveldara að fá hugmyndir og innblástur að verkefnum,“ segir Eva.

Spurð hvort sjöl séu komin í tísku segir Eva þau svo sem ekki vera ný af nálinni en það sé alltaf gaman að ganga í handunninni flík. „Falleg og nýstárlegri hönnun á örugglega sinn hlut í sjalaæðinu. Sjöl má prjóna í mörgum útfærslum og litagleðin er mikil í dag. Formið á sjölum hefur líka breyst frá því sem áður var og þau henta vel fyrir íslenskt veðurfar.“

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára lesa
Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.




Allt sem þú þarft ...

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
**Múrum og smíðum ehf**

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Keypt & Selt

## Til sölu



mýranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


Barnaheill
Save the Children á Íslandi


**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.
**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**





586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Eignasala.is

LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA

Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is

Júlíus M Steinþórsson Lögg, fasteigna, fyrirtækja og skipasali




## Kjóahraun 5, Hafnarfirði

**Opið hús í dag kl.17:30-18:00**

Fallegt 191,9m2, 5 herbergja einbýli með bílskúr.

**Verð kr. 74.800.000-**



Póst dreifing

við komum því til skila

**VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...**

værirðu til í að hafa útiljósin kveikt og stéttina auða ... fyrir okkur?

www.postdreifing.is



LIND FASTEIGNASALA

**510 7900**

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**Holtsvegur 3, íb 205**

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 118,9 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

**Íbúð 0205 er skráð á 2.hæð en er jarðhæð öðru megin og með útgengi á verönd. Samtals 118,9 fm að stærð þar af geymsla 9,3 fm. Innréttingar í íbúð 0205 eru Gladstone Oak, Dökkar. Bílastæði í bílakjallara fylgir.**

**53.000.000 KR**



**OPIÐ HÚS › 8. FEB 17:00 – 17:45**



*Heyrumst*

**Hannes Steindórsson**

Löggiltur fasteignasali

Sölustjóri

› 699 5008

› hannes@fastlind.is






## Úthlutanir úr IHM-sjóði

Í samræmi við reglur um ráðstöfun greiðslna frá Innheimtumiðstöð gjalda auglýsir RSÍ hér með eftir umsóknum um fjárframlög úr svonefndum IHM-sjóði Rithöfundasambandsins.

Rétt til úthlutunar úr myndbanda- og geisladiskageira eiga rithöfundar, leikskáld, þýðendur, handritshöfundar og aðrir höfundar og þýðendur leikins efnis og annarra skáldverka, sem flutt (frumflutningur og endurflutningur) hafa verið í sjónvarpi ári 2013, 2014, 2015 og 2016. Um úthlutun geta sótt allir þeir sem telja sig eiga rétt, án tillits til félagsaðildar. Höfundum handrita fræðslu- og heimildarmynda er bent á að sækja um til Hagþenkis - félags höfunda fræðirita og kennslugagna.

Með umsóknum fylgi yfirlit um birt verk umsækjanda í sjónvarpi 2013, 2014, 2015 og 2016. Taka skal fram lengd flutnings í mínútum, flutningsstað, dagsetningu flutnings og hlutfall ef höfundar eru fleiri en einn.

Sótt er um á rafrænu umsóknareyðublaði á heimasíðu Rithöfundasambandsins,
https://rsi.is/verdlaun-og-sjodir/ihm-sjodur-umsoknareydublad/

**Umsóknir skulu berast fyrir 1. mars n.k.**

Vakin er athygli á að þetta er í síðasta sinn sem úthlutað er á grundvelli núgildandi úthlutunarreglna. Nýjar reglur verða lagðar fyrir aðalfund RSÍ í apríl. Úthlutun vegna ársins 2017 verður auglýst þegar nýjar reglur liggja fyrir og greiðslur hafa borist frá Innheimtumiðstöð gjalda.



# KERFISÁÆTLUN 2018–2027

## Verk- og matslýsing

Landsnet vinnur að undirbúningi Kerfisáætlunar 2018-2027. Verk- og matslýsing er birt á heimasíðu Landsnets, landsnet.is. Þar koma fram upplýsingar um helstu forsendur og áherslur sem Kerfisáætlun 2018-2027 mun taka mið af.

Óskað er eftir ábendingum og athugasemdum sem geta nýst í vinnu kerfisáætlunarinnar og umhverfismats hennar.

Athugasemdir má senda á netfangið landsnet@landsnet.is til og með 5. mars n.k. Einnig má senda athugasemdir til Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík og merkja „Verk- og matslýsing kerfisáætlunar“.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**viftur.is**



Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

**íshúsið**

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**



**Dáleiðsla**

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr.
og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is


Við hjálpum þér
að bæta lífsgæðin
Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

## Síðastar í Höllina




ÍBV varð í gær síðasta liðið til að tryggja sig áfram í undanúrslit Coca Cola bikars kvenna en það gerði liðið með sigri á Stjörnunni í Ásgarði. Í hálfleik voru Eyjastúlkur með tveggja marka forskot, 12-10, en juku muninn mest í sex mörk í þeim síðari. Lokatölur urðu 27-24. Ekki liggur fyrir hvaða liði ÍBV mætir en Fram, Haukar og Þór/KA höfðu áður tryggt sér sæti í bikarveislunni sem leikin verður í Laugardalshöll í upphafi mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rúmlega milljón króna biti sem Njarðvík þarf að kyngja

**Þrátt fyrir að Kristinn Pálsson hafi æft körfubolta hjá Njarðvík frá 6-15 ára aldurs telst það ekki uppeldisfélag hans. Njarðvíkingar þurfa að greiða Stella Azzura frá Ítalíu 1,2 milljónir króna í uppeldisbætur. Upphæðin verður greidd í dag og eru Njarðvíkingar vongóðir um að Kristinn geti spilað gegn Þór Ak. í kvöld.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar vonast til að Kristinn Pálsson snúi aftur á parketið þegar þeir taka á móti Þórsurum frá Akureyri í kvöld. Kristinn hefur ekkert spilað með Njarðvík frá því um miðjan janúar eftir að FIBA, Alþjóðakörfuknattleikssambandið, afturkallaði keppnisleyfi hans.

Á mánudaginn dæmdi FIBA svo körfuknattleiksdeild Njarðvíkur til að greiða ítalska liðinu Stella Azzura uppeldisbætur vegna Kristins. Njarðvíkingar eru ósáttir við niðurstöðu dómsins og þá túlkun að Stella Azzura teljist uppeldisfélag leikmannsins.

„Kristinn kemur til okkar um miðjan desember frá Marist-háskólanum í Bandaríkjunum. Leyfið hans (e. letter of clearance) lá inni hjá Stella Azzura meðan hann var í háskóla. Við töldum að það væri tiltölulega einfalt að sækja það en þá kom á daginn að þeir vildu fá uppeldisbætur fyrir hann þar sem hann var enn skráður hjá félaginu þegar hann var 18 ára,“ sagði Friðrik Ragnarsson, formaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þegar leikmaður verður 18 ára er félagið sem hann er skráður í talið uppeldisfélag hans, jafnvel þótt hann hafi verið hjá okkur frá sex til 15 ára aldurs. Við eyddum níu árum í að þjálfa hann upp og það er einhver ástæða fyrir því að Stella Azzura vildi hann.“

Njarðvík var dæmt til að greiða ítalska liðinu uppeldisbætur í þremur liðum; vegna sérstaks félagaskiptagjalds fyrir leikmenn yngri en 18 ára, skólagöngu Kristins á Ítalíu og uppihalds hans.

„Dómurinn var ítarlegur, níu blaðsíðna langur. Þegar við ráðfærðum okkur við lögfróða menn var okkur ráðlagt að borga þessa upphæð,“ sagði Friðrik. Njarðvíkingar hefðu getað áfrýjað dómnum en það hefði tekið sinn tíma og Kristinn gæti ekki spilað með Njarðvík á meðan.

Upphaflega krafðist Stella Azzura um níu milljóna króna í uppeldisbætur. Á endanum var Njarðvík dæmt til að greiða ítalska liðinu 1,2 milljónir króna.

Friðrik segir að Njarðvík muni borga upphæðina í dag og Kristinn fái því vonandi grænt ljós á að spila gegn Þór í kvöld. En eru Njarðvíkingar búnir að safna fyrir þessu?

„Það er að reytast inn á okkur peningur úr alls konar áttum. Við erum þakklát fyrir það. Vonandi kemur sem mest inn svo við getum lokað þessu dæmi,“ sagði Friðrik sem viðurkennir að þetta sé erfiður biti að kyngja. Það sé þó nauðsynlegt til að Kristinn geti byrjað að spila á nýjan leik.




Kristinn Pálsson í leik með íslenska U-20 ára landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Stóra ástæðan fyrir að við ákváðum að borga þetta var að við vildum ekki halda honum lengur í frosti. Það er hræðilegt að hann sé í þeirri stöðu að geta ekki spilað fyrr en þeir segja já.“

Friðrik segist ekki muna eftir sambærilegu dæmi hér á landi.

„Ég held að þetta sé einsdæmi. En svo hef ég heyrt að þetta sé að verða algengara í Evrópu og þeir kalli þetta leikmannagildrur,“ sagði Friðrik og bætti við að Ítalirnir kunni greinilega til verka í svona málum.

„Þeir vissu nákvæmlega hvað þeir voru að gera. Þeir eru greinilega engir nýgræðingar í þessum efnum. Þeir þekktu reglurnar út og inn og vissu að þeir þyrftu að bjóða honum samning sem þeir gerðu fyrir 3-4 vikum,“ sagði Friðrik en Stella Azzura þurfti að gera Kristni samningstilboð til að geta gert tilkall til uppeldisbóta. Engu breytti þótt hann hafnaði tilboði félagsins.

„Við gerum okkur vonir um að við fáum leyfið fyrir hann á morgun [í dag],“ sagði Friðrik að lokum.

ingvithor@frettabladid.is



Freydís Halla Einarsdóttir, fánaberi Íslands í Peyongchang. MYND/ÍSÍ

## Freydís verður fánaberi Íslands

**VETRARÓLYMPÍULEIKAR** Freydís Halla Einarsdóttir, keppandi í alpagreinum, verður fánaberi Íslands á setningarhátíð Vetrarólympíuleikanna í PyeongChang 2018. Vetrarólympíuleikarnir verða settir við hátíðlega athöfn á morgun.

Freydís er fimmta konan sem er fánaberi Íslands á Vetrarólympíuleikum. Hinar eru Dagný Linda Kristjánsdóttir (2006 og 2002), Theodóra Mathiesen (1998), Ásta Halldórsdóttir (1994 og 1992) og Nanna Leifsdóttir (1984).

Freydís keppir bæði í svigi og stórsvigi í PyeongChang. Mánudaginn 12. febrúar keppir hún í stórsvigi og í svigi miðvikudaginn 14. febrúar.

Ísland á alls fimm keppendur á Vetrarólympíuleikunum í ár. Auk Freydísar eru það Elsa Guðrún Jónsdóttir, Isak S. Pedersen, Snorri Einarsson og Sturla Snær Snorrason. – iþs




Guðmundur Karl og Bergsveinn ásamt Ólafi Páli Snorrasyni, þjálfara Fjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Komnir aftur í Grafarvoginn

**FÓTBOLTI** Bergsveinn Ólafsson og Guðmundur Karl Guðmundsson eru komnir aftur til Fjölnis eftir dvöl hjá FH. Þeir eru uppaldir Fjölnismenn og hafa báðir verið fyrirliðar liðsins.

Bergsveinn lék í tvö ár með FH og varð einu sinni Íslandsmeistari með liðinu (2016). Guðmundur Karl lék með FH á síðasta tímabili og var inn og út úr byrjunarliðinu. Bergsveinn skrifaði undir þriggja ára samning við Fjölni en samningur Guðmundar Karls er til tveggja ára.

Talsverðar breytingar hafa orðið á liði Fjölnis í vetur. Fimm erlendir leikmenn eru horfnir á braut og fimm íslenskir leikmenn komnir í staðinn. Auk Bergsveins og Guðmundar Karls eru Almarr Ormarsson, Arnór Breki Ásþórsson og Sigurpáll Melberg Pálsson komnir til Grafarvogsliðsins sem varð Reykjavíkurmeistari í fyrsta sinn á mánudaginn. Fjölnir fagnar 30 ára afmæli sínu á sunnudaginn. – iþs

# ALLIR Í FJALLIÐ

## SKÍÐADEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND

FRÁBÆRT ÚRVAL • FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA • FULLKOMIÐ VERKSTÆÐI




*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## 100 ára
afmæli 8. febrúar 2018



### Jensína Jóna Kristín

Jensína fæddist á Fossum í Skutulsfirði 8. febrúar 1918, dóttir hjónanna Guðmundar Jónatanssonar og Daðeyjar Guðmundsdóttur.
Eiginmaður Jensínu var Ingimundur Guðmundsson frá Tannanesi í Önundarfirði, hann lést haustið 2001. Eignuðust þau hjón 5 börn og alls eru barnabörnin 18 og langömmubörnin 42.

---



†

Elskulegur faðir minn, afi og langafi,

**Emil Þórðarson**
skipstjóri,
Hrafnistu, Nesvöllum,
áður til heimilis að Sólvallagötu 36,
Keflavík,

lést föstudaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 15. febrúar kl. 11. Innilegar þakkir til starfsfólks Nesvalla fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Gerður Guðmundsdóttir**
**Þorbjörn Emil Kjærbo**
**Tinna Eir Kjærbo**
**Ari Hálfdán Aðalgeirsson**
**Aðalgeir Emil Arason Kjærbo**
**Thor Guðni Arason Kjærbo**

---



†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Hanna Ásgeirsdóttir**
Grandavegi 41,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 3. febrúar.
Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir** **Konráð Lúðvíksson**
**Ásgeir Magnússon** **Ásthildur Lárusdóttir**
**Björn Magnússon** **Guðrún Jónsdóttir**
**Jens Magnússon** **Gerður Kristjánsdóttir**
**Torfi Magnússon** **Lilja Þórisdóttir**
**Þorbjörg Magnúsdóttir** **Gylfi Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg mamma okkar,

**Magnúsína Bjarnadóttir**
Stórholti 26,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 5. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**F.h. fjölskyldunnar,**
**Sólrún og Heiða Ragnarsdætur**

---



†

Frænka mín,

**Þorgerður Hermannsdóttir**
frá Suðureyri við Súgandafjörð,

er látin.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðrún Ólafsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

---



Saga Matthildur Árnadóttir stefnir á að gefa út plötu síðar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skalf úr stressi þegar hún sendi frá sér fyrsta lagið

**Söngkonan Saga Matthildur Árnadóttir, sem margir muna eflaust eftir úr Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2015, var að gefa út sitt fyrsta lag. Saga Matthildur, sem er 19 ára, vonar að þetta lag sé fyrsta skrefið í átt að plötuútgáfu og frekari tónlistarsköpun.**

Söngkonan Saga Matthildur Árnadóttir stendur á tímamótum þar sem hún gaf út sitt fyrsta lag á mánudaginn. Saga er 19 ára en þrátt fyrir ungan aldur hefur Saga samið tónlist og sungið í nokkur ár. Margir muna eftir henni úr Söngkeppni framhaldsskólanna en hún keppti árið 2015 fyrir hönd FG og hafnaði í þriðja sæti og vann símakosninguna.

Saga var himinlifandi með árangurinn í keppninni en tók sér þó fljótlega smá pásu. „Ég er með kvíðaröskun og hef notað tónlistina til að vinna mig í gegnum það. Það var svo mikið í gangi á þessum tíma þannig að mig langaði aðeins að hægja á mér og taka pásu. Ég spilaði alveg á nokkrum stöðum og það var gaman en ég vildi samt taka pásu frá því að koma fram.“

En Saga er komin á fullt aftur í tónlistinni og hefur undanfarið nýtt tímann í tónlistarsköpun ásamt vini sínum, Pétri Þór Sævarssyni. „Hann tók upp nýja lagið mitt og framleiddi.“

Spurð nánar út í þetta fyrsta lag sem Saga gefur út segir hún: „Það heitir Peter Pan og ég samdi það þegar ég var 15 ára. Það er eitthvað við þetta lag, mér þykir mjög vænt um það.“ Í laginu syngur kór með Sögu á köflum. „Ég setti saman kór með því að fara bara á Facebook og finna alla vini mína sem ég vissi að gætu sungið,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að því hafi fylgt mikið stress að gefa lagið út þegar það var loksins tilbúið. „Þegar ég var að bíða eftir að fá lagið á Spotify þá skalf ég hálfan daginn, af stressi og spenningi. En ég er ótrúlega ánægð með að hafa gert þetta því þetta er það sem mig er búið að langa að gera síðan ég var 6 ára.“

Aðspurð hvernig hún sjái framtíðina fyrir sér segist Saga vona að þetta fyrsta lag sem hún gefur út sé fyrsta skrefið í átt að plötuútgáfu. „Ég er strax byrjuð að vinna í næsta lagi og vonandi kemur plata á árinu. Stefnan er sett á það.“

Áhugasamir geta hlustað á Peter Pan eftir Sögu bæði á Youtube og Spotify.

**gudnyhronn@365.is**

---



†

Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

**Sverrir Sigurjónsson**
rafvirkjameistari,
til heimilis að Melgerði 35,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 2. febrúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**G. Linda Sverrisdóttir**
**Sverrir Már Sverrisson**
**barnabörn og langafabarn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sveinn Kristján Pétursson**
til heimilis að Kirkjubrekku 8,
Álftanesi,

lést á heimili sínu föstudaginn 2. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Garðakirkju, miðvikudaginn 14. febrúar kl. 15.00.

**Sigurborg Kristjánsdóttir**
**Halldór Sigurbergur Sveinsson** **Hulda Guðrún Bjarnadóttir**
**Kristján Guðberg Sveinsson** **Sandra Lind Valsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Bróðir okkar,

**Haraldur Eyjólfsson**
frá Hömrum, Grímsnesi,

lést 27. janúar á heimili sínu að Ási í Hveragerði. Útförin fer fram föstudaginn 9. febrúar kl. 15.00 í Fossvogskapellu.

**Systkini hins látna,**
**Ágúst Eyjólfsson**
**Ásgeir Eyjólfsson**
**Guðmundur Eyjólfsson**
**Kristín Eyjólfsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Elsku pabbi okkar,
tengdapabbi, afi og langafi,

**Eyjólfur Níels Bjarnason**
rafvirkjameistari,
Frostafold 20,

lést laugardaginn 3. febrúar sl. á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.
Útför fer fram í Háteigskirkju föstudaginn 9. febrúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Konráð Eyjólfsson** **Helga Óladóttir**
**Herdís Eyjólfsdóttir** **Ægir K. Bjarnason**
**Unnar Eyjólfsson** **Hildur A. Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**998** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn

1 kg

LÍFRÆNT



**398** kr. kg

**Mangó**
Lífrænt, Perú



LÁGT VERÐ ALLA DAGA

Skoðaðu nýtt
**PÓSTBRÉF BÓNUS**
á bonus.is




BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **11. febrúar** eða meðan birgðir endast.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Suðvestan strekkingur með éljum, en léttskýjað á NA- og A-landi. Vægt frost.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -8° | -4° |
| ↗ 9 | ↙ 7 | → 11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -6° | -5° | -8° |
| ↑ 8 | ↗ 4 | → 9 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -5° | -3° |
| ↓ 5 | ↙ 18 | ↙ 17 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | -0° | -5° |
| ↖ 5 | → 4 | ← 7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. steikja
5. sakka
6. í röð
8. klaufska
10. skóli
11. blessun
12. samsull
13. streita
15. uppvakning
17. flugfar.

**LÓÐRÉTT**
1. matjurt
2. leiktæki
3. háma
4. niðurfelling
7. plönturót
9. gægjast
12. endafjöl
14. tilvist
16. tveir eins.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. brúna, 5. lóð, 6. fg, 8. ólagni, 10. ma, 11. lán, 12. gums, 13. álag, 15. lífgun, 17. flaug.
**LÓÐRÉTT:** 1. blómkál, 2. róla, 3. úða, 4. afnám, 7. ginseng, 9. glugga, 12. gafl, 14. líf, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Capablanca átti leik gegn Morris í Nýju Jórvík árið 1911.
**Hvítur á leik**
**1. He7! Dxe7 2. Rxf5 De5 3. Hxh7+! Kxh7 4. Dh5+.** Úrslitin réðust á Skákþingi Reykjavíkur í gærkvöldi en mikil spenna var fyrir lokaumferðina. Jóhann Hjartarson og Björgvin Jónsson eru efstir og jafnir á Skákhátíð MótX en fimmta umferð for fram í fyrrakvöld.
**www.skak.is:** Allt um Skákþing Reykjavíkur.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝJAR KILJUR, MEIRI SPENNA!




„... vel útfærðar persónur, margslunginn söguþráður og spennandi vendingar; allt eru þetta einkenni sagnameistara..."

Library Journal

Þorsti
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




★★★★★
Amazon.co.uk - Amazon.com - Goodreads.com

Myrkrið bíður
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




„Fantavel skrifuð og grípandi."

Afton bladet

Sálir vindsins
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-




„Bækur Jónínu um Eddu eru skyldulesning fyrir alla sem hafa gaman af íslenskum glæpasögum."

Yrsa Sigurðardóttir

Óvelkomni maðurinn
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 3.999.-

#LESUMMEIRA

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 11. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Þessi fjarlægð er nauðsynleg og gefur mér frelsi

**Orri Jónsson, ljósmyndari og tónlistarmaður, opnar einkasýningu í Gallery i8 í dag. Orri segir myndirnar í heild vera ákveðna viðleitni til þess að búa til tengingar og hughrif sem eru stærri en fjölskyldualbúm.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það verður að segjast að ég fór óvenjulega inn í ljósmyndun. Ég lærði ljósmyndun vitandi að ég myndi aldrei vinna sem ljósmyndari. Mig langaði bara til þess að ná tökum á miðlinum og geta notað hann fyrir sjálfan mig og þess vegna hef ég svona unnið meira í öðru eins og tónlist, upptökum og öðru,“ segir Orri Jónsson sem í dag opnar sýningu á ljósmyndaverkum í Gallery i8.

Orri lauk BFA-gráðu frá School of Visual Arts árið 1996 og hefur síðan haldið einkasýningar, tekið þátt í samsýningum og árið 2011 kom út hjá Steidl bókin Interiors með myndum af hverfandi eyðibýlum á Íslandi, en bók með þeim verkum sem Orri sýnir nú er áætluð á næsta ári. Orri er einnig starfandi sem tónlistarmaður, helmingur tvíeykisins Slowblow auk þess að hafa samið og útsett tónlist við allar myndir leikstjórans Dags Kára.



„Þetta arkíf sem ég er að vinna úr er miklu stærra en það sem ég er að sýna hér,“ segir Orri um sýninguna í Gallery i8 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Sjálfsprottinn efniviður

Orra er því greinilega margt til lista lagt og hann segir að ljósmyndina hafi hann alltaf viljað hafa fyrir sjálfan sig. Aðspurður tekur hann þó fram að þetta hafi vissulega ekki verið hugsað til þess að mynda fyrir fjölskyldualbúmið. „Þetta sem ég er að sýna núna eru reyndar ekki myndir sem ég tók með það fyrir augum að sýna þær. Þetta er ákveðinn sjálfsprottinn efniviður sem ég fór að vinna úr fyrir tveimur árum og setja saman. En undanfarin ár hefur kraumað í undirmeðvitundinni að mig langaði til þess að gera eitthvað með þetta en þetta var aldrei eitthvert ákveðið verkefni sem ég var að ljósmynda eða eitthvað slíkt.“

Myndirnar sem Orri er að sýna í i8 spanna tæplega þriggja áratuga fjölskyldusögu ljósmyndarans en hann segir að þessar myndir hafi verið teknar af einskærri forvitni og löngun til að taka myndir. „En ég er svo að sjá alls konar tengingar eftir á og að myndirnar eru að tala við hver aðra jafnvel áratugum síðar. Það er hins vegar fyrst núna sem ég er að búa til einhvers konar verk úr þessum efnivið.“

### Fjarlægðin frelsar

Tíminn virðist vera sterkt afl í heildarverki Orra sem segir að tíminn sé fyrir honum í það minnsta margræður. „Ég held að tíminn sé mjög persónulegur hverjum og einum, hvernig við upplifum og umgöngumst þetta óljósa hugtak sem tíminn er. Þetta er alls ekki einfaldur línulegur tími og það hefði verið mög einfalt að gera þetta einhvern veginn þannig en þar með hefði ég jarðað, að því mér finnst, forvitnilega nálgun og fleiri sjónarhorn á tímann.“

Orri segist hugsa þetta frekar út frá tilfinningalegri upplifun. „Þannig er það reyndar með ljósmyndun fyrir mér yfir höfuð – hún er mjög tilfinningaleg. Þess vegna hef ég aldrei getað unnið ljósmyndun út frá verkefnanálgun eða öðru slíku. Ég hef frekar notað hana sem tæki til þess að forvitnast og bregðast við lífinu. Til þess að læra á aðstæður og spegla hluti og geta svo horft á þá úr fjarlægð.“

*Kemurðu aftur og aftur að þessum myndum? Nálgast þær jafnvel eins og einhvers konar dagbókarskrif?* „Að því leyti sem þetta er persónulegt. Þegar ég nálgast þær sem skráningu á mínu lífi en núna er stór hluti af þessum myndum orðinn það gamall og ég búinn að vera að hræra í þessari úrvinnslu í það langan tíma að mér finnst ég nú orðinn frjáls til þess að nálgast myndirnar meira utan frá. Ég er ekki hlekkjaður við tilfinningalegar tengingar lengur. Ég er frjálsari til þess að nota þær og leika mér meira en áður var. Þessi fjarlægð er nauðsynleg og gefur mér ákveðið frelsi.“

### Hættulegt ferli

Aðspurður um það hvort það sé einhver strengur á milli þess hvernig hann nálgast myndlist og önnur listform sem hann fæst við segir Orri hugsi að það felist kannski helst í ákveðnu yfirborði. „Ég sæki í að vinna með analog miðla frekar en í tölvu. Ég hef reynt að átta mig á því í gegnum tíðina af hverju þetta er því ég hef gert að því margar atlögur að vinna stafrænt. Stundum virkar það en oftar en ekki þá sæki ég í að vinna á filmu og taka upp á teip og gera hlutina þannig og ég held að þetta snúist um tímann. Þegar maður er að taka upp á teip eða vinna á filmu getur maður ekki hliðrað tímanum eins og maður getur gert í tölvu og þá hættir það að vera skrásetning á performans í tíma. Þessi stafræna tækni snuðar okkur um þessa upplifun.

Á þessari sýningu eru örfáar litmyndir sem ég tók á filmu eins og annað en svo skannaði ég þær inn og vann þær í tölvu. Það var í senn spennandi og hættulegt ferli fyrir mig vegna þess að þá fer maður að gera allt aðra hluti. Þegar maður vinnur mynd á skjánum hefur maður tilhneigingu til þess að vilja hafa hana tandurhreina en á meðan þú vinnur með filmu í stækkara ertu alltaf að vinna með ljós í tíma og afurðin verður önnur. Úr tölvunni kemur „tæknilega fullkomið prent“ en fyrir mín augu er það tilfinningalega snautt.“



Orri Jónsson, Eyja, Toronto 2006.

### Nýtt í hvert sinn

Orri segir að allt fólk sem birtist á myndunum sé kona hans og börn en að mannamyndunum sé blandað saman við landslags- og borgarmyndir og jafnvel meira abstrakt. „Þetta er einhver viðleitni til þess að búa til tengingar og hughrif sem eru stærri en fjölskyldualbúm.“

*En lítur þú á þetta sjálfur sem heildstætt verk?* „Já, en líka eitthvað sem er lifandi og óklárað. Ég er ekki að gera upp verk á þessari sýningu og setja einhvern punkt. Það sem mér finnst spennandi við þennan efnivið er hvað hann er lifandi og alltaf að breytast. Þetta arkíf sem ég er að vinna úr er miklu stærra en það sem ég er að sýna hér og ég ímynda mér að þegar ég sýni þetta annars staðar þá muni ég í hvert eitt skipti nálgast þetta upp á nýtt og geta gert mismunandi hluti úr þessum efnivið. Auk þess sem ósjálfrátt bætist við eftir því sem árin líða, þannig að þetta er lifandi efniviður.“

*Er þetta innlit í hugarheim Orra Jónssonar?* „Já, algjörlega. Kannski er þetta að einhverju leyti ég að spegla sjálfan mig í fjölskyldunni minni.“


## Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**
auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins.
Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi, annars vegar á árunum 2013-2015 og hinsvegar á árinu 2016.
Umsóknir berist fyrir 28. febrúar 2018 til:
**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**
**c/o Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík**
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*
Nánari upplýsingar eru á vefsíðu **SÍK – www.producers.is**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

markhönnun ehf

# netto

## Gerðu vel við þig

*með frábærum helgartilboðum!*

ÓDÝRT Í netto

**KARTÖFLUR**
1,5 KG.
**298 KR/PK**
ÁÐUR: ~~359 KR/PK~~



**ANANAS**
GOLD DEL MONTE
**189 KR/KG**
ÁÐUR: ~~378 KR/KG~~



-50%



**GRÍSAKÓTILETTUR**
FERSKAR
**1.119 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.598 KR/KG~~

-30%



**GRÍSAHNAKKI**
**1.199 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~

-40%



**LAMBAHRYGGUR**
FYLLTUR
**2.275 KR/KG**
ÁÐUR: ~~3.669 KR/KG~~

-38%

KJÖTSEL

**NAUTAHAMBORGARAR**
M/BRAUÐI. 4 X 90 GR.
**780 KR/PK**
ÁÐUR: ~~1.164 KR/PK~~

-33%



-30%



**LAMBABÓGSSTEIK**
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.449 KR/KG**
ÁÐUR: ~~3.498 KR/KG~~

**GRANDIOSA**
PIZZA/PEPPERONI
NACHO /4 OSTA
HAKK & LAUKUR
KJÖTBOLLUR
**419 KR/STK**
ÁÐUR: ~~699 KR/STK~~




-40%



-40%

**GRÍSABÓGUR**
HRINGSKORINN
**599 KR/KG**
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~

netto
Á NETINU
www.netto.is

**Tilboðin gilda 8. - 11. febrúar 2018 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# VINNINGASKRÁ

**2. FLOKKUR 2018**
**ÚTDRÁTTUR 6. FEBRÚAR 2018**

# HAPPDRÆTTI SÍBS

**Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi**

AÐALVINNINGUR **kr. 5.000.000**
58553

AUKAVINNINGAR **kr. 100.000**
58552 58554

PENINGAVINNINGAR **kr. 500.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1500 | 2997 | 14573 | 16800 | 58192 | 67110 | 67396 | 68181 | 68869 | 72180 |

PENINGAVINNINGAR **kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 167 | 5825 | 10874 | 14626 | 20802 | 29777 | 38277 | 43935 | 52302 | 59736 | 65835 | 73710 |
| 899 | 5839 | 10905 | 14673 | 20862 | 29950 | 38311 | 44054 | 52447 | 59921 | 66417 | 73829 |
| 980 | 6279 | 11173 | 15723 | 20994 | 30088 | 38831 | 44236 | 52667 | 60172 | 66525 | 74271 |
| 1826 | 6287 | 11359 | 15827 | 21515 | 31041 | 39107 | 44454 | 52716 | 60285 | 66857 | 74300 |
| 1880 | 6730 | 11467 | 17234 | 21563 | 31105 | 39246 | 44562 | 53084 | 60467 | 67828 | 74344 |
| 1918 | 6899 | 11507 | 17371 | 21921 | 31226 | 39321 | 44933 | 53428 | 61535 | 67885 | 74692 |
| 2260 | 6968 | 11598 | 17806 | 22327 | 31520 | 39787 | 45119 | 53438 | 61645 | 68049 | 74872 |
| 2314 | 7187 | 11922 | 17900 | 22588 | 32530 | 39858 | 46158 | 53740 | 61708 | 68337 | 75005 |
| 2872 | 7760 | 11979 | 18275 | 22681 | 33234 | 40436 | 46657 | 53887 | 61872 | 68601 | 75061 |
| 3239 | 7790 | 12108 | 18434 | 23194 | 33301 | 40847 | 47267 | 55650 | 62314 | 69900 | 75717 |
| 3500 | 8544 | 12307 | 18436 | 23426 | 33441 | 40979 | 47321 | 56364 | 62378 | 70092 | 76171 |
| 3762 | 8638 | 12489 | 18597 | 23902 | 34014 | 41409 | 47875 | 56796 | 62419 | 70659 | 77008 |
| 3834 | 8641 | 12710 | 18645 | 24549 | 34118 | 41471 | 49187 | 57146 | 62720 | 70977 | 77395 |
| 3860 | 8798 | 12796 | 18771 | 25099 | 34267 | 41798 | 49692 | 57727 | 63287 | 71082 | 77525 |
| 3940 | 8900 | 13430 | 19095 | 25229 | 34602 | 42513 | 49781 | 57737 | 63729 | 71218 | 77844 |
| 4083 | 9150 | 13518 | 19208 | 25237 | 34968 | 42585 | 50505 | 57844 | 64030 | 71581 | 77983 |
| 4299 | 9191 | 13527 | 19473 | 26009 | 35200 | 43081 | 50973 | 58840 | 64631 | 72224 | 78870 |
| 4739 | 9214 | 13599 | 19665 | 26645 | 35284 | 43706 | 51515 | 59363 | 64659 | 72394 | 78977 |
| 5190 | 10087 | 13830 | 19861 | 28281 | 35858 | 43723 | 51559 | 59490 | 64777 | 72847 | 79496 |
| 5408 | 10264 | 14542 | 19869 | 28474 | 36865 | 43889 | 51589 | 59511 | 64822 | 73189 | |
| 5667 | 10857 | 14566 | 20054 | 29285 | 38196 | 43930 | 51954 | 59664 | 64831 | 73503 | |

VÖRUÚTTEKT HJÁ HAGKAUPUM **kr. 30.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 196 | 6922 | 14676 | 21925 | 27129 | 33967 | 41512 | 47978 | 53876 | 60083 | 67232 | 74272 |
| 274 | 6942 | 14930 | 22055 | 27208 | 34001 | 41531 | 48019 | 53971 | 60094 | 67246 | 74360 |
| 343 | 7298 | 15710 | 22161 | 27311 | 34035 | 41927 | 48075 | 54059 | 60162 | 67275 | 74371 |
| 383 | 7398 | 16041 | 22226 | 27317 | 34268 | 41964 | 48105 | 54098 | 60202 | 67373 | 74414 |
| 481 | 7403 | 16088 | 22266 | 27354 | 34365 | 42020 | 48307 | 54211 | 60346 | 67430 | 74449 |
| 520 | 7428 | 16101 | 22310 | 27685 | 34368 | 42067 | 48463 | 54247 | 60414 | 67590 | 74580 |
| 555 | 7472 | 16384 | 22368 | 27829 | 34463 | 42155 | 48562 | 54248 | 60416 | 67597 | 74829 |
| 721 | 7557 | 16850 | 22479 | 27882 | 34689 | 42286 | 48692 | 54408 | 60702 | 67663 | 74921 |
| 753 | 7599 | 16900 | 22597 | 28020 | 34821 | 42312 | 48732 | 54891 | 60751 | 67713 | 74958 |
| 807 | 7930 | 16942 | 22816 | 28099 | 34996 | 42653 | 48980 | 55080 | 60790 | 67749 | 75286 |
| 1074 | 8014 | 16985 | 22855 | 28122 | 35185 | 42689 | 49000 | 55181 | 61096 | 67791 | 75514 |
| 1097 | 8132 | 17074 | 22897 | 28150 | 35232 | 42839 | 49040 | 55253 | 61277 | 67848 | 75700 |
| 1206 | 8153 | 17104 | 22979 | 28380 | 35288 | 42846 | 49283 | 55361 | 61546 | 67886 | 75907 |
| 1396 | 8177 | 17121 | 22998 | 28382 | 35414 | 42885 | 49367 | 55396 | 61662 | 67939 | 75942 |
| 1472 | 8223 | 17323 | 23069 | 28419 | 35416 | 42914 | 49413 | 55488 | 61744 | 67963 | 76066 |
| 1642 | 8633 | 17365 | 23200 | 28521 | 35428 | 43245 | 49703 | 55546 | 61901 | 68105 | 76079 |
| 1739 | 8750 | 17445 | 23231 | 28527 | 35752 | 43382 | 49905 | 55632 | 61919 | 68154 | 76114 |
| 1789 | 8799 | 17630 | 23236 | 28557 | 36055 | 43408 | 49943 | 55928 | 61958 | 68996 | 76126 |
| 1845 | 8854 | 17705 | 23257 | 28818 | 36131 | 43641 | 50065 | 55983 | 61980 | 69035 | 76148 |
| 2187 | 8902 | 17766 | 23376 | 29308 | 36220 | 43851 | 50097 | 56005 | 61998 | 69701 | 76325 |
| 2330 | 9046 | 17842 | 23415 | 29492 | 36438 | 43922 | 50145 | 56084 | 62016 | 69727 | 76813 |
| 2332 | 9624 | 17866 | 23463 | 29598 | 36479 | 43933 | 50147 | 56104 | 62204 | 69760 | 76858 |
| 2367 | 9645 | 18398 | 24130 | 29794 | 36510 | 43977 | 50235 | 56158 | 62510 | 69811 | 76952 |
| 2783 | 9783 | 18425 | 24150 | 29858 | 36544 | 43992 | 50344 | 56371 | 62664 | 70031 | 77036 |
| 2992 | 9806 | 18557 | 24274 | 30067 | 36729 | 44098 | 50364 | 56552 | 62828 | 70067 | 77389 |
| 3115 | 10298 | 18573 | 24333 | 30237 | 37007 | 44349 | 50383 | 56639 | 62873 | 70184 | 77400 |
| 3141 | 10429 | 18618 | 24353 | 30303 | 37039 | 44419 | 50502 | 56711 | 62930 | 70324 | 77404 |
| 3201 | 10745 | 18883 | 24442 | 30381 | 37386 | 44510 | 50514 | 56758 | 63072 | 70340 | 77543 |
| 3553 | 11201 | 18906 | 24470 | 30447 | 37453 | 44515 | 50537 | 56933 | 63375 | 70368 | 77568 |
| 3616 | 11343 | 19216 | 24698 | 30741 | 37458 | 44537 | 50768 | 56993 | 63635 | 70577 | 77700 |
| 3708 | 11425 | 19255 | 24721 | 30817 | 37501 | 44645 | 50813 | 57100 | 63685 | 70641 | 77753 |
| 3985 | 11491 | 19576 | 24749 | 30893 | 37518 | 44652 | 50979 | 57172 | 63919 | 71010 | 77944 |
| 4114 | 11705 | 19654 | 24772 | 31049 | 37621 | 45074 | 51072 | 57177 | 64020 | 71059 | 78197 |
| 4121 | 11778 | 19944 | 24993 | 31078 | 37784 | 45177 | 51188 | 57222 | 64101 | 71133 | 78251 |
| 4173 | 12172 | 20003 | 25159 | 31082 | 37845 | 45194 | 51449 | 57489 | 64345 | 71277 | 78685 |
| 4255 | 12288 | 20030 | 25184 | 31233 | 37894 | 45525 | 51506 | 57493 | 64453 | 71505 | 78720 |
| 4307 | 12425 | 20151 | 25206 | 31421 | 38079 | 45793 | 51549 | 57535 | 64667 | 71713 | 78759 |
| 4407 | 12447 | 20303 | 25340 | 31896 | 38208 | 45810 | 51648 | 57916 | 64678 | 71891 | 79001 |
| 4424 | 12693 | 20415 | 25414 | 32342 | 38272 | 45873 | 51697 | 57928 | 64718 | 72035 | 79002 |
| 4726 | 13024 | 20416 | 25426 | 32445 | 38583 | 45884 | 51746 | 57935 | 64864 | 72095 | 79224 |
| 4727 | 13025 | 20588 | 25444 | 32601 | 38610 | 45964 | 51789 | 58147 | 65246 | 72251 | 79324 |
| 4832 | 13195 | 20779 | 25449 | 32686 | 38725 | 46288 | 51845 | 58211 | 65320 | 72409 | 79640 |
| 5515 | 13288 | 20900 | 25458 | 32935 | 38834 | 46332 | 51943 | 58242 | 65393 | 72680 | 79723 |
| 5536 | 13379 | 20939 | 25545 | 32937 | 39258 | 46335 | 52080 | 58244 | 65653 | 72714 | 79905 |
| 5616 | 13463 | 21075 | 25813 | 32964 | 39847 | 46455 | 52134 | 58714 | 65731 | 72788 | 79947 |
| 5657 | 13532 | 21187 | 25888 | 33117 | 40251 | 46523 | 52159 | 58930 | 65765 | 72804 | |
| 5850 | 13605 | 21203 | 25954 | 33183 | 40280 | 46594 | 52258 | 58971 | 66073 | 72980 | |
| 5904 | 13634 | 21226 | 26039 | 33408 | 40421 | 46619 | 52289 | 58975 | 66186 | 73014 | |
| 5944 | 13636 | 21294 | 26207 | 33562 | 40437 | 46716 | 52456 | 59030 | 66365 | 73157 | |
| 6208 | 13945 | 21329 | 26254 | 33648 | 40452 | 46751 | 52527 | 59245 | 66432 | 73448 | |
| 6228 | 14105 | 21335 | 26449 | 33767 | 40547 | 46836 | 52801 | 59281 | 66783 | 73610 | |
| 6283 | 14179 | 21378 | 26590 | 33786 | 40772 | 47193 | 52955 | 59401 | 67087 | 73891 | |
| 6477 | 14200 | 21498 | 26627 | 33838 | 40791 | 47314 | 53226 | 59641 | 67132 | 73904 | |
| 6630 | 14365 | 21637 | 26946 | 33872 | 41214 | 47399 | 53501 | 59752 | 67147 | 74060 | |
| 6874 | 14447 | 21867 | 27049 | 33874 | 41434 | 47913 | 53732 | 59933 | 67163 | 74119 | |

PENINGAVINNINGAR **kr. 20.000**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 159 | 7874 | 14072 | 20974 | 29543 | 35777 | 40749 | 46754 | 54926 | 61068 | 68299 | 74315 |
| 308 | 7884 | 14183 | 21123 | 29599 | 35833 | 40759 | 46755 | 54943 | 61203 | 68463 | 74400 |
| 430 | 8128 | 14227 | 21155 | 29705 | 35843 | 40872 | 46756 | 55297 | 61270 | 68626 | 74410 |
| 657 | 8180 | 14249 | 21168 | 29769 | 36058 | 40884 | 46781 | 55348 | 61484 | 68638 | 74705 |
| 1079 | 8295 | 14259 | 21253 | 29864 | 36060 | 41209 | 46937 | 55407 | 61582 | 68683 | 74976 |
| 1137 | 8317 | 14580 | 21301 | 30021 | 36171 | 41396 | 46995 | 55418 | 61641 | 68697 | 75071 |
| 1384 | 8553 | 14637 | 21696 | 30124 | 36218 | 41485 | 47187 | 55482 | 61695 | 68824 | 75138 |
| 1388 | 8733 | 14741 | 21739 | 30197 | 36231 | 41505 | 47218 | 55537 | 61797 | 68850 | 75209 |
| 1414 | 8742 | 14846 | 21804 | 30268 | 36295 | 41545 | 47342 | 55553 | 62027 | 69120 | 75226 |
| 1491 | 8745 | 14960 | 21905 | 30296 | 36314 | 41550 | 47387 | 55622 | 62122 | 69297 | 75294 |
| 1657 | 8830 | 14967 | 22098 | 30302 | 36329 | 41666 | 47509 | 55694 | 62287 | 69333 | 75298 |
| 1661 | 8831 | 14972 | 22187 | 30614 | 36432 | 41681 | 47590 | 55993 | 62300 | 69359 | 75300 |
| 1672 | 8959 | 15015 | 22249 | 30643 | 36440 | 41790 | 47597 | 56021 | 62486 | 69439 | 75301 |
| 1732 | 9133 | 15350 | 22267 | 30653 | 36576 | 42130 | 48323 | 56294 | 62607 | 69458 | 75419 |
| 1816 | 9448 | 15411 | 22401 | 30674 | 36700 | 42134 | 48599 | 56487 | 62773 | 69518 | 75496 |
| 1829 | 9456 | 15470 | 22532 | 30723 | 36809 | 42241 | 48795 | 56550 | 62868 | 69600 | 75582 |
| 1837 | 9511 | 15482 | 22533 | 30730 | 36816 | 42282 | 48830 | 56601 | 63134 | 69771 | 75621 |
| 1865 | 9538 | 15521 | 22591 | 30841 | 36823 | 42635 | 48947 | 56797 | 63185 | 69877 | 75627 |
| 1965 | 9623 | 15531 | 22687 | 30847 | 37124 | 42648 | 48988 | 56860 | 63344 | 70010 | 75752 |
| 1974 | 9627 | 15555 | 22690 | 30899 | 37191 | 42731 | 49010 | 56897 | 63369 | 70117 | 75898 |
| 2049 | 9706 | 15687 | 22924 | 30909 | 37212 | 42818 | 49167 | 56906 | 63526 | 70242 | 75900 |
| 2171 | 9726 | 15750 | 23219 | 31005 | 37341 | 42932 | 49342 | 56998 | 63544 | 70305 | 75976 |
| 2189 | 9728 | 16070 | 23261 | 31023 | 37343 | 42988 | 49551 | 57056 | 63736 | 70352 | 75984 |
| 2298 | 10011 | 16175 | 23548 | 31072 | 37433 | 43125 | 49564 | 57148 | 63749 | 70416 | 76162 |
| 2405 | 10148 | 16248 | 23565 | 31087 | 37465 | 43257 | 49788 | 57181 | 63802 | 70547 | 76271 |
| 2609 | 10215 | 16289 | 23637 | 31174 | 37512 | 43259 | 49808 | 57242 | 63846 | 70584 | 76555 |
| 2637 | 10346 | 16435 | 23817 | 31234 | 37577 | 43266 | 49861 | 57345 | 63850 | 70729 | 76745 |
| 3082 | 10420 | 16539 | 23912 | 31270 | 37579 | 43337 | 49964 | 57396 | 63883 | 70738 | 76760 |
| 3111 | 10491 | 16622 | 23946 | 31277 | 37611 | 43456 | 49981 | 57519 | 63989 | 70742 | 76775 |
| 3219 | 10612 | 16654 | 23993 | 31297 | 37636 | 43683 | 50046 | 57542 | 63992 | 70890 | 76785 |
| 3510 | 10634 | 16801 | 24083 | 31366 | 37639 | 43688 | 50165 | 57756 | 63996 | 70900 | 76803 |
| 3603 | 10733 | 16893 | 24712 | 31596 | 37660 | 43808 | 50285 | 57987 | 64098 | 71241 | 76840 |
| 3618 | 10833 | 16905 | 24755 | 31868 | 37682 | 43825 | 50464 | 58000 | 64194 | 71501 | 76926 |
| 3731 | 10896 | 17024 | 24774 | 31948 | 37720 | 43854 | 50482 | 58009 | 64302 | 71521 | 77260 |
| 3794 | 10899 | 17036 | 24787 | 31951 | 37860 | 43877 | 50553 | 58306 | 64464 | 71653 | 77449 |
| 3806 | 11052 | 17247 | 24823 | 32086 | 37940 | 43944 | 50879 | 58413 | 64486 | 71737 | 77494 |
| 3823 | 11203 | 17540 | 24961 | 32290 | 37954 | 43949 | 51120 | 58443 | 64525 | 71990 | 77575 |
| 3886 | 11635 | 17583 | 24979 | 32510 | 38026 | 44126 | 51123 | 58659 | 64676 | 72016 | 77597 |
| 4024 | 11651 | 18028 | 25015 | 32543 | 38045 | 44150 | 51268 | 58705 | 64741 | 72056 | 77635 |
| 4156 | 11668 | 18029 | 25073 | 32609 | 38110 | 44156 | 51319 | 58771 | 65029 | 72158 | 77691 |
| 4226 | 11948 | 18160 | 25130 | 32625 | 38134 | 44399 | 51406 | 58817 | 65071 | 72343 | 77748 |
| 4282 | 11990 | 18587 | 25191 | 32637 | 38163 | 44474 | 51499 | 58830 | 65075 | 72382 | 77768 |
| 4360 | 11996 | 18681 | 25343 | 32639 | 38243 | 44589 | 51854 | 58881 | 65088 | 72445 | 77953 |
| 4575 | 12007 | 18745 | 25354 | 32788 | 38283 | 44616 | 52304 | 58889 | 65097 | 72456 | 78124 |
| 4683 | 12019 | 18835 | 25390 | 32916 | 38354 | 44695 | 52379 | 58992 | 65211 | 72507 | 78169 |
| 4707 | 12041 | 18948 | 25531 | 33053 | 38358 | 44757 | 52474 | 59093 | 65327 | 72524 | 78263 |
| 4710 | 12083 | 18950 | 25563 | 33058 | 38599 | 44785 | 52536 | 59204 | 65342 | 72688 | 78384 |
| 4782 | 12126 | 19037 | 25575 | 33182 | 38650 | 44911 | 52679 | 59322 | 65487 | 72730 | 78462 |
| 4833 | 12203 | 19150 | 25807 | 33222 | 38777 | 45013 | 52830 | 59330 | 65598 | 72750 | 78789 |
| 4873 | 12230 | 19191 | 25904 | 33305 | 38903 | 45024 | 52863 | 59342 | 65754 | 72892 | 79045 |
| 4993 | 12341 | 19253 | 25996 | 33367 | 38915 | 45087 | 52893 | 59542 | 65879 | 73049 | 79163 |
| 5010 | 12468 | 19310 | 26559 | 33449 | 39008 | 45176 | 52975 | 59608 | 65890 | 73088 | 79254 |
| 5089 | 12625 | 19324 | 26598 | 33513 | 39027 | 45337 | 53134 | 59619 | 65914 | 73176 | 79277 |
| 5143 | 12642 | 19329 | 26966 | 33519 | 39120 | 45385 | 53168 | 59651 | 66023 | 73177 | 79400 |
| 5263 | 12709 | 19587 | 27349 | 33697 | 39229 | 45386 | 53236 | 59652 | 66045 | 73232 | 79423 |
| 5508 | 12764 | 19773 | 27421 | 33776 | 39247 | 45474 | 53239 | 59690 | 66130 | 73348 | 79445 |
| 5609 | 12812 | 19822 | 27496 | 33917 | 39265 | 45577 | 53253 | 59698 | 66132 | 73427 | 79513 |
| 5623 | 12823 | 19890 | 27585 | 33965 | 39392 | 45607 | 53323 | 59825 | 66273 | 73433 | 79542 |
| 5929 | 12848 | 19909 | 27630 | 34107 | 39493 | 45611 | 53476 | 59850 | 66359 | 73464 | 79688 |
| 5988 | 12880 | 19949 | 27656 | 34168 | 39734 | 45644 | 53555 | 59958 | 66458 | 73493 | 79690 |
| 6098 | 13102 | 19993 | 27900 | 34185 | 39752 | 45738 | 53632 | 59964 | 66581 | 73556 | 79692 |
| 6255 | 13159 | 20006 | 27972 | 34246 | 39835 | 45766 | 53666 | 60076 | 66644 | 73565 | 79704 |
| 6426 | 13198 | 20124 | 27999 | 34447 | 39878 | 45864 | 53701 | 60113 | 66886 | 73605 | 79705 |
| 6454 | 13366 | 20157 | 28060 | 34454 | 39968 | 45983 | 53783 | 60288 | 66890 | 73718 | 79963 |
| 6458 | 13431 | 20175 | 28217 | 34556 | 40009 | 46016 | 54075 | 60297 | 66891 | 73774 | 79990 |
| 6472 | 13502 | 20184 | 28219 | 34682 | 40034 | 46099 | 54256 | 60372 | 66903 | 73785 | |
| 6915 | 13536 | 20361 | 28714 | 34965 | 40122 | 46285 | 54371 | 60452 | 66906 | 73790 | |
| 6947 | 13752 | 20377 | 28879 | 35063 | 40292 | 46298 | 54424 | 60496 | 67001 | 73900 | |
| 7224 | 13769 | 20497 | 28882 | 35079 | 40312 | 46349 | 54442 | 60500 | 67338 | 74068 | |
| 7455 | 13877 | 20597 | 29014 | 35163 | 40326 | 46381 | 54504 | 60513 | 67558 | 74141 | |
| 7541 | 13987 | 20740 | 29097 | 35225 | 40358 | 46418 | 54522 | 60606 | 67902 | 74152 | |
| 7626 | 13994 | 20791 | 29186 | 35265 | 40544 | 46544 | 54525 | 60619 | 67919 | 74192 | |
| 7632 | 13997 | 20793 | 29342 | 35294 | 40600 | 46559 | 54619 | 60656 | 67950 | 74227 | |
| 7808 | 14068 | 20825 | 29364 | 35473 | 40658 | 46567 | 54712 | 60721 | 68033 | 74258 | |
| 7856 | 14070 | 20944 | 29469 | 35557 | 40666 | 46641 | 54777 | 60754 | 68240 | 74313 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. febrúar 2018
Birt án ábyrgðar um prentvillur







Guðfinna Mjöll og Arndís fletta góðum barnabókum og hlakka til að opna sýninguna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Bækur sem fá fólk til að lesa

**Barnabækur nútíðar og fortíðar eru viðfangsefni Bókasafns Kópavogs allan febrúar. Sýningin Áhrifavaldar æskunnar – barnabókin fyrr og nú – verður opnuð þar síðdegis í dag.**


Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




Við ákváðum að grafa eftir bókum sem æskan hefur lesið á síðustu hundrað árum og fengum hana Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur vöruhönnuð til að sjá um að stilla þeim fram, setja svona listrænan vinkil á sýninguna,“ segir Arndís Þórarinsdóttir, verkefnastjóri í Bókasafni Kópavogs um sýninguna Áhrifavaldar æskunnar – barnabókin fyrr og nú – sem verður opnuð þar klukkan 16 í dag.

„Guðfinna fór að velta fyrir sér hvaða bækur sætu í barnsminni fólks og safnaði mörgum svörum við því,“ lýsir Arndís. „Hvaða bækur voru til dæmis ofurhetjubækur barna sem voru uppi fyrir 100 árum? Þar kemur Grettis saga sterk inn. Svo færumst við yfir í Tarsan, svo Línu Langsokk og síðan Harry Potter. Með þessu kvikna spurningar og samræður milli kynslóða. Eldra fólkið sýnir krökkunum bækurnar sem voru lesnar áður fyrr en það er líka mikilvægt að samskiptin verði í báðar áttir og eldri gestirnir hlusti líka á þá yngri.“

Við göngum gegnum barnabókadeildina og inn í sýningarrýmið. Þar er Guðfinna Mjöll ásamt fleirum og Arndís bendir á að skemmtilegt sé að sjá hvernig hún stillir upp bókunum, ummælum fólks og ljósmyndum af lesandi börnum.

„Það var mjög gaman að fá ummælin frá fólki. Bækurnar lifna við og lýsingar fólks á þeim vekja hjá manni sterka löngun til að lesa þær,“ segir Guðfinna Mjöll og saman leiða þær Arndís mig gegnum sýninguna.

Við kíkjum á nokkra miða með minningum fólks. Einn er frá konu sem fædd er 1943, Lína Langsokkur var uppáhaldsbókin hennar þegar hún var tíu ára. Sambærileg ummæli eru líka frá miklu yngri Línu-aðdáendum. „Hið sama gildir um Dísu ljósálf. Sumar bækur hafa augljóslega áhrif á margar kynslóðir.“

„Við byrjum sýninguna á að bera saman ævintýri og raunsæisbækur,“ segir Arndís. „Stillum upp opnunni í Dísu ljósálfi þar sem verið er að klippa af henni vængina og svo Emmu að undirbúa sig við að fara til tannlæknis sem er líka ákveðinn hryllingur fyrir marga krakka – en á allt öðrum forsendum.“

## Viðburðir fram undan í Bókasafni Kópavogs

**Laugardaginn 10. febrúar klukkan 13.**
Ofurhetjusögustund með Sigrúnu Eldjárn.
Ofurhetjan Sigurfljóð getur allt og hjálpar öllum.
Hlustendur eru hvattir til að bregða handklæði um axlirnar áður en þeir mæta.

**Þriðjudaginn 13. febrúar klukkan 17.**
Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, fjallar um frumherjana í myndskreytingu barnabóka.

**Miðvikudaginn 14. febrúar klukkan 12.15**
Gerður Kristný býður til stofu og ræðir um mikilvægi barnabóka.
Hún fjallar um barnabókmenntirnar bæði út frá sjónarhóli lesanda og höfundar.

**Þriðjudaginn 20. febrúar klukkan 17.**
Helga Birgisdóttir segir frá aðdráttarafli Nonnabókanna, vinsældum þeirra og nostalgíunni sem þeim fylgir.

**Þriðjudaginn 27. febrúar klukkan 17.**
Dagný Kristjánsdóttir veltir því fyrir sér hvort tala megi um heimsendi við börn og hvort eitthvað sé leyfilegt í barnabókum nú sem áður var bannað.

**ÞAÐ VAR MJÖG GAMAN AÐ FÁ UMMÆLIN FRÁ FÓLKI. BÆKURNAR LIFNA VIÐ OG LÝSINGAR FÓLKS Á ÞEIM VEKJA HJÁ MANNI STERKA LÖNGUN TIL AÐ LESA ÞÆR.**

Það eru sem sagt bæði íslenskar bækur og erlendar á sýningunni. „Okkur finnst gaman að vita hvað börn voru að lesa á hverjum tíma og hver áhrifin voru,“ segir Guðfinna Mjöll. „En sumar vinsælustu bækurnar eru ekki lengur til á bókasöfnunum.“

Í einni hillu eru þulur og vísnabækur. Þar eru til dæmis Barnavísur Ómars Ragnarssonar í fallega skreyttri bók. „Hér eru textar sem margir kunna, Lok, lok og læs og fleiri skemmtilegir textar. Ég held að fólk sé almennt ekki meðvitað um áhrif Ómars. Systkinin Þórarinn og Sigrún Eldjárn hafa líka haft mikil og góð áhrif á börn og gaman að sjá hver þróunin í myndskreytingum hefur orðið,“ segir Guðfinna Mjöll.

Arndís segir hugmyndina að sýningunni hafa komið upp í sambandi við aldarafmæli fullveldisins. „Eitt af því sem hefur mikið breyst á hundrað árum er hvernig það er að vera barn. Auðvitað hafa barnabækurnar dregið dám af því,“ bendir hún á.

Guðfinna tekur undir það og segir misjafnt hvernig bækur eldist. „Sumar ná að verða klassískar en alls ekki allar. Ég er fædd ‘72 og Selur kemur í heimsókn var ein af mínum uppáhaldsbókum, ég er búin að hlakka til að lesa hana fyrir son minn sem er að verða fjögurra ára og hann skellihlær að henni. Biður mig að lesa fyndnu bókina. Það finnst mér gaman.“

Eitt af því sem sérstakt er við þessa sýningu er að þar má fletta og fikta. Á einum stað eru bókaflokkar sem höfðu áhrif á tilteknar kynslóðir. Bækur Enid Blyton, Andrés Önd og Harry Potter. „Þetta eru bækur sem fengu fólk til að lesa,“ segir Guðfinna Mjöll. Það beið með óþreyju eftir næstu bók.“

# 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLU BLEKI OG DUFTI




# Allt fyrir skrifstofuna



Teygjumappa
6 litir
Tilboðsverð 1.259 kr.
Verð áður 1.799 kr.

Teygjumappa
12 litir
Tilboðsverð 1.749 kr.
Verð áður 2.499 kr.




Laserpappír A4
Tilboðsverð frá 1.999 kr.




Minnismiðar
Tilboðsverð 990 kr.
Verð áður 1.599 kr.



Klemmubretti
Tilboðsverð 799 kr.
Verð áður 1.199 kr.



Plöstunarvél
Tilboðsverð 7.990 kr.
Verð áður 12.995 kr.




Gríptu með þér eintak af nýjasta tilboðsblaðinu okkar í næstu A4 verslun eða skoðaðu á www.a4.is

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**













## BÍÓ

# Gæsahúð, fiðringur og tár

**KVIKMYNDIR**

**Darkest Hour**

★★★★☆

**Leikstjórn:** Joe Wright
**Aðalhlutverk:** Gary Oldman, Kristin Scott Thomas, Lily James

Winston Churchill er einn af risum 20. aldarinnar. Einn af aðalleikurunum í einhverjum skelfilegasta hildarleik í sögu mannkyns, heimsstyrjöldinni síðari. Og einnig margbrotinn og stórfenglegur persónuleiki. Maður andstæðna og innri átaka. Breyskur og ósvífinn en einnig meyr og feiminn.

Flugmælskur var hann þó þessi breski bolabítur, kaldhæðinn húmoristi og svo brjálæðislega góður ræðumaður að hann stappaði stálinu í þjóð sína á ögurstundu. Bauð ekki upp á neitt nema blóð, svita og tár þegar „litla eyjan“ þeirra stóð ein gegn ofurefli Hitlers sem valtaði yfir Evrópu.

Þeir eru ófáir leikararnir sem hafa tekist á við hlutverk Churchills en enginn, hvorki fyrr né síðar, gerir það jafn stórkostlega og Gary Oldman í Darkest Hour. Með frábærri förðun, sem virkar fullkomlega eðlileg, breytist Oldman bókstaflega í Churchill. Hvergi glittir í Oldman þegar Sir Winston birtist í öllu sínu veldi.

Myndin hverfist um Churchill, Oldman er nánast alltaf í mynd og ber myndina uppi svo áreynslulaust að það er eins og ekkert sé sjálfsagðara. Hann er þó ekki einn á sviðinu og í kringum hann glansa fínir leikarar í aukahlutverkum. Þar vegur sú mikla öndvegis leikkona, Kristin Scott Thomas, þyngst sem heittelskuð eiginkona Winstons, hún Clemmie. Sú eina sem gat tjónkað við þverhausinn og stundum haft vit fyrir honum.

Þá gegnir Lily James mikilvægu hlutverki sem Elizabeth Layton, einkaritari Churchills sem þarf að þola dyntina í karlinum og sætta sig við að skrifa upp eftir honum ræður og kjaftavaðal á meðan hann buslar í baði, er á salerninu, sullar í sig áfengi og púar sína risavindla.

Ronald Pickup er finn og eðlilega dálítið brjóstumkennanlegur Neville Chamberlain. Sá friðarsáttfúsi forsætisráðherra sem vildi í lengstu lög forðast stríð við Þjóðverja. Hann mátti þó víkja fyrir Churchill sem náði að smeygja sér í forsætisráðherrastólinn og snarsneri af sáttabraut Chamberlains.

Stríðsráðherrann treysti Hitler aldrei og tók ekki í mál að semja við þann götustrák. Hvað sem segja má um Churchill var hann réttur maður á réttum stað á hárréttum tíma í sögunni. Gary Oldman er að sama skapi á hárréttum stað í Darkest Hour og með sannfæringarkrafti Churchills fylkir hann dáleiddum áhorfendum að baki sér. Hann býður okkur gæsahúð, fiðring og tár. Þessi meiriháttar leikari hefur aldrei verið betri og í hans tilfelli er þá mikið sagt.



Gary Oldman sýnir stórleik í hlutverki Winstons Churchill.

Sagan er keyrð nokkuð hratt áfram enda viðburðaríkur tími í lífi forsætisráðherra og þjóðar þannig að á köflum gæti þeim sem ekki þekkja vel til þótt hún svolítið ruglingsleg. Algert aukaatriði auðvitað.

Myndin fer býsna vel með sögulegar staðreyndir þótt Winston sjálfum hefði örugglega þótt við hæfi að taka harkalegar á andstæðingum hans. Magnaðasta sena myndarinnar er þó færð nokkuð vel í stílinn, svona eins og gengur og gerist, þegar það þarf að dramatísera raunveruleikann til þess að ná fram hámarksáhrifum á tjaldinu.

Það er víst bannað að fara of nákvæmlega ofan í söguþráð og smáatriði á þessum síðustu og verstu tímum þegar „spoilera“ taugaveiklunin er alger. En þetta atriði í seinni hluta myndarinnar er dásamlegt, eiginlega lýrísk sýn á samband Churchills við þjóð sína. Tær fegurð.

Í seinni tíð hafa alls konar tuðkarlar lagt sig alla fram um að sverta minningu Churchills og tala hann niður á sama skepnuplan og Hitler og Stalín með pólitískt rétttþenkjandi siðferðisstöðlum vorra tíma. Svona fíflagangur er vitaskuld ekki svaraverður og ætla má að heimurinn væri talsvert öðruvísi og jafnvel mun ógeðslegri en hann er í dag ef síðasta ljónið hefði ekki risið á afturlappirnar og urrað á hið illa.

Andstæðingar Churchills í myndinni sem og í raunveruleikanum hafa alveg sérstaka tilhneigingu til þess að útmála þennan mikla órator sem fyllibyttu. Allt er þetta orðum aukið og þótt Sir Winston hafi eiginlega alltaf verið vel rakur þá var hann sjaldnast draugfullur.

Þá má hafa í huga að þrátt fyrir orðkynngina og fljúgandi mælskuna var Churchill feiminn og meinilla við að halda ræður. Þá getur nú verið ágætt að vera með smá kampavín í blóðinu til þess að finna neistann.

Sagan hefur líka sannað að drykkfelldur, síreykjandi nautnabelgur er mun heppilegri þjóðarleiðtogi en grænmetisétandi, reyklausir bindindismenn eins og Hitler og Himmler. Góðu heilli hafði fulli kallinn með vindilinn betur og Darkest Hour ætti að duga vel til þess að stinga upp í þá hælbíta sem leggjast svo lágt að hatast við Sir Winston Leonard Spencer-Churchill.

Fram til sigurs!

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Meiriháttar flott og vel gerð mynd um einn magnaðasta þjóðarleiðtoga síðari tíma. Gary Oldman fer með himinskautum sem Churchill og býður upp á gæsahúð, fiðring og tár.

# Á vængjum ástarinnar

**KVIKMYNDIR**

**Lói – Þú flýgur aldrei einn**

★★★★★

**Leikstjórn:** Árni Ólafur Ásgeirsson
**Handrit:** Friðrik Erlingsson
**Aðalhlutverk:** Matthías Matthíasson, Rakel Björgvinsdóttir, Arnar Jónsson

Lói litli er lóuungi sem er ekki orðinn fleygur þegar hann fær að kynnast því að lífið getur verið miskunnarlaust. Áfallastreituröskun verður síðan til þess að hann getur ekki flogið. Afleitt fyrir farfugl og fótgangandi þarf hann, einn og yfirgefinn, að berjast fyrir lífi sínu þegar veturinn skellur á af fullum þunga.

Myndin er í grunninn sígild þroskasaga hetjunnar ungu sem þarf að ganga í gegnum eldraunir áður en hún finnur neistann sem kippir henni í gír og sýnir allt sem í henni býr, eins og sálarskáldin orðuðu það.

Lói staldrar við allar helstu vörðurnar á ferðalagi hetjunnar. Gamli og gáfaði leiðbeinandinn er á sínum stað, fulltrúi hins illa er á sínum stað og ástin auðvitað líka.



Lói er varla skriðinn úr egginu þegar áföllin dynja yfir en margur er knár þótt hann sé smár.

Sagan er bráðskemmtileg og líkleg til þess að heilla krakkana sem myndin er fyrst og fremst gerð fyrir. Og góðu heilli er hún nógu þroskuð til þess að þeim fullorðnu leiðist ekki. Þar munar mest um spriklandi skemmtilegar aukapersónurnar, bölsýnu rjúpuna Karra og morðóðan og sísvangan fálkann Skugga. Annars er persónugalleríið heilt yfir ansi gott, fullt af alls konar kunnuglegum dýrum í nett víruðum útlitspælingum.

Tölvuteikningin á myndinni er býsna tilkomumikil og myndin bæði litskrúðug og áferðarfögur. Gengið var frá sölu á myndinni til slíks fjölda landa, áður en hún var frumsýnd á Íslandi, að fáheyrt verður að teljast þegar íslensk teiknimynd er annars vegar.

Kemur samt ekki á óvart þar sem myndin er haganlega saman sett, einhvern veginn alíslensk í grunninn en með alþjóðlegu yfirbragði þannig að söguheimurinn getur verið hvar sem er. Það er svo ekki síst ánægjulegt að höfundarnir fara sparlega með Disney-glassúrinn þannig að háski og sorgir Lóa verða raunverulegri en gengur og gerist í teiknimyndum.

Tíu ára aðstoðarrýnirinn minn og fulltrúi markhópsins hún Ragnheiður Björt gefur Lóa bestu hugsanlegu meðmæli og þar sem börnin eru bestu gagnrýnendurnir í þessum efnum gef ég henni bara orðið: „Pabbi, gefðu henni fimm stjörnur.“

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Feykilega vel heppnuð teiknimynd. Áferðarfögur, fyndin, spennandi og falleg. Fullt hús stjarna að skipun einnar tíu ára.

SAMSUNG




## Falleg myndlist þegar slökkt er á sjónvarpinu

# Byltingarkennd hugsun um sjónvarp



Gott úrval listaverka fylgir, auk þess er hægt að nota ljósmyndir úr fjölskyldualbúminu.

Þegar slökkt er á sjónvarpinu fer myndlistin í gang, en slekkur á sér ef engin hreyfing er í rýminu og fer í gang aftur þegar tækið skynjar hreyfingu.

Birtuskynjari gefur ávallt réttu myndina.

Tækið fæst í þremur stærðum, 43″, 55″ og 65″.

SAMSUNGSETRIÐ.IS
facebook.com/ssetrid

SAMSUNG
SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus – 5% midi.is




Sýnd kl. 8 Ath. Aðeins í kvöld. | Sýnd kl. 7.50, 10.25 | Sýnd kl. 5.30
Sýnd kl. 9 | Sýnd kl. 10.35 | Sýnd kl. 5.30 | Sýnd kl. 5.30

LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI AXL DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU







ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| WINCHESTER | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WINCHESTER VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| DEN OF THIEVES | KL. 5:40 - 8:30 - 10:30 |
| THE POST | KL. 8 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| DOWNSIZING | KL. 10:30 |
| FATHER FIGURES | KL. 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:20 - 8:30 |
| WONDER | KL. 5:40 |

EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| WINCHESTER | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DARKEST HOUR | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| MAZE RUNNER | KL. 10:30 |
| THE POST | KL. 8 - 10:30 |
| STAR WARS 2D | KL. 5 |
| THE GREATEST SHOWMAN | KL. 5:30 |

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| WINCHESTER | KL. 8 - 10:30 |
| MOLLY'S GAME | KL. 7:40 |
| MAZE RUNNER | KL. 10:10 |

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| DARKEST HOUR | KL. 5 - 7:40 - 10:20 |
| DEN OF THIEVES | KL. 7:30 - 10:20 |
| THE POST | KL. 5 - 6:30 - 9 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| WINCHESTER | KL. 8 - 10:35 |
| DARKEST HOUR | KL. 8 |
| DEN OF THIEVES | KL. 10:10 |
| THE POST | KL. 5:30 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 |


# Góða skemmtun í bíó


VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum




Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Svartholstónleikar á Húrra: Andi, dj flugvél og geimskip o.fl.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Fimmtudaginn 8. febrúar opnast Svarthol á tónleikastaðnum Húrra. Þar verða haldnir óhugnanlegustu tónleikar í manna minnum. Þessar hljómsveitir spila: Andi, dj. flugvél og geimskip, Sveimur, Madonna+Child og Harry Knuckles. Allt eru þetta einstaklega skuggalegar rafhljómsveitir sem spila nú með það eitt að markmiði að tónleikagestir verði ekki samir eftir upplifun kvöldsins.

**Hvað?** Sjötommukvöld Terrordisco
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti
Terrordisco kafar í sjötommusafnið sitt og spilar bæði skrýtið og stuð, fram eftir öllu.

**Hvað?** Frönsk kaffihúsastemning í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld munu söngkonan Unnur Sara Eldjárn og píanóleikarinn Kjartan Jósefsson Ognibene flytja frönsk kaffihúsalög sem fólk kannast við í flutningi listamanna á borð við Serge Gainsbourg og Edith Piaf frá kl. 21 til 23.

**Hvað?** Tónleikaröð Eyþórs Inga 2018
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla Kaupfélagið, Akranesi
Eyþór Ingi er án efa einn af okkar fremstu söngvurum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér er á ferðinni alveg hreint mögnuð blanda af þessu tvennu og gott betur. Eyþór hefur farið sigurför um landið, einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni.



Dj flugvél og geimskip og fleiri munu opna Svarthol á skemmtistaðnum Húrra

### Viðburðir

**Hvað?** Ritlistarnámskeiðið Orðagull í Spönginni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Spönginni
Orðagull er hefðbundið ritlistarnámskeið þar sem jafnframt er notast við óhefðbundnar aðferðir við að opna fyrir flæði og hugmyndaflug. Þetta er þriðja ritlistarnámskeiðið sem haldið er í Spönginni og hafa þau jafnan vakið mikla lukku. Námskeiðið er átta fimmtudaga kl. 17-18.30. Námskeiðið hefst 8. febrúar og því lýkur 22. mars. Umsjónarmaður er Ólöf Sverrisdóttir, leikkona, sögukona og ritlistarnemi. Hægt er að skrá sig á námskeiðið með því að senda tölvupóst á olof.sverrisdottir@reykjavik.is eða í síma 411 6230.

**Hvað?** Prump í Paradís: Spice World
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Einu sinni fyrir löngu voru fimm breskar stelpur von mannkyns. Endurupplifið heimsyfirráð þeirra í þeirra fyrstu og síðustu kvikmynd. Gestir Hugleiks á prumpinu verða Reykjavíkurdætur.

**Hvað?** Danskvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Dansinn dunar í höllinni í kvöld og gott að koma og æfa dansana, sem maður kann og læra aðra af hinum. Allir velkomnir. Nánar á Facebook: Komið og dansið.

**Hvað?** Sérstök forsýning – The Florida Project í AXL
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugarásbíó
Nú gefst einstakt tækifæri til þess að sjá hina margverðlaunuðu The Florida Project í AXL Laugarásbíós. The Florida Project var frumsýnd í Cannes 2017 og kemur frá leikstjóranum Sean Baker, sem vakti mikla athygli með hinni frábæru Tangerine.

**Hvað?** Samflot í Grafarvogslaug
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Grafarvogslaug
Samflot er hugsað sem vettvangur fyrir fólk til að koma saman og njóta fljótandi slökunar. Allir velkomnir. Ekki er rukkað fyrir samflotið, eingöngu ofan í laug.

**Hvað?** Horfnir humlar febrúar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** MicroBar, Vesturgötu
Bragð og lykt frá humlum hverfur með tíma og þetta er sérstaklega áberandi í IPA-bjórum. Þetta er þemað í nýjum bjórum frá MicroBar sem verða í gangi í ár og sá fyrsti fer á krana í dag.

**Hvað?** Barnabókin í 100 ár
**Hvenær?** 16.00





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Þýskir dagar: Wild Mouse ENG SUB | 18:00 |
| Óþekkti hermaðurinn | 17:30, 20:00 |
| Three Billboards Outside Ebbing Missouri | 17:30 |
| Prump í Paradís: Spice World | 20:00 |
| Þýskir dagar: In The Fade ENG SUB | 20:00 |
| Call Me By Your Name | 22:15 |
| I, Tonya | 22:30 |



# Raftónlist og gjörningur í Mengi á laugardag

Rafsveitin Stereo Hypnosis og hinn breski tilraunamúsíkant Christopher James Chaplin munu spila á tónleikum í Mengi á laugardaginn, en með þeim mun Snorri Ásmundsson, gjörningalistamaður og fyrrverandi forsetaframbjóðandi, koma fram.

Christopher Chaplin gaf út sína fyrstu sólóplötu, Je suis le Ténébreux, árið 2016 og fékk hún góðar viðtökur. Chaplin starfaði sem leikari lengi vel en skipti síðan yfir í tónlistina og hefur starfað við hana síðan 2005.

Hann hefur unnið með ýmsum, meðal annars þýska tilraunakennda raftónlistarmanninum Hans-Joachim Roedelius, sem kom að því að stofna krautrock-sveitirnar Cluster og Harmonia.

Sem leikari lék Chaplin meðal annars í myndinni Where is Parsifal? með Orson Welles en Chaplin á ekki langt að sækja leiklistarhæfileikana enda er hann yngsti sonur Charlie Chaplin.

**❯❯ CHRISTOPHER CHAPLIN ER YNGSTI SONUR CHARLIE CHAPLINS HEITINS**

Feðgarnir Pan Thorarensen og Óskar Thorarensen skipa sveitina Stereo Hypnosis ásamt Thorkel Atlasyni gítarleikara. Þeir hafa áður komið fram með Christopher Chaplin en það var á Extreme Chill hátíðinni í fyrra.

Hinn umdeildi Snorri Ásmundsson mun framkvæma gjörning við tækifærið en hann hefur aldrei veigrað sér við að hneyksla fólk með list sinni. Snorri hefur gefið kost á sér til embættis forseta Íslands nokkrum sinnum og vakti einnig athygli fyrir sölu á aflátsbréfum.

Fjörið hefst í Mengi klukkan 9.

– sþh


Stereo Hypnosis spilar með tónlistarmanninum Christopher James Chaplin.



**í kvöld.**

**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Barnabækur nútíðar og fortíðar eru viðfangsefni Bókasafns Kópavogs í febrúarmánuði 2018. Í dag verður sýning Guðfinnu Mjallar Magnúsdóttur, Áhrifavaldar æskunnar, opnuð á jarðhæð aðalsafns, þar sem hún stillir upp uppáhaldsbókum Íslendinga.

**Hvað?** Frjáls framlög í Frystiklefanum
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Frystiklefinn, Rifi
Tónleika-uppistand með Kára Viðarssyni, leikarar og leikhússtjóra Frystiklefans í Rifi. Frjáls framlög er sprenghlægileg, grátbrosleg og afkáraleg gleðistund þar sem sveita-leikhúsmaðurinn tví-kvíðslitni og sí-kvíðasjúki Kári Viðarsson opnar myndlíkingargluggann inn í sundurslitið sálartetrið upp á gátt, lekur sínum leyndustu leyndarmálum og leikur leiftur-hress lög í fjölmörgum mismundandi tónlistarstílum inn á milli.

**Hvað?** Barnaleikir: Sköpun og umsköpun á skjánum og á skólalóðinni
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Háskóli Íslands
Fyrirlestur á vegum námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði í samstarfi við Félag þjóðfræðinga á Íslandi. Little Tinkers: Creativity and Bricolage in Children's Play (Barnaleikir: Sköpun og umsköpun á skjánum og á skólalóðinni) Fyrirlesari: Julia Bishop, University of Sheffield.




# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




**NEXT OF KIN**
KL. 20:05
Mona Mirza er harmi lostin eftir að bróðir hennar er myrtur og ekki eru öll kurl komin til grafar þegar óþægileg fjölskylduleyndarmál koma upp á yfirborðið. Hörkuspennandi glæný þáttaröð sem enginn má missa af.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**NCIS**
KL. 20:50
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**THE X-FILES**
KL. 21:35
Skemmtilegir þættir með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum.



**SNATCH**
KL. 22:20
Hópur ungra og efnilegra bragðarefa kemst yfir bílfarm af stolnu gulli og dregst inn í hörkuspennandi atburðarás. Frábærir breskir spennuþættir byggðir á samnefndri mynd eftir Guy Ritchie.



**THE DANISH GIRL**
KL. 22:00
Stórkostleg sannsöguleg mynd um Lili Elbe en hún var ein fyrsta manneskjan í sögunni sem fór í kynskiptaaðgerð.




**SUPERGIRL**
KL. 20:50
Skemmtilegir og spennandi þættir úr smiðju DC Comics um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.



**GNÓMEÓ OG JÚLÍA**
KL. 19:00
Skemmtileg teiknimynd um garðálfinn Gnómeó sem verður yfir sig hrifinn af garðálfastúlkunni Júlíu.



Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**




### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Brother vs. Brother
**11.45** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Experimenter
**14.35** A Quiet Passion
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Mom Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa-dalnum í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**19.50** The Big Bang Theory
**20.10** Next of Kin
**20.55** NCIS
**21.40** The X-Files Glæný þáttaröð með þeim Fox Mulder og Dana Scully en þau eru áfram eitt öflugasta teymið innan bandarísku alríkislögreglunnar þegar kemur að rannsóknum á dularfullum og yfirnáttúrulegum málum. Við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðustu þáttaröð þegar Miller, sonur Mulders og Skully, hvarf af yfirborði jarðar á dularfullan hátt.
**22.25** Snatch
**23.10** Real Time With Bill Maher
**00.30** Steypustöðin
**00.55** Burðardýr
**01.25** The Sandham Murders
**02.10** Bancroft
**03.00** Peaky Blinders
**04.00** Experimenter
**05.35** Friends

### STÖÐ 2 SPORT

**07.50** FA Cup 2017/2018
**09.30** FA Cup 2017/2018
**11.10** Watford - Chelsea
**12.50** Liverpool - Tottenham
**14.30** Premier League Review 2017/2018
**15.25** Messan
**16.55** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**18.35** Premier League World 2017/2018
**19.05** Stjarnan - Valur
**21.50** UFC Unleashed 2018
**22.40** NFL Gameday 17/18
**23.10** SUPER BOWL LII

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** ÍR - Þór Þ.
**08.55** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**10.35** Levante - Real Madrid
**12.15** Espanyol - Barcelona
**13.55** ÍR - Valur
**15.35** Seinni bylgjan
**17.10** Oklahoma City - L.A. Lakers
**19.05** Arsenal - Everton
**20.45** Football League Show 2017/18
**21.15** Augsburg - Frankfurt
**22.55** Þýsku mörkin 2017/2018
**23.25** Stjarnan - Valur

### STÖÐ 3

**18.00** Fresh off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Supergirl
**21.35** Arrow
**22.20** Sölumenn dauðans
**23.20** Næturvaktin
**23.50** American Dad
**00.45** Entourage
**01.10** Modern Family
**01.35** Seinfeld
**02.00** Friends
**02.25** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Gnómeó og Júlía

**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 8.24, 12.25 og 16.25**



### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Waste Management Phoenix Open
**13.00** PGA Highlights 2018
**13.55** Golfing World 2018
**14.45** Champions Tour Highlights 2018
**15.40** Omega Dubai Desert Classic
**19.35** Inside the PGA Tour 2018
**20.00** PGA Tour 2018
**23.00** PGA Highlights 2018

### STÖÐ 2 BÍÓ

**10.00** Funny People
**12.25** Song One
**13.55** Duplicity
**16.00** Funny People
**18.25** Song One
**19.55** Duplicity
**22.00** The Danish Girl Óskarsverðlaunamynd sem byggð er á sönnum atburðum. Myndin fjallar um Lili Elbe en hún var ein fyrsta manneskjan í sögunni til að undirgangast kynfæraaðgerð til að breyta kyneinkennum sínum.
**00.00** Warcraft Spennu og ævintýramynd frá 2016 sem er byggð á samnefndri tölvuleikjaseríu. Í myndinni er sagan sögð frá byrjun. Friðurinn er rofinn í landinu Azeroth þar sem menn hafa völdin þegar stríðsmenn orka frá Draenor ráðast til inngöngu í leit að nýjum heimkynnum því Draenor er smám saman að verða óbyggilegt fyrir þá. Stríð er nánast óumflýjanlegt þar sem báðar fylkingarnar eru að berjast fyrir tilveru sinni en slíkt stríð gæti að lokum leitt til þess að bæði menn og orkar þurrkuðust út fyrir fullt og allt.
**02.00** Nightcrawler
**03.55** The Danish Girl

### RÚV

**16.40** Andri á flandri í túristalandi
**17.10** Eyðibýli
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.27** Ég og fjölskyldan mín - Hassan
**18.42** Letibjörn og læmingjarnir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Nótan 2017
**21.10** Dánardómstjórinn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Glæpahneigð
**23.05** Neyðarvaktin
**23.45** Kastljós
**00.00** Menningin

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.23** Dr. Phil
**09.07** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.52** The Late Late Show with James Corden
**10.35** Síminn + Spotify
**13.15** Dr. Phil
**13.58** Playing House
**14.19** Jane the Virgin
**15.04** 9JKL
**15.28** Wisdom of the Crowd
**16.16** Everybody Loves Raymond
**16.39** King of Queens
**17.01** How I Met Your Mother
**17.24** Dr. Phil
**18.06** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.02** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Speechless
**20.08** The Fashion Hero
**21.04** The Orville
**21.51** The Gifted
**22.39** Ray Donovan
**23.34** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**01.13** CSI Miami
**01.57** The Good Fight
**02.46** Chicago Med
**03.34** Bull
**04.21** Queen of the South
**05.04** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

8. TIL 11. FEBRÚAR

# LAGERVEISLA Í HOLTAGÖRÐUM

## Á NEÐRI HÆÐINNI

### – OPNUNARTÍMI –

FIM. 8. FEB.: 11 – 20
FÖS. 9. FEB.: 11 – 19
LAU. 10. FEB.: 11 – 17
SUN. 11. FEB.: 12 – 17

### VÖRUMERKIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN | SIXMIX® | Norwegian footwear since 1920 VIKING | arena® |
| OSCAR JACOBSON | KangaROOS® | IMAC | SURFANIC |
| JESSIE GIRL | MELANIA | Piano | Tamaris |

### EINUNGIS NÍU VERÐ Í GANGI

500 kr. 1.000 kr. 2.000 kr. 3.000 kr. 4.000 kr.

5.000 kr. 6.000 kr. 7.000 kr. 9.000 kr.

## Heilsan okkar



Edda Björk Þórðardóttir
doktor í lýðheilsuvísindum

### Hvað er áfallastreita?

Eftir að við lendum í áföllum þurfum við að huga vel að okkur. Það getur verið erfitt að bera þá byrði sem áfallinu fylgir og þá er gott að geta leitað til þeirra sem við treystum best. Sumir eiga erfitt með að segja sínum nánustu frá áfallinu og velja frekar að leita til fagaðila.

Í kjölfar alvarlegs áfalls er eðlilegt að upplifa einkenni áfallastreitu. Í sumum tilvikum hverfa einkennin á fyrstu vikunum eftir áfallið en stundum vara þau lengur og ágerast jafnvel með tímanum. Þá er mikilvægt að leita sér aðstoðar fagaðila.

Áfallastreita einkennist af endurupplifun atburðarins (t.d. í formi martraða eða endurtekinna minninga); forðun frá hugsunum og tilfinningum sem tengjast áfallinu og því í umhverfinu sem tengist áfallinu; neikvæðum breytingum á hugarfari og líðan (t.d. minni áhuga eða þátttöku í mikilvægum athöfnum, eða að upplifa sig fjarlægan eða aftengdan öðrum); og aukinni örvun (t.d. pirringi, svefntruflunum og einbeitingarerfiðleikum). Þessi einkenni geta valdið verulegri skerðingu á lífsgæðum og þátttöku í daglegu lífi.

**ÁFALLASTREITA EINKENNIST AF ENDURUPPLIFUN ATBURÐARINS (T.D. Í FORMI MARTRAÐA EÐA ENDURTEKINNA MINNINGA).**

Áfallastreitueinkenni geta varað í mörg ár og jafnvel áratugi eftir að áfallið átti sér stað. Það er þó aldrei of seint að leita sér hjálpar. Sérhæfð meðferð við áfallastreitu getur borið mjög góðan árangur jafnvel þó að langur tími sé liðinn frá áfallinu.

Algengt er að þeir sem upplifa einkenni áfallastreitu finni einnig fyrir einkennum þunglyndis, kvíða og svefnvanda. Fólk sem er með áfallastreitu er því líklegra en aðrir til að leita sér heilbrigðisþjónustu vegna ofangreindra vandamála. Það er því mikilvægt að hafa í huga að stundum er áfallastreita rót þeirra vandamála. Rannsóknir hafa sýnt að hugræn atferlismeðferð hefur borið góðan árangur við meðferð á áfallastreitu.

**NIÐURSTAÐA:** Áfallastreita einkennist af endurupplifun áfallsins, forðun frá hugsunum og minningum sem tengjast áfallinu, neikvæðum breytingum á hugarfari og líðan og aukinni örvun (t.d. svefnvandamálum). Sérhæfð meðferð við áfallastreitu hefur borið góðan árangur.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**



Emilie og Guðlaug segja að heimagerða bakkelsið sé að slá í gegn hjá gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Suðurfrönsk stemming á Barónsstíg



Hópur viðskiptavina er fjölbreyttur – bæði fastagestir og erlendir ferðamenn.

Hvernig stendur á því að frönsk hjón sem eiga blómlegan rekstur í heimalandinu og það á Frönsku rívíerunni taka sig upp og flytja til Íslands og opna þar kaffihús? Svarið er einfaldlega það að þau féllu fyrir landi og þjóð og vildu prófa að búa hér. Nú geta Íslendingar kynnst heimagerðu frönsku bakkelsi á Barónstígnum af eigin raun.

Hjónin Emilie og Stephane stofnuðu sitt fyrsta kaffihús í samstarfi við vinkonu sína í miðbæ Nice í Suður-Frakklandi fyrir tíu árum. Þau vildu opna persónulegt og hlýlegt kaffihús sem mótsvar við stórum keðjum líkt og Starbucks og lögðu áherslu á heimabakað bakkelsi. Vinsældir kaffihússins jukust hratt og fljótlega bættu þau öðru kaffihúsi við í Nice og nokkrum árum síðar einu í Mónakó og enn öðru í bænum Cagnes-sur-Mer. Kaffihúsin heita í höfuðið á Emilie – Emilie and the cool kids – en áhugi hennar á bakstri varð kveikjan að stofnun kaffihúsanna.

Síðasta sumar fluttu þau hjónin ásamt dóttur sinni til Reykjavíkur og opnuðu kaffihús á horni Barónsstígs og Hverfisgötu í samstarfi við Guðlaugu Gunnarsdóttur myndlistarmann og fleiri Íslendinga. Þetta er fyrsta Emilie's kaffihúsið sem er opnað utan Frönsku rívíerunnar.

„Við kynntumst þegar ég var við nám í listaháskólanum í Villa Arson, en þar var ég að læra myndlist. Eitt leiddi af öðru og ég hvatti þau til að koma í heimsókn til Íslands, þau komu margsinnis og í gegnum mig og fleiri kynntust þau landinu með öðrum hætti en hefðbundnir túristar. Þau ákváðu svo að flytja hingað og nú erum við komin á kaf



Emilie and the cool kids er nýtt kaffihús á horni Barónsstígs og Hverfisgötu – það lætur ekki mikið yfir sér en setur samt svip sinn á Hverfisgötuna sem er óðum að fá breytta og bætta götumynd.

**FRAKKAR BORÐA MEIRA SÆTT, HÉR ER MEIRI EFTIRSPURN EFTIR MATARMEIRI SKONSUM OG ÞVÍUMLÍKU.**

í kaffihúsarekstur," segir Guðlaug og rýkur til að afgreiða kaffiþyrsta ferðamenn sem stungu sér inn í hlýjuna. Aðspurð um viðtökurnar segir Guðlaug þær vera glimrandi góðar og byggjast ekki einvörðungu á ferðamönnum og lausatraffík. „Við erum komnar með góðan hóp af fastakúnnum."

Það er svo vinaleg og ljúf stemming á þessi litla kaffihúsi að jafnvel febrúarkuldinn nær ekki að lauma kuldakrumlum sínum inn fyrir þröskuldinn. En það hljóta að vera viðbrigði fyrir þessu frönsku hjón að flytja frá rívíerunni á Hverfisgötuna?

Emilie þvertekur fyrir það. „Ég er ýmsu vön, er sjálf frá París og þar getur nú stundum orðið kalt. Veturinn hér truflar ekkert, auk þess er landið ykkar svo fallegt að það vegur upp kuldann."

Þær stöllur bjóða upp á freistandi bakkelsi, frumlegar beyglur, súpur og allar gerðir af kaffidrykkjum. En skyldi vera mikill munur á því að reka kaffihús hér og í Frakklandi? „Frakkar borða meira sætt, hér er meiri eftirspurn eftir matmeiri skonsum og þvíumlíku. Það er líka krafa um bakkelsi sem hentar vegan og við mætum því að sjálfsögðu," segir Emilie sem er alsæl með viðtökurnar og stefnir að því að kynna franskan bakstur enn frekar fyrir landi og þjóð.

astahrafnhildur@frettabladid.is



VETRARMARKAÐUR
ELLINGSEN
KLÁRAST Í VIKUNNI
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN 20-70%
MILLET
20% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
30-40% AFSLÁTTUR
ZIGZAG
50% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
30% AFSLÁTTUR
adidas
50% AFSLÁTTUR
TRESPASS
50-70% AFSLÁTTUR
Columbia
30-50% AFSLÁTTUR
HOUDINI
30% AFSLÁTTUR
ecco
30-50% AFSLÁTTUR
NIKE
30% AFSLÁTTUR
WHISTLER
70% AFSLÁTTUR
SOREL
30-40% AFSLÁTTUR
ADIDAS SKÓR
40% AFSLÁTTUR
COLUMBIA KULDASKÓR
30-50% AFSLÁTTUR
NIKE SKÓR
30% AFSLÁTTUR
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
WWW.ELLINGSEN.IS














Michael Jackson skartaði mulleti árið 1988.


George Clooney var með mullet á sínum tíma.

# Mulletið
## að komast aftur í tísku

Mullet-klippingin virðist nú vera með endurkomu en sú klipping var geysivinsæl á áttunda og níunda áratugnum. Hárgreiðslukonan **Jónína Ósk Jóhannsdóttir** er hrifin af mulletinu og segir nýja útgáfu klippingarinnar vera að koma fram á sjónarsviðið.

Það kannast flestir við frasann: „business in the front, party in the back“ sem var gjarnan notaður um sítt að aftan – eða mullet-klippinguna sem var svo vinsæl á áttunda og níunda áratugnum, bæði hjá konum og körlum. Á seinni árum hefur ekki mikið farið fyrir þeirri klippingu. En hárgreiðslukonan Jónína Ósk Jóhannsdóttir segir gömlu góðu mullet-klippinguna vera að komast aftur í tísku, þó í nýrri útgáfu.

Jónína fór á stóran viðburð í London í október í fyrra þar sem nýjustu straumar og stefnur í hárgreiðsluheiminum voru kynntar til leiks. „Ég fann fyrir sterkum áhrifum mulletsins. En sú útgáfa þeirrar klippingar sem við fengum að sjá hér á árum áður kemur reyndar líklegast aldrei aftur. Það má svo sem deila um hvort þessi klipping hafi nokkurn tímann verið klæðileg,“ viðurkennir Jónína.

„Ég myndi kalla nútíma-mulletið meira shag-greiðslu sem er eins konar blanda af 1970-rokkstíl og 1980-mulleti. En mullet getur líka verið í svo mörgum útgáfum, ýkt og svo meira látlaust. Mér finnst mulletið klárlega komið til að vera og vonast til þess að sjá fleiri slíkar klippingar úti á götu,“ segir Jónína sem er hrifin af klippingunni.


Paul McCartney tók þátt í mullet-æðinu og er meira að segja með hálfgert mullet enn þann dag í dag.


Mullet var vinsælt hjá bæði konum og körlum. Hér sjáum við Dolly Parton með mullet.


Smekklegt eður ei, allir vildu hafa mullet.


David Bowie skartaði mullet-klippingu á sínum tíma. NORDICPHOTOS/GETTY


Herbert Guðmundsson var að vinna með mulletið á sínum tíma.

### Fékk hallærislegan stimpil

Hún segir sítt að aftan-greiðsluna vera eins konar yfirlýsingu. „Ef þú klippir á þig mullet þá ertu klárlega að taka ákvörðun um að skarta ákveðnum stíl. En mullet fékk á sig hallærislegan stimpil og fólk verður oft hrætt þegar maður stingur upp á því að klippa mullet. En góð útgeislun er oft nóg til að sannfæra náungann um að ákveðin klipping sé ekki hallærisleg.

Jónína verður þess vör að fólk sé orðið óhræddara við að skarta óvenjulegum klippingum, óháð því hvað sé í tísku þessa stundina. „Fjölbreytileikinn fær að njóta sín mun meira. Tískan í dag er að vera þú sjálfur. Mér hefur alltaf þótt mullet vera svona ljótt/flott, það er bara eitthvað sem heillar mig við það.“

gudnyhronn@frettabladid.is

## DORMA KYNNIR

# SIMBA®

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

## Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims.

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps. Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.




### Simba-kassinn

Ótrúlegt en satt. Simba dýnan þín kemur í kassa sem er 1,05 x 0,5 x 0,5 m. Háþróuð tæknin sem notuð er til að pakka henni með þessum hætti tryggir að þegar þú hefur tekið hana úr kassanum þenur hún sig út á fáeinum klukkustundum og verður aftur jafn fjaðrandi og þegar henni var pakkað.







VARA ÁRSINS 2018
HEILSUDÝNUR
BRETLAND

Kjörin heilsudýna ársins á meðal 10.637 þátttakenda í neytendakönnun KANTAR TNS í Bretlandi

### Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

| | |
|---|---|
| 80 x 200 cm | 64.900 kr. |
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 100 x 200 cm | 79.900 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.990 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.990 kr. |

**Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á**

**www.simba.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

**www.dorma.is**

DORMA
Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*



Hugmyndin varð til í gegnum verkefni í háskólanum en er nú fyrirtæki með mikla sérstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Eru vel tengdir hverri einustu plöntu

**Fyrirtækið Jurt Hydroponics fór í gegnum viðskiptahraðalinn Startup Reykjavík árið 2015 og er nú annar tveggja framleiðenda wasabi í Evrópu, en þessi japanska planta er ekki auðræktuð. Fyrirtækið stefnir á að hefja útflutning til allra Norðurlandanna á þessu ári.**

Við byrjuðum 2015 á þessu í gegnum háskólann. Við vorum upphaflega bara að vinna verkefni um hvernig væri hægt að nota auðlindirnar sem við höfum hérna á Íslandi til útflutnings. Þá fórum við svolítið að skoða hvaða ræktunarafurðir væru í boði og lentum á þessu eftir svolitla leit,“ segir Sindri Hansen, annar stofnenda Jurt Hydroponics sem framleiðir wasabi-jurtina undir merkjum Nordic Wasabi. Með honum í framleiðslunni er Ragnar Atli Tómasson.

Þeir fóru í gegnum Startup Reykjavík viðskiptahraðalinn með hugmyndina árið 2015 og segjast hafa grætt helling á því.

„Maður lærði eitthvað nýtt á hverjum degi og þetta kom okkur ótrúlega vel af stað. Það kom sér líka mjög vel eftir prógrammið þegar við vorum að kynna okkur fyrir fjárfestum og fleirum. Þetta er mjög góður stimpill.“

Fisk- og Grillmarkaðinum kynntust þeir mjög snemma í ferlinu enda hreifst Hrefna Sætran, eigandi staðanna, strax af hugmyndinni um að geta notað íslenskt wasabi, bæði vegna þess hve sérstakt hráefnið er og að það er íslensk framleiðsla. Þeir segja að wasabi sé ekki bara meðlæti með sushi heldur sé hægt að nota það í steikur og með öllum fiski – það sé einstaklega vinsælt í alls konar „fusion“ matargerð. Einnig er wasabi notað í kokteila – á Fisk- og Grillmarkaðinum er það til dæmis notað í Nordic wasabi martini og svo er á Fiskmarkaðinum boðið upp á Wasabi mule, sem er eins og klassíski kokteillinn Moscow mule nema með wasabi.

> **VIÐ ERUM SVONA EINS OG SAUÐFJÁRBÆNDURNIR OG ÞEKKJUM HVERJA EINUSTU PLÖNTU MEÐ NAFNI.**

„Við erum núna byrjaðir að selja í Danmörku og stefnum á að selja í öllum Norðurlöndunum núna á þessu ári,“ segir Sindri aðspurður hvernig gangi að selja wasabi-ið utan Íslands. Þeir eru í dag aðrir af tveimur ræktendum wasabi í Evrópu – en langstærstur hluti wasabiframleiðslunnar fer auðvitað fram í Japan þaðan sem plantan er ættuð.

Framleiðslan fer fram í gróðurhúsi á Egilsstöðum, en wasabi er oft sögð vera erfiðust allra plantna að rækta, þannig að það er ekkert verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.

„Stærsta vandamálið við ræktunina er að plantan er gríðarlega viðkvæm og þarf mjög þröng umhverfisskilyrði til að þrífast, annars drepst hún. Þetta er ræktað í hátæknigróðurhúsi. Þar eru stýringar og allt saman sjálfvirkt og nettengt, þannig að við erum bara með þetta í símanum okkar á meðan við erum hérna á skrifstofunni í Reykjavík. Við erum reyndar með starfsmann fyrir austan,“ segir Ragnar og bætir við að það þurfi um 400 lítra af vatni fyrir hvert kíló af wasabi – þannig að það megi kalla þetta vatnsútflutningsfyrirtæki í rauninni.

Plantan þarf kaldara loftslag en flest grænmeti sem framleitt er í gróðurhúsum hér á landi – það er oftast ræktað við 30 gráður á meðan wasabi plumar sig best við um 15 gráður – þannig að íslenska loftslagið hentar ágætlega.

*Er wasabi-ið algjörlega búið að hitta ykkur í hjartastað?* „Algjörlega. Við erum búnir að lifa og hrærast í þessum wasabi-heimi síðan 2015, það er orðinn svolítill tími með plöntunni,“ segir Sindri og Ragnar bætir við að þeir hafi sett niður hverja einustu plöntu í gróðurhúsinu, „þannig að við erum vel tengdir plöntunum“.

„Við erum svona eins og sauðfjárbændurnir og þekkjum hverja einustu plöntu með nafni,“ játar Sindri.

Aðspurðir um hver munurinn á wasabi-plöntunni og þessu græna jukki sem er í boði á sushi-stöðum bæjarins sé kemur þessi væntumþykja þeirra í garð plöntunnar skýrt í ljós og ekki stendur á svörum:

„Munurinn á því er að borða hundrað prósent hreint grænmeti, sem er okkar afurð, versus mjög unna verksmiðjuframleiðslu með matarlit.“

Þeir segja bragðið töluvert ólíkt þó að „kikkið“ sé til staðar í báðum afurðunum.

„Það er miklu meira sinnepsbragð af þessu „fake“ wasabi – en það er meira náttúrulegur sætur undirtónn og jarðbragð af alvöru wasabi.“

Startup Reykjavík viðskiptahraðallinn hefst þann 11. júlí en opnað hefur verið fyrir umsóknir.

**stefanthor@frettabladid.is**















**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

## 10 ORIGINAL KJÚKLINGALEGGIR

# SÍGILD SÆLA




IT'S FINGER LICKIN' GOOD

**VEISLAN HELDUR ÁFRAM Í FEBRÚAR!**

2.490 kr.

KFC®

PIPAR\TBWA • SÍA • 174863



## DC 6000 XL

Vandaður tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Steingrátt slitsterkt áklæði. (Ath fætur viðalitir)
Stærð: 258 x 149 x 83 cm

**259.990 kr.** ~~359.990 kr.~~

IDdesign

HÚSGAGNA HÖLLIN

# 5 DAGA HELGAR-SPRENGJA

Frá fimmtudegi til mánudags, 8.–12. febrúar




Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafirði
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is



## HAWK

Borðstofustóll, svart áklæði eða ljósbúnt eða svart PU áklæði.

**19.990 kr.** ~~34.990 kr.~~



## HUNTINGTON

Borðstofustóll. Cowboy grátt eða svart microfiber áklæði og svartir fætur.

**9.990 kr.** ~~15.990 kr.~~

## NET-BÆKLINGURINN

Kíktu inn á husgagnahollin.is og flettu net-bæklingnum.
Fjöldi glæsilegra vara á góðu tilboði á HELGARSPENGJUNNI.

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.*



## GLOBE
Þægilegur heimilisvinur með stillanlegu baki, hnakkapúða og snúningsfæti. Skammel selt sér. Fáanlegur í ljósgráu, silfurlitu eða laxableiku Evita-áklæði. Stærð: 78 × 80 × 113 cm

Stóll
**140.000 kr.** ~~219.990 kr.~~

Skemill
**34.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

Stóll og skemill
**174.990 kr.** ~~169.980 kr.~~

CONFORM®

## VENICE
2ja og 3ja sæta sófi. Fáanlegir bæði í svörtu leðri og dökkgráu og bláu sléttflaueli.
Stærð 2ja sæta sófi:
156 x 85 x 89 cm
Stærð 3ja sæta sófi:
184 x 85 x 89 cm



2ja sæta sófi leður
**89.990 kr.** ~~129.990 kr.~~

3ja sæta sófi leður
**109.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

2ja sæta sófi flauel
**39.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

2ja sæta sófi flauel
**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



## MAX
U-sófi í gráu og ljósgráu áklæði.
Stærð: 286 x 200 x 87 cm

**109.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

## STILO
Hægindastóll með skammeli. Fáanlegur í þremur litum í Savoy leðri og þremur litum í sléttflaueli.



Stilo hægindastóll í leðri með skammeli
**169.990 kr.** ~~239.980 kr.~~

Stilo hægindastóll í flaueli með skammeli
**119.990 kr.** ~~174.980 kr.~~





VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Ökuréttindi ekki mannréttindi

Íbúar höfuðborgarsvæðisins fengu í fangið vænan skammt af óblíðri náttúru norðurskautsins þegar þeir fóru á fætur einn morguninn í vikunni. Það hafði snjóað talsvert í upphafi þorrans og það kom okkur að sjálfsögðu verulega á óvart. Umferð úr nágrannasveitarfélögum sem alla jafna er nokkuð þung á álagstímum inn til Reykjavíkur gekk vægast sagt hörmulega. Þúsundir ökumanna sátu fastir í stíflunni og fengu þeir þar nægan tíma til að hugleiða landsins gagn og nauðsynjar.

Eitt af því sem hvarflaði að mér er ég sat í bílaröðinni þennan dag var hvort það væri mögulegt að einhverjir þessara ökumanna væru ekki hæfir til vera með ökuréttindi. Í dag er það þannig að nánast hver sem er getur aflað sér slíkra réttinda. Sjálfur veit ég um nokkra sem náð hafa prófinu þrátt fyrir að vera langt fyrir neðan meðalgreind. Persónulega var ég afleitur námsmaður á sautjánda aldursári en náði samt bóklega prófinu í fyrstu tilraun. Það segir mér að eitthvað sé að kerfinu okkar.

Síðan er það staðreynd að greindarvísitala fer ekki sjálfkrafa hækkandi eftir því sem við verðum eldri. Það er algengur og leiðinlegur misskilningur. Margt fólk sem af ýmsum ástæðum mætir aldrei neinum áskorunum í lífinu verður einungis heimskara með hverju ári sem líður og það sjáum við því miður allt í kringum okkur. Slíkir ökumenn verða hreinlega stórhættulegir í tækjum sem þeir ráða ekkert við þegar aðeins fer að frysta á helstu umferðaræðum borgarinnar. Borgarlína og sjálfkeyrandi bílar eru því hvort tveggja eitthvað sem við ættum öll að fagna. Við getum allavega sameinast um það.








